


**RÓSA TRYGGVADÓTTIR**

*Gerir alls kyns tilraunir á pitsum í eldhúsinu*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR**

*Nautnalíf í Manchester*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






**SARA MARÍA EYÞÓRSDÓTTIR**

*Með apavörur til London*

Gerir boli fyrir London Airwaves í samstarfi við Jónsson & Le'Maacks

FÓLK 42


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. september 2008 — 248. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

**Búinn að slíta barnsskónum**



Borgaskóli fagnar tíu ára afmæli í dag með karnivalstemningu.

TÍMAMÓT 24



**Kvartað yfir Kynlífsbiblíu**

Auglýsingar vegna Kynlífsbiblíunnar valda uppnámi.

FÓLK 42

**Nýir tímar fyrir neytendur**

„Fólk sem lendir í efnahagsáföllum þarf að fá rýmri möguleika til að koma undir sig fótunum á ný," skrifar Björgvin G. Sigurðsson.

UMRÆÐAN 22

**Óskiljanleg gagnrýni**



Leikmenn og þjálfari landsliðsins skilja ekkert hvað Grétar Rafn Steinsson meinar er hann gagnrýnir KSÍ fyrir umgjörðina í kringum landsliðið.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NORÐAUSTAN TIL** í dag verða sunnan 3-10 m/s en suðaustan 8-13 m/s syðra með kvöldinu. Þurrt norðaustan til, annars skýjað og smáskúrir. Rigning sunnan til í kvöld. Milt í veðri.

VEÐUR 4

# Gjaldþrot blasir við ferðaskrifstofunni XL og Atlas selt

**Aðjúnkt segir Björgólfsfeðga fremur vera að bjarga Landsbankanum og Straumi en Eimskip. Söluferli hafið á kæligeymslufyrirtækinu Versacold Atlas. Ábyrgðir geta fallið vegna gjaldþrots XL Leisure Group.**

**VIÐSKIPTI** Gjaldþrot blasti við bresku ferðaskrifstofunni XL Leisure Group, fyrrum dótturfélagi Eimskips, í gærkvöld og er óvíst hvort söluskrifstofur fyrirtækisins verði opnaðar í dag.

Stærstu lánardrottnar eru Straumur og Barclays. Eimskip seldi félagið í október 2006 til stjórnenda þess og hóps fjárfesta fyrir um 40 milljarða. Við söluna gekk Eimskip í ábyrgð fyrir láni að upphæð 26 milljarða, en eins og fram hefur komið er sú ábyrgð enn í fullu gildi og tilkynntu Björgólfsfeðgar í vikunni að þeir hygðust veita Eimskip víkjandi lán, kæmi til þess að krafan félli á fyrirtækið.

Tap Eimskips nam rúmum tuttugu milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum rekstrarársins. Á þriðja ársfjórðungi nam tap Eimskips 19,9 milljónum evra, eða hálfum þriðja milljarði króna, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gærkvöldi.

Formlegt söluferli á kanadíska fyrirtækinu Versacold Atlas er hafið undir stjórn kanadískra banka. Það er stærsta félag sinnar tegundar í heiminum og starfrækir meðal annars um 120 kæli- og frystigeymslur víða um heim.

Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands, segir að markmið Björgólfsfeðga með því að segjast ábyrgjast kröfuna virðist frekar hafa verið að bjarga Landsbankanum og Straumi en að bjarga Eimskip. „Þessi krafa hefði á endanum fallið á Landsbankann og Straum og örugglega valdið þeim erfiðleikum," segir Vilhjálmur. Hann gagnrýnir að Kauphöllin hafi fært bréf í Eimskip af athugunarlista, þar sem mörgum spurningum sé enn ósvarað. „Yfirlýsing aðila um þeir hyggist gera eitt og annað getur ekki verið nóg ein og sér. Í því er engin skuldbinding falin," segir hann.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, segir ekki ákveðið hvort láninu verði breytt í hlutafé. Hann segir málin munu skýrast fljótt.

XL Leisure er þriðja stærsta ferðaskrifstofa Bretlands. Félagið var áður leiguflugs- og ferðaþjónustuhluti Avion Group, en stjórnarformaður þess var Magnús Þorsteinsson. XL hefur verið helsti bakhjarl enska knattspyrnufélagsins West Ham í London, en það er einmitt í eigu Björgólfs Guðmundssonar. **- bih**



**Á GÖNGUM LANDSPÍTALANS** Lárus Gunnarsson og Sonja Viðarsdóttir reyndu að hvílast ásamt um það bil sjö klukkustunda gamalli dóttur sinni á göngum Landspítalans í gær. Lárus sagði það hafa tekið mjög á að vera vísað frá sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ um miðnætti. Fæðingin hefði gengið hratt og förin um Reykjanesbrautina reynt mjög á taugarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjaradeilan komin í hart:

## Ríkið stefnir ljósmæðrum

**KJARAMÁL** Eina útspil ríkisins í kjarasamningum við ljósmæður síðustu tvær vikur var þegar þeim var stefnt fyrir ólöglegar fjöldauppsagnir fyrir helgi, segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Félags ljósmæðra. Hún undrast að fjármálaráðherra kæri viðsemjendur sína. Ljósmæður funduðu í gærkvöldi með lögmanni vegna þessa.

Verkfall ljósmæðra er skollið á að nýju og á sængurkvennadeild Landspítala eru foreldrar með nýfædd börn sín úti á göngum. Herbergi eru einnig þéttsetin. Álag á starfsfólk og skjólstæðinga deildarinnar hefur verið sérlega mikið.

Fæðingar hafa verið óvenju margar á spítalanum upp á síðkastið því landsbyggðarfólk hefur þurft að sækja þangað.

**- kóþ, kdk /** **sjá síðu 6**

Forsætisráðherra og Seðlabankastjórum ber ekki saman um gjaldeyrisskiptasaming:

## Skiptasamningur gildir til áramóta

**EFNAHAGSMÁL** „Samningarnir ná til áramóta," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um tæplega 200 milljarða króna gjaldeyrisskiptasamninga sem Seðlabankinn gerði í vor við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Litið er á samningana sem hluta af gjaldeyrisforða þjóðarinnar, sem í heild nemur um 500 milljörðum króna.

Geir segir tímamörkin eðlileg; ekki megi ætlast til ótímabundinna skuldbindinga af öðrum. Hann bendir líka á að samningana megi framlengja. Viðræður um það séu ekki hafnar.

„Ég hygg að þeir séu ekki með bindingu ef ég man rétt," sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri á stýrivaxtafundi í gær, þegar hann var spurður um málið. „Sjálfsagt geta okkar góðu kollegar óskað eftir breytingum á því ef það verður," sagði Davíð og minntist þess ekki að klukkur gengju.

Ingimundur Friðriksson Seðlabankastjóri sagði á fundinum að ekki hefði staðið til að upplýsa frekar um samkomulagið en þegar hefði komið fram, en sagði rétt munað, þegar Davíð innti hann eftir því.

Ólafur Ísleifsson lektor segir að það kæmi á óvart ef samningarnir yrðu ekki endurnýjaðir. **- ikh**


TENGI

Tilboð

Innbyggður kassi og upphengt salerni




44.900,-

Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76, Kópavogi, Sími 414 1000 | Baldursnesi 6, Akureyri, Sími 414 1050



Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

6 tommu bátur 329 kr.

Gildir í sept 2008

SUBWAY

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill



Amerískir dagar

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, óttist þið ekki háa tolla af innflutningi á Eika Hauks?*

„Það er nú það. Það er auðvitað bannað að flytja inn rautt kjöt.“

Baggalútsmenn ætla að flytja hinn rauðhærða Eirík Hauksson sérstaklega inn frá Noregi til að syngja á væntanlegri breiðskífu hópsins. Guðmundur Pálsson er meðlimur í Baggalúti.

Nær sextíu lögreglumenn í Reykjanesbæ gerðu húsleit hjá hælisleitendum:

# Hald lagt á vegabréf og peninga

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla lagði hald á vegabréf, önnur persónuskilríki, ýmis skjöl og 1,6 milljónir króna í húsleitum sem gerðar voru í gær á sjö dvalarstöðum hælisleitenda í Reykjanesbæ. Fjármunirnir voru í ýmsum gjaldmiðlum.

Nær sextíu lögreglumenn tóku þátt í aðgerðinni og var leitað hjá 42 hælisleitendum.

Meginmarkmið aðgerðanna var að leita persónuskilríkja og gagna til að bera kennsl á hælisleitendur. Lögregla segist hafa rökstuddan grun um að hælisleitendur komi slíkum gögnum undan og framvísi þeim ekki meðan á hælismeðferð stendur. Húsleitirnar voru árangursríkar, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Aðgerðin fór fram á grundvelli úrskurða Héraðsdóms Reykjaness. Lögregluembættin á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, ásamt ríkislögreglustjóra, tóku þátt í henni, og kom Útlendingastofnun að undirbúningnum.

Atli Viðar Thorstensen hjá Rauða krossi Íslands segir að alltaf komi fyrir að einhverjir hælisleitendur framvísi ekki réttum pappírum, eða hafi ekki tök á því. „En við leggjum áherslu á að hvert mál er einstakt og þau beri að rannsaka eftir því,“ segir Atli Viðar. **- jss, kóþ**



**LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM** Samtals 58 lögreglumenn tóku þátt í húsleitum á sjö stöðum í Reykjanesbæ.

Eftirlýstur og flúinn úr landi:

# Eftirlitið var ekki látið vita

**LÖGREGLUMÁL Ivan Konovalenko, sem var eftirlýstur af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, slapp úr landi í fyrrakvöld.**

**Lögreglunni láðist að láta landamæradeildina á Suðurnesjum vita af manninum og gekk hann óáreittur í gegnum landamæraeftirlitið í Keflavík.**

**„Það stóð til að láta vita af honum og auðvitað hefði verið hyggilegra að vera búinn af því, en svona er þetta,“ segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. Lítill tími hafi verið til umráða. Konovalenko er grunaður um aðild að stórfelldri líkamsárás um síðustu helgi. - kóþ, jss**

Endurreisn kjarasamninga:

# Aðkoma stjórnvalda í vinnslu

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir ótímabært að fjalla um hvaða efnahagslegu áhrif gætu fylgt hugsanlegum aðgerðum stjórnvalda til að reisa við forsendur kjarasamninga.

„Það er ekki tímabært ennþá að fjalla um það. Aðilar vinnumarkaðarins eru að tala saman og það er fínt, við fögnum því, en það hefur ekki borist neitt frá þeim til okkar. Og við erum auðvitað að vinna okkar vinnu og með í undirbúningi það sem að okkur snýr, óháð því sem þeir eru að gera,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið. **- bþs**

Óbreyttir stýrivextir Seðlabanka:

# Enginn frostavetur fram undan

**EFNAHAGSMÁL „Við teljum að þó að það verði hér samdráttur, sem við segjum að sé nauðsynleg aðlögun eftir þá miklu spennu sem hér hefur ríkt, þá teljum við okkur ekki vera að fara í neinn frostavetur,“ sagði Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, við kynningu stýrivaxtaákvörðunar í gær.**

**Bankinn tilkynnti þá að stýrivextir yrðu óbreyttir, 15,5 prósent.**

**Davíð Oddsson sagði jafnframt að Seðlabankinn teldi að verðbólga væri nærri hámarki og að hún ætti eftir að hjaðna hratt á næsta ári.** **- ikh /** **sjá síðu 16**

## TÉKKLAND

### Samið um eldflaugavarnir

Ríkisstjórn Tékklands samþykkti í vikunni seinni hluta samnings við Bandaríkin um eldflaugavarnir. Þjóðþing landsins á þó eftir að staðfesta samninginn, en á þingi hefur hann ekki átt mikinn stuðning.

# Sá grunaði dæmdur fyrir að ræna barni

**Maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa áreitt stúlkubarn kynferðislega um síðustu helgi í húsi við Grettisgötu, hafði áður hlotið dóm fyrir að ræna fjögurra ára stúlku. Hann hefur hlotið nokkra dóma fyrir húsbrot.**

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem læddist inn í hús við Grettisgötu að næturlagi aðfaranótt laugardagsins síðastliðins og er nú grunaður um að hafa áreitt stúlkubarn kynferðislega hefur hlotið refsidóma fyrir húsbrot og sætt rannsóknum vegna kynferðisbrotamála.

Þetta er sami maður og læddist inn í hús að næturlagi á Seyðisfirði og gerði tilraun til að ræna fjögurra ára dóttur húsráðenda, eftir að hann hafði tekið hana sofandi upp úr rúmi sínu.

Heimilisfaðirinn hafði heyrt þrusk á heimili sínu skömmu eftir klukkan eitt um nóttina. Skömmu síðar heyrði hann umgang og gekk fram til að vita hverju það sætti. Útidyrnar stóðu þá opnar og maður var á leið frá húsinu með fjögurra ára dóttur hans í fanginu. Faðirinn hljóp til og náði að hrifsa barnið úr fanginu á aðkomumanninum í garði hússins. Húsbrotsmaðurinn lét sig þá hverfa út í nóttina.

Lögreglan náði manninum skömmu síðar ráfandi um bæinn. Reyndist hann vera aðkomumaður á Seyðisfirði sem gisti hjá ættingjum. Taldi lögregla við handtökuna að maðurinn væri undir áhrifum lyfja eða annarra vímuefna.

Embætti ríkissaksóknara ákærði manninn síðan fyrir húsbrot og brot gegn frjálsræði manna. Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi.

Athæfi mannsins á Grettisgötu aðfaranótt síðastliðins laugardags var með mjög svipuðum hætti og það sem að ofan greinir. Grunur leikur á að hann hafi komist inn í húsið við Grettisgötu gegnum glugga. Kona var ein heima ásamt sex ára stúlkubarni þegar maðurinn braust inn í húsið. Konan var í fasta svefni en vaknaði við að einhver var á ferli í íbúðinni. Hún fór á stjá og mætti þá ókunnugum manni. Hann lagði á flótta þegar hann sá hana.

Lögreglan hóf þegar í stað leit að manninum og fann hann síðdegis á mánudag. Maðurinn, sem er um fertugt, var yfirheyrður að handtöku lokinni. Hann var síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald til 29. september. Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar málið. Rannsóknin snýr meðal annars að því hver afskipti mannsins af barninu hafi verið. **jss@frettabladid.is**



**GRETTISGATA** Maðurinn sem situr nú í gæsluvarðhaldi komst að líkindum inn um glugga á húsi við Grettisgötu. Hann er grunaður um kynferðislegt áreiti gegn lítilli stúlku sem þar var. Húsin sem sjást á myndinni eru óviðkomandi atburðinum.



**VERTAR** Stefán Ragnarsson, Óli Jón Ólafsson og Gunnar Már Geirsson á Hótel Hvolsvelli. MYND/BJÖRGVIN ÓSKARSSON

Kósíkvöld á Hvolsvelli:

# Stefnumót fyrir einhleypinga

**MANNFAGNAÐUR** Hótel Hvolsvöllur efnir til stórs stefnumóts einhleypra annað kvöld. Þar verður hægt að dorma í heitum pottum áður en fordrykkur og síðan kvöldverður er borinn fram við kertaljós og kósíheit og síðan stíga dans við lifandi tónlist.

„Ég mun raða til borðs en blanda mér ekkert í hverjir gista saman og gef fólki leyfi til að ráfa milli herbergja. Aldurstakmark er 25 ár svo hér er um fullþroskað fólk að ræða,“ segir hótelstjórinn Óli Jón Ólafsson, sem kveðst þó vona innst inni að einhver finni sér framtíðarmaka. **- gun /** **sjá Allt í miðju blaðsins**

Slagur milli Stöðvar 2 og RÚV:

# Innlendir þættir á sama tíma

**FÓLK Hinn 21. september frumsýnir Stöð 2 fyrsta þátt Dagvaktarinnar. Þættirnir verða á dagskrá á sunnudagskvöldum. Spennuþáttaröðin Svartir englar verður á dagskrá á nákvæmlega sama tíma hjá Ríkissjónvarpinu.**

**Þættirnir verða frumsýndir 21. september. Pálmi Gunnarsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segir þetta gert til höfuðs Stöðvar 2 en Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, segir svo ekki vera.** **- jbg /** **sjá síðu 42**




Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, um hugmyndir í efnahagsmálum:

# Enginn beðinn um afstöðu

**EFNAHAGSMÁL** Ef Samtök atvinnulífsins, SA, og Alþýðusamband Íslands, ASÍ, ná samstöðu um heildarsýn á aðgerðir í efnahagsog atvinnumálum og þróun kjaramála til þess að stuðla að stöðugleika og hagvexti í framtíðinni þarf að hefja viðræður við ríkisstjórnina á þeim grunni. Þetta kemur fram í grein Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA, á vef samtakanna.

„Ekki hefur enn reynt á það hvort nauðsynleg samstaða næst en á það verður látið reyna,“ segir Vilhjálmur. „Það þarf líka að hafa í huga að afstaða til einstakra mála í viðræðum af þessu tagi fer í ýmsum tilvikum eftir því hvernig þau falla inn í heildarmyndina og hvort hún skapar þær raunhæfu framtíðarvæntingar um stöðugleika og hagvöxt sem sóst er eftir.“

Í fjölmiðlum hefur komið fram að SA hafi kynnt tólf punkta hugmyndir að stöðugleika fyrir forystumönnum innan ASÍ. Í tillögunum er meðal annars gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður verði lagður niður og hafa forystumenn innan verkalýðshreyfingarinnar þegar hafnað því.

Vilhjálmur segir að SA hafi unnið sína heimavinnu og velt upp margvíslegum hugmyndum. Fjölmiðlaumfjöllun sé „ótímabær vegna þess að viðræðurnar eru svo skammt komnar og enginn verið beðinn um að taka afstöðu til þeirra, hvorki innan SA né ASÍ og hvað þá að sameiginleg afstaða hafi verið mótuð“. **- ghs**



**SKAMMT KOMIÐ** Vilhjálmur Egilsson segir viðræðurnar skammt á veg komnar.

# Svona hlutir gerast ekki á hverjum degi

Á næstu vikum munum við flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði. Af því tilefni bjóðum við nú takmarkað magn af völdum Mercedes-Benz bifreiðum af lager á allt að sjö milljón króna lægra verði en áður. Það hljóta að vera ein bestu bílakaup sem um getur hér á landi fyrr og síðar.

**Mercedes-Benz A-Class · C-Class · E-Class · M-Class · SLK · CLS**

Nú er tækifærið til að festa kaup á glæsilegum bíl á frábæru verði. Komdu í heimsókn að Laugavegi 170. Sölumenn okkar taka vel á móti þér.




ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

**AÐEINS TVEIR DAGAR EFTIR!**

Mercedes-Benz



## GENGIÐ 11.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 90,83 | 91,27 |
| Sterlingspund | 158,84 | 159,62 |
| Evra | 126,43 | 127,13 |
| Dönsk króna | 16,954 | 17,054 |
| Norsk króna | 15,629 | 15,721 |
| Sænsk króna | 13,297 | 13,375 |
| Japanskt jen | 0,8494 | 0,8544 |
| SDR | 139,17 | 139,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
167,6603

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Suður-Ossetíustríðið kostaði um hundrað almenna borgara lífið:

# Engin áform um innlimun

**RÚSSLAND, AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði í gær að íbúar Suður-Ossetíu hefðu ekki í hyggju að láta innlima sig í Rússland.

Fyrr um daginn hafði Eduard Kokoity, leiðtogi Suður-Ossetíu, sagt að Suður-Ossetía ætlaði ekki að vera sjálfstætt ríki til frambúðar, heldur verða hluti af Rússlandi. Síðar um daginn dró hann svo þessi orð sín til baka og sagði af og frá að Suður-Ossetía yrði partur af Rússlandi.

„Ég hef sennilega verið misskilinn,“ sagði hann.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch sögðust í gær hafa fengið það staðfest að um eitt hundrað almennir borgarar hefðu farist í stríði Rússa og Georgíumanna um Suður-Ossetíu í síðasta mánuði.

Tatiana Lokshina, rússneskur fulltrúi samtakanna, segir þetta niðurstöðuna af heimsókn sinni til Suður-Ossetíu, þar sem hún fór á sjúkrahús og í kirkjugarða og ræddi við íbúa.

Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, réttlætti í gær hörð viðbrögð rússneska hersins við innrás Georgíuhers í Suður-Ossetíu.

„Þegar skriðdrekum, eldflaugavörpum og þungavopnum er beitt gegn okkur, eigum við þá að nota teygjubyssur?“ spurði Pútín. „Hvað er hæfileg beiting valds?“ **- gb**



**RÚSSAR Í SUÐUR-OSSETÍU** Leiðtogi Suður-Osseta varð tvísaga um áform héraðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír handteknir á Akureyri:

## Tóku kannabisefni og e-töflur

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók þrjá karlmenn og lagði síðan hald á nokkurt magn af fíkniefnum í húsleit sem gerð var skömmu síðar.**

**Handtökurnar áttu sér stað á miðvikudagskvöld. Mennirnir voru handteknir vegna gruns um fíkniefnamisferli. Í framhaldinu var svo gerð húsleit á Akureyri.**

**Þar fundust 160 grömm af kannabisefnum, nokkrar e-töflur og nokkur grömm af amfetamíni. Auk þess voru tæki og tól til fíkniefnaneyslu haldlögð. Mennirnir voru látnir lausir að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst. - jss**



**OLÍUBORPALLUR** Verð á innfluttri olíu jók viðskiptahallann í Bandaríkjunum í júlí.

Óvæntur halli á vöruskiptum:

## Olíuverð skekkir vöruskiptatölur

**VIÐSKIPTI** Halli á vöruskiptum í Bandaríkjunum nam 62,2 milljörðum dala, jafnvirði rúmra 5.600 milljarða króna, í júlí, samkvæmt gögnum bandaríska viðskiptaráðuneytisins, sem birt voru í gær.

Niðurstaðan, sem er 5,7 prósenta aukning á milli mánaða, er nokkuð meiri en gert var ráð fyrir. Mismunurinn skýrist af mikilli verðhækkun á innfluttri olíu í mánuðinum en olíufatið fór þá hæst í rúma 147 dali.

Hefðu olíutölurnar verið undanskildar útreikningunum hefðu vöruskipti orðið svo jákvæð að slíkar tölur hefðu ekki sést í tæp sex ár, að sögn Bloomberg.

Viðlíka halli á vöruskiptum hefur ekki sést vestanhafs síðan í mars í fyrra. **- jab**

## LEIÐRÉTTING

Steindu gluggarnir í Hallgrímskirkju eru ekki eftir Gerði Helgadóttur eins og fram kom í blaðinu á sunnudag. Annar glugginn er eftir Leif Breiðfjörð en hinn Guðmund frá Miðdal.

# Ráðherra telur uppbyggingu flutningsþjónustu eðlilega

**Kristján L. Möller telur eðlilegt að Íslandspóstur byggi upp flutningaþjónustu í samkeppni við einkarekin fyrirtæki og verji milljarði til nýrra pósthúsa. Sala fyrirtækisins hefur ekki verið rædd í ríkisstjórn.**

**SAMGÖNGUMÁL** Kristján L. Möller samgönguráðherra telur uppbyggingu Íslandspósts á samskipta- og flutningamarkaði eðlilega þróun fyrirtækisins til framtíðar, og hafnar því að einkaleyfi fyrirtækisins sé nýtt til að niðurgreiða samkeppnisrekstur. Hann segir póstþjónustu hafa þróast með þeim hætti að ekki sé undan því komist að breyta þjónustu í dreifðum byggðum.

Íslandspóstur, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, hyggur á sókn á flutninga- og samskiptamarkaði og hefur endurskilgreint hlutverk sitt og starfsemi frá því að sinna almannaþjónustu að stærstum hluta.



**KRISTJÁN L. MÖLLER**

„Já, þetta er eðlilegt enda ekkert sem bannar opinberu hlutafélagi að stunda svona atvinnustarfsemi, enda er hún stunduð á frjálsan og eðlilegan hátt. Einkaleyfishlutanum er haldið aðskildum frá þessum rekstri,“ segir Kristján spurður hvort eðlilegt sé að hlutafélag í ríkiseigu beiti sér í samkeppni við einkarekin fyrirtæki á flutningamarkaði.

Íslandspóstur hefur ráðist í byggingu tíu pósthúsa sem eru sérhönnuð með þarfir flutningafyrirtækis í huga, eins og kemur fram í ársskýrslu 2007. Kostnaður er áætlaður rúmlega milljarður króna. Kristján segir ekki um vöruflutningamiðstöðvar að ræða, eins og er skilningur forsvarsmanna einkarekinna flutningafyrirtækja. „Þetta eru einfaldlega nútímaleg pósthús sem geta tekið við þeim vörum sem fólk flytur með fyrirtækinu. Þetta er nútíminn; húsin eru glæsileg og leysa úreltar byggingar af hólmi.“ Hann segir uppbyggingu Íslandspósts heldur ekki hamla rekstri einkarekinna fyrirtækja og hafnar þeirri gagnrýni alfarið að verið sé að nýta skattfé almennings til að niðurgreiða samkeppni og byggja upp flutningafyrirtæki á vegum ríkisins.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri-grænna, segir Íslandspóst vera að hverfa frá þjónustuskyldum sínum úti um land og niðurskurði sé beitt mjög harkalega. „Það er augljóst að verið er að búa fyrirtækið undir sölu. Ég kalla eftir því að samgönguráðherra taki þetta föstum tökum og að þetta verði tekið upp á Alþingi.“

Kristján svarar gagnrýni Vinstri-grænna með því að benda á að póstflutningar hafi breyst svo mikið að útilokað sé að reka þjónustustöðvar með sama hætti og undanfarin ár. Í stað þeirra komi landpóstar sem bæti þjónustuna í mörgum tilvikum. Hvað sölu á fyrirtækinu varðar segir hann engar ákvarðanir hafa verið teknar innan ríkisstjórnarinnar um það mál. **svavar@frettabladid.is**




**PÓSTURINN** Kristján hefur mælst til þess að pósthúsum verði ekki lokað fyrr en háhraðatengingar hafa verið settar upp í viðkomandi byggðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HORFUR UM HELGINA**

Horfurnar þessa helgina eru nokkuð skýrar. Suðlægar áttir, nokkuð vindasamar sunnan og vestan til annars hægari. Á morgun má víða búast við rigningu eða skúrum en á sunnudaginn verður þurrt og jafnvel nokkuð bjart norðaustan og austan til. Hlýindi eru í kortunum.




**Á MORGUN** 5-13 m/s, hvassast vestan til og með ströndum

**SUNNUDAGUR** 8-15 m/s, hvassast vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 11° |
| Stokkhólmur | 12° |
| Gautaborg | 16° |
| London | 19° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Berlín | 19° |
| Alicante | 28° |
| Mallorca | 27° |
| Basel | 19° |
| Eindhoven | 19° |
| Las Palmas | 25° |
| New York | 23° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



# Amerískir dagar



**Nauta prime rib**
úr kjötborði
TILBOÐ
2.498 kr/kg
Verð áður 3.198



**Nauta entrecote**
Nautasteikur í úrvali á amerískum dögum.
TILBOÐ
1.998 kr/kg
Verð áður 3.498



**Nauta ribeye**
úr kjötborði
TILBOÐ
2.398 kr/kg
Verð áður 3.398



**Nauta porterhouse steik**
úr kjötborði
TILBOÐ
2.598 kr/kg
Verð áður 3.475



**Ozzo Bucco**
úr kjötborði
TILBOÐ
799 kr/kg
Verð áður 968



**Nauta t-bone steik**
úr kjötborði
TILBOÐ
2.498 kr/kg
Verð áður 3.298



**Snyder´s snakk**
Amerískt snakk sem er nú loksins fáanlegt á Íslandi.







**Ben & Jerry's**
- ekta amerísk ísblanda




**Nesquik**
– jarðaberja og súkkulaði




**Idahoan kartöflumús**
– verðlaunuð gæða kartöflumús




**Orville örbylgjupopp**
– venjulegt og með smjöri

**Nýtt**
í Hagkaup




**Nature Valley**
– brakandi heilsubitar




**Taco Bell**
– frábærar vörur í ameríska matseld

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að sameina ætti sveitarfélög á Vestfjörðum í eitt?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,4% |
| Nei | 35,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að vera frítt í strætó?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Suður-kóresk dagblöð segja að leiðtogi Norður-Kóreu hafi gengist undir heilaskurðaðgerð:

# Kim Jong-il hugsanlega lamaður að hluta

**SUÐUR-KÓREA, AP** Stjórnvöld í Suður-Kóreu segjast hafa áreiðanlegar upplýsingar um að Kim Jong-il, leiðtogi kommúnistastjórnarinnar í Norður-Kóreu, hafi gengist undir heilaskurðaðgerð eftir að hann fékk heilablóðfall í síðasta mánuði.

Hann gæti verið lamaður að hluta öðrum megin í líkamanum, en er þó ekki sagður drafandi í tali, eins og oft vill verða eftir að fólk fær heilablóðfall. Hann er sagður vera á góðum batavegi.

Fullyrt er að erlendir læknar, hugsanlega frá Kína eða Frakklandi, hafi framkvæmt aðgerðina. Heilablóðfallið er Kim sagður hafa fengið 15. ágúst.

Það eru tvö suður-kóresk dagblöð, Dong-a Ilbo og JoongAng Ilbo, sem skýrðu frá þessu í gær, og vitna í ónefnda embættismenn.

Reynist Kim vera ófær um að stjórna landinu gæti það sett alþjóðlegar samningaviðræður um kjarnorkuafvopnun Norður-Kóreu í uppnám. Nú síðast hljóp snurða á þráðinn í þeim viðræðum þegar fulltrúar Norður-Kóreu og Bandaríkjanna deildu um hvernig staðfesta mætti aðgerðir Norður-Kóreumanna.

Einnig voru fulltrúar Norður-Kóreu ósáttir við að Bandaríkjamenn hefðu ekki staðið við loforð um að fjarlægja Norður-Kóreu af lista yfir ríki sem styðja hryðjuverkamenn.

**- gb**



**AÐALFRÉTT DAGSINS** Íbúar í Suður-Kóreu gleyptu í sig fréttir dagblaðanna af leiðtoganum í Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Á hrakhólum vegna ljósmæðradeilunnar

**Hjón frá Blönduósi áttu von á að fjórða barn þeirra yrði tekið með keisaraskurði í gær. Það var ekki unnt vegna verkfalls ljósmæðra. Konan er í áhættuhópi og hefur fjölskyldan þurft að dvelja fjarri heimili sínu í hálfan mánuð.**

**KJARABARÁTTA** Á kvennadeild Landspítalans er vart þverfótað fyrir þreyttu fólki. Á göngum sængurkvennadeildarinnar sitja þreyttar mæður með hvítvoðunga sína nýkomna í heiminn eftir erfiða ferð. Við hlið þeirra sitja svo lerkaðir feður og reyna að verða móður og barni hjálplegir. Úr andlitum þeirra má þó greina hamingju sem aðeins má finna í andlitum nýbakaðra foreldra.

Hrefna Ósk Þórsdóttir kennari og Þórður Rafn Þórðarson lögreglunemi eru ung hjón búsett á Blönduósi. Þau hafa þrisvar sinnum upplifað þá tilfinningu að fá nýfætt barn í fangið og eiga nú von á því fjórða. Það barn átti að vera tekið með keisaraskurði í gær en sakir plássleysis reyndist það ekki unnt. Þórður segir stöðuna reyna mjög á enda hafi þau Hrefna þurft að vera inni á bróður hennar sem býr í Reykjavík í um hálfan mánuð ásamt drengjunum sínum þremur, sem eru tveggja, fimm og átta ára gamlir. Því fylgi mjög mikið álag, þá ekki síst fyrir elsta drenginn sem ekki hafi getað verið í skólanum en fengið heimakennslu hjá móður sinni. Ekki hafi þó verið hægt að skilja börnin eftir á Blönduósi.

Ástæðan fyrir því að þau verða að vera á höfuðborgarsvæðinu svo lengi er varúðarráðstafanir. Hrefna hefur þurft að gangast undir keisaraskurð í lok hverrar meðgöngu og vegna öranna sem hafa myndast við aðgerðirnar hefur hættan á legrofi aukist mjög og það er lífshættulegt ástand fyrir móður og barn. Það er því ekki réttlætanlegt að hún sé stödd fjarri þeirri takmörkuðu fæðingarhjálp sem veitt er í landinu vegna kjarabaráttu ljósmæðra.



**VILJA AÐ YFIRVÖLD GRÍPI INN Í** Hrefna hefur þrisvar áður þurft að fara í keisaraskurð. Vegna öranna sem hafa myndast eftir keisaraskurðina hefur hættan á legrofi aukist mjög og það er lífshættulegt ástand fyrir móður og barn. Fjölskyldan hefur því ekki getað dvalið á heimili sínu á Blönduósi og elsti drengurinn verið í heimakennslu hjá móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þórður segir að þegar þau hafi komið upp á spítala hafi kona sín verið búin að fasta, hann búinn að fá frí í skólanum og bróðir konunnar búinn að gera ráðstafanir svo hægt væri að sjá um börnin á heimilinu. Allir hafi verið fullir tilhlökkunar að fá nýja barnið og komast aftur heim. Því hafi þau orðið miður sín þegar í ljós kom að aðgerðina var ekki hægt að gera fyrr en eftir helgi. „Það kom upp í okkur mikil reiði og hana létum við bitna á röngu fólki. Konan mín er kennari og sjálfur er ég að verða lögreglumaður þannig að við skiljum þörfina á kjarabaráttu mjög vel og vitum að það er ekki við ljósmæður að sakast. Yfirvöld verða að bregðast við stöðunni. Þetta er ekki hægt lengur,“ segir Þórður. **karen@frettabladid.is**

**ALZHEIMER**
**dagurinn 2008**

Hátíðarfundur á Grand Hótel Reykjavík sunnudaginn 14. september.

| | |
|---|---|
| Kl. 12.30 | Húsið opnað |
| Kl. 13.00 | Fundur settur – María Th. Jónsdóttir |
| Kl. 13.10 | Erindi – Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra |
| Kl. 13.30 | Erindi – Jón Snædal öldrunarlæknir, **“Meðferð við Alzheimer sjúkdómnum í dag – horfur til framtíðar.”** |
| Kl. 14.00 | Söngur – Björk Jónsdóttir við undirleik Kjartans Valdimarssonar |
| Kl. 14.15 | **Maríuhús – ný dagþjálfun**, Sólborg Sumarliðadóttir hjúkrunarfræðingur segir frá. |
| Kl. 14.35 | Kaffiveitingar |
| Kl. 15.15 | Söngur – Oddur Arnþór Jónsson |
| Kl. 15.30 | Gamanmál – Bjarni Harðarson alþingismaður |
| Kl. 15.50 | Söngur |
| Kl. 16.10 | **“Minningavinna með þeim sem hafa skert minni”** – Sigrún Huld Þorgrímsdóttir hjúkrunarfræðingur |
| Kl. 16.45 | Fundarslit |

Fundarstjóri – Soffía Egilsdóttir

**Allir eru velkomnir.**

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Sími: 533 1088 – www.alzheimer.is

Dauft ljós kviknar í neytendamyrkrinu:

# Góð þjónusta hjá Brimborg

Á mánudaginn greindum við frá lélegri þjónustu hjá verkstæði Símans og almennt í þjóðfélaginu. Í kjölfarið hafa okkur borist ótal ábendingar um lélega þjónustu. Þó kviknaði dauft ljós í neytendamyrkrinu þegar Elsa Jónsdóttir skrifaði til að segja okkur frá góðri þjónustu hjá Brimborg: *„Sonur minn, 21 árs, keypti notaðan bíl hjá Brimborg seinni part árs þegar tilboð var í gangi,“* skrifar hún. *„Tekið var sérstaklega fram að það væri búið að skipta um tímareim. Í síðasta mánuði, á leið heim úr vinnu, fór tímareimin. Hann var miður sín, sá fram á mikinn kostnað sem hann átti ekki fyrir. Þar sem bíllinn er enn í ábyrgð fór hann samt í Brimborg til að athuga hver staða hans væri. Samtalið tók fimm mínútur. Bíllinn var sóttur, farið með hann á verkstæði í viðgerð og hann fékk bíl til umráða á meðan. Strákurinn hafði áhyggjur af skemmdum sem koma þegar tímareim fer og hvernig viðgerðarkostnaðurinn mundi skiptast. Nei, hann fær bílinn aftur í fullkomnu standi og án kostnaðar. Hann er búinn að fá bílinn og er í skýjunum. Hann er staðráðinn í að næsti bíll verður keyptur hjá Brimborg.“*





**AÐ SLÍTA TÍMAREIM ER EKKERT GRÍN** Sonur Elsu slapp með skrekkinn.

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

# Ódýrari kostur!

netto



40% afsláttur

GOÐI
DÖNSK OFNSTEIK
**1.199 kr/kg**
~~1.989~~ kr/kg



ÓTRÚLEGT VERÐ!



GOÐI
FRAMHRYGGJASNEIÐAR FROSNAR
**489 kr/kg**

GOÐI
LAMBALÆRI FROSIÐ
**899 kr/kg**



36% afsláttur

ÍSFUGL
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
**499 kr/kg**
~~782~~ kr/kg




25% afsláttur

FINISH POWERBALL TÖFLUR 66 stk.
**648 kr/pk.**
~~864~~ kr/pk.

MORNING FARM FRESH MAÍSSTUBBAR 6stk.
**195 kr/pk.**
~~279~~ kr/pk.



30% afsláttur




PEPSI 2l
**119 kr/stk.**

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 11. - 14. SEPTEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hver er forstjóri Íslandspósts sem hyggst færa út kvíarnar í flutningastarfsemi?*

*2 Hvar strandaði olíuflutningaskip í vikunni?*

*3 Hvaða gamalkunni rokkari kennir kúrs um beat-bókmenntir í Háskóla Íslands í vetur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

SFR hefur fengið niðurstöður úr launakönnun 2008:

# Launamunur kynjanna vex

**VINNUMARKAÐUR** Launamunur kynjanna er viðvarandi og vaxandi vandamál hjá hinu opinbera. Kynbundinn launamunur telst nú vera fimmtán prósent og hefur vaxið um þrjú prósent milli ára. Þetta kemur fram í niðurstöðum launakönnunar SFR 2008.



ÁRNI STEFÁN JÓNSSON

„Það neikvæða er að launamunur kynjanna skuli aukast. Það kemur verulega á óvart miðað við þá umræðu sem hefur verið. Maður hefði haldið að það færi að slá á launamuninn en hann hefur aukist um þrjú prósent milli ára. Það er ofboðslega mikið og alveg skelfilegt,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR.

„Launamunurinn gerist í ákvörðunum forstöðumanna stofnana. Ég hef á tilfinningunni að karlmenn fái meira út úr aukagreiðslum, fastri yfirvinnu og öðrum aukagreiðslum. Þetta er ekki kjarasamningsbundinn launamunur heldur gerist hann í persónulegum viðbótum og það er greinilegt að karlmenn njóta þeirra meira en konur,“ segir hann.

Árni Stefán bendir á að fimmtungur félagsmanna SFR fái óunna yfirvinnu sem sé hátt hlutfall miðað við að launakerfið var tekið í gegn árið 1998, meðal annars til að draga úr launamun milli kynjanna.

Grunnlaun félagsmanna SFR hafa hækkað um fjórtán prósent og heildarlaun hafa hækkað um ellefu prósent milli ára 2007 og 2008. Launavísitala fyrir opinbera starfsmenn hefur hækkað um rúm sex prósent á sama tíma, sem þýðir að félagsmenn SFR hafa hækkað meira í launum en opinberir starfsmenn almennt.

- ghs

Helgi Hjörvar um virkjanir:

## Vatn rennur víðar en hér

**UMHVERFISMÁL „Yfir helmingurinn af álverum í heiminum er knúinn af vatnsaflsvirkjunum, því það vill svo til að það rennur vatn víðar í heiminum en hér,“ sagði Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar, á Alþingi í gær.**

**Helgi hafnaði þar þeirri röksemdafærslu að það væri umhverfinu til sérstakrar blessunar að virkjað væri fyrir stóriðju á Íslandi, en stundum hefði verið talað um að annaðhvort yrðu álver rekin hér með „hreinni orku“ eða með mengandi kolabrennslu í fjarlægum löndum.**

- kóþ

Forsætisráðherra Danmerkur:

## Kynnir breytta ráðherraskipan

**DANMÖRK, AP** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, kynnti í gær breytingar á ráðherraskipan í ríkisstjórn sinni, daginn eftir að Bendt Bendtsen sagði af sér sem aðstoðarforsætisráðherra og efnahagsráðherra, um leið og hann sagði af sér sem leiðtogi Íhaldsflokksins.



LENE ESPERSEN

Lene Espersen, sem tekur við af Bendtsen sem flokksleiðtogi, verður jafnframt bæði efnahagsráðherra og aðstoðarforsætisráðherra.

Brian Mikkelsen verður dómsmálaráðherra og Carina Christensen menningarmálaráðherra, en Lars Barfoed verður neytendaráðherra.

- gb

**SVÍÞJÓÐ**

**Fimm ár frá morðinu**

Svíar minntust þess í gær að fimm ár voru liðin frá því að Anna Lindh, þáverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, var myrt í verslunarferð í Stokkhólmi. Formaður sænska Jafnaðarmannaflokksins, Mona Sahlin, lagði blóm á leiði hennar.

# Geir telur að jafnvægi gæti náðst fyrr en áður var talið

**Forsætisráðherra segir nýjar tölur um framleiðslu og útflutning gefa vonir um að jafnvægi í efnahagsmálum geti náðst fyrr en ella. Einkaneyslan dróst saman um 3,2 prósent á milli ársfjórðunga.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta eru góðar fréttir,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir að ný Hagtíðindi Hagstofunnar lágu fyrir í gærmorgun.

Í þeim kemur meðal annars fram að hagvöxtur á síðasta ári og á fyrri hluta þessa árs var meiri en búist var við, þjóðarútgjöld, innflutningur og einkaneysla hafa dregist saman og útflutningur vaxið.



GEIR H. HAARDE

Geir segir niðurstöðurnar hagstæðari en hann átti von á. „Þessi aukni hagvöxtur skiptir máli með tilliti til afkomu ríkissjóðs, hann er vísbending um að framleiðslan sé að sækja í sig veðrið, útflutningur er stórvaxandi og þetta gefur vonir um að við náum hér jafnvægi í efnahagsmálum fyrr heldur en ella.“

Verðbólgan er eftir sem áður mikil – allt of mikil, að mati Geirs. Spár geri þó ráð fyrir að hún muni ganga hratt niður og vextir þá lækka jafnhliða eða í kjölfarið.

Sú staðreynd að framleiðslan hefur ekki dregist saman vekur vonir um að atvinnuleysi aukist ekki í takt við spár. „Það sem menn óttuðust mest var að samhliða mikilli verðbólgu yrði samdráttur og fjöldaatvinnuleysi. Það virðist sem líkurnar á því séu miklu minni en talið var.“

Þar sem mörgum stórframkvæmdum er lokið eða að ljúka var fjárfesting á öðrum fjórðungi ársins 26 prósentum minni en á sama tíma í fyrra. „Þetta er partur af því að hagkerfið er að kasta mæðinni,“ segir Geir. Fyrir vikið dragi úr vöruskipta- og þjónustuhalla.

Gerð fjárlaga er á lokasprettinum en fjárlagafrumvarpið verður kynnt 1. október. Geir vill fátt segja um efni þess. „Það er þó óhætt að segja að fjárlögin verða í takt við ástandið en svo skiptir máli hvaða pólitíska stefna er mótuð. Og ég bendi á að í mörg ár hefur því verið spáð að á árinu 2009 myndi koma fram halli. Við búum þá að því að mörg undanfarin ár höfum við verið með afgang og náð að safna í sarpinn til að mæta hallaárunum. Það þarf að horfa á þetta yfir lengra tímabil en bara eitt ár.“

Þótt nýjar þjóðhagstölur gefi tilefni til bjartsýni kveðst Geir ekki gera lítið úr því að Íslendingar gangi nú í gegnum erfiðleikaskeið. „Það eru erfiðleikar vegna verðbólgunnar og það eru erfiðleikar með fjármögnun hjá bönkunum og í atvinnulífinu. Að stórum hluta til eru þeir erfiðleikar innfluttir en eru staðreyndir eigi að síður. Þessar tölur breyta því ekki.“

bjorn@frettabladid.is



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Um leið og landsframleiðslan vex dregst einkaneysla saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**AUKIN FRAMLEIÐSLA**

- Landsframleiðslan var 5% meiri á öðrum ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra. Aukin álframleiðsla vegur þar þyngst.
- Þjóðarútgjöld drógust saman um 8%.
- Einkaneyslan dróst saman um 3,2%.
- Fjárfestingar drógust saman um 25,8%.
- Útflutningur jókst um 25%.
- Innflutningur dróst saman um 12%.
- Bílakaup drógust saman um 40%.
- Útgjöld Íslendinga erlendis drógust saman um 16%.
- Hagvöxtur á fyrri helmingi ársins er talinn vera 4,1%.

Heimild: Hagstofan




SUBARU

# SUBARU GERIR BETUR




# 2.990.000 kr.

## FYRIR SJÁLFSKIPTAN FJÓRHJÓLADRIFINN LEGACY

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bilar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði. Flestir velja þó SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU LEGCY SEDAN á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!



**Ríkulegur búnaður:**

**Fjórhjóladrif**, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari,17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt, tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

ENNEMM / SÍA / NM35190

SYMMETRICAL AWD SINCE 1972

## SÉRSTAÐA SUBARU

Subaru er með AWD sídrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafrek út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AWD sídrifsins.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

Tveir frambjóðendur eru til forseta ASÍ á ársfundi í lok október:

# Gylfi og Ingibjörg í framboði

**VINNUMARKAÐUR** Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti Alþýðusambands Íslands, ASÍ, og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, hafa bæði ákveðið að gefa kost á sér í embætti forseta ASÍ. Því kemur til forsetakjörs á ársfundi ASÍ 23.-24. október næstkomandi. Ekki er neinn framboðsfrestur, þannig að aðrir frambjóðendur geta gefið kost á sér alveg fram að fundinum.

„Við erum lögð upp í þessa vegferð bæði og erum að bítast um sömu atkvæðin," segir Ingibjörg um forsetakjörið. „Ég er búin að starfa í verkalýðshreyfingunni í rúma þrjá áratugi og hef öðlast mikla reynslu í þessu. Mér hefur gengið mjög vel að vinna með fólki frá ólíkum hópum og með ólík sjónarmið," segir hún.


INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR


GYLFI ARNBJÖRNSSON

Gylfi segist hafa fundið stuðning í hreyfingunni við framboð sitt og því hafi hann ákveðið að taka skrefið. Hann segir að pólitíkin sé partur af sögu verkalýðshreyfingarinnar en hún spili ekki virkan þátt í dag. „Framboð mitt er ekki runnið undan rifjum Samfylkingarinnar og það væri mikið rangnefni að tala um pólitísk átök milli okkar Ingibjargar." Gylfi telur ólíklegt að hann haldi áfram sem framkvæmdastjóri nái Ingibjörg kjöri. „Við höfum átt gott samstarf og erum góðir vinir," segir hann. „Mér þætti mjög óþægilegt fyrir Ingibjörgu að hafa sinn mótframbjóðanda sem sinn nánasta ráðgjafa. Ég veit ekki hvort það gengur upp." **- ghs**


Orkuveita Reykjavíkur

## Hellisheiðarvirkjun að Nesjavallavirkjun

Laugardaginn 13. september verður farin gönguferð frá Hellisheiðarvirkjun og til Nesjavallavirkjunar. Gengið verður upp Sleggjubeinsskarð og upp á Vörðuskeggja sem er 805 metra hár. Þaðan verður farið niður í Kýrdal og í Nesjavallavirkjun. Gangan tekur u.þ.b. 6 klst. og er frekar erfið, að jafnaði um brattar fjallshlíðar. Nauðsynlegur búnaður eru góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. Orkuveita Reykjavíkur leggur til ferðir frá Reykjavík í Hellisheiðarvirkjun og til baka frá Nesjavallavirkjun og er mæting í höfuðstöðvar Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 kl. 10:00. Áætlaður komutími til baka kl. 18:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Hans Benjamínsson kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar. Ef veður verður tvísýnt verður gengin auðveldari leið.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 43593 09/08

• Austurbæjarskólinn var fyrsta húsið með hitaveitu í Reykjavík.

www.or.is



512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið



**LILJA OG ASITA** Lilja segir að henni þyki sem hún sé mun sjálfstæðari með hundinn sér við hlið. MYND/LILJA SVEINSDÓTTIR

Blindrafélagið:

## Leiðsöguhundar verða afhentir

**HEILBRIGÐISMÁL** Leiðsöguhundarnir fjórir; Elen, Exit, Exo og Asita, verða í dag afhentir eigendum sínum formlega í Blindrafélaginu. Lilja Sveinsdóttir, eigandi Asitu, segir hundana nýtast blindum og sjónskertum sérlega vel og auka sjálfstæði þeirra í daglegu lífi.

„Þeir finna göngustíga, leiða mann fram hjá pollum og holum í götunni sem maður finnur ekki endilega fyrir með hvíta stafnum, svo verja þeir mann einnig fyrir hindrunum sem eru fyrir ofan mitti en fyrir þeim finnur maður ekki heldur með stafnum. Munurinn er því mikill." Heilbrigðisráðuneytið og Lionshreyfingin á Íslandi hafa stutt kaup á hundunum. **- kdk**

## Kenningin um mjúka stálið

Vísindamenn hafa komist að því að Tvíburaturnarnir í New York hrundu vegna efnabreytinga í sem urðu á burðarstáli þeirra í eldsvoðanum eftir að flugvélarnar skullu á þeim. Segulsveiflur í frumeindum þeirra valda verulegum styrkleikabreytingum á stálinu.




Heimild: ITER © GRAPHIC NEWS

# Obama og McCain slíðruðu sverðin

**Bandaríkjamenn minntust í gær árásanna á Bandaríkin hinn 11. september árið 2001. Forsetaframbjóðendurnir gerðu hlé á kosningabaráttunni.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama og John McCain gerðu hlé á kosningabaráttu sinni í gær og tóku sameiginlega þátt í minningarathöfn í New York vegna árásanna á Bandaríkin 11. september 2001.

Obama gat þó ekki stillt sig um að skjóta aðeins á George W. Bush Bandaríkjaforseta með því að minnast á að enn hefðu Bandaríkjamenn ekki haft hendur í hári þeirra sem bæru ábyrgð á árásunum.

Sjö ár voru í gær liðin frá því að fjórum farþegaþotum var rænt, tveimur þeirra flogið á Tvíburaturna World Trade Center í New York og einni á Pentagon-bygginguna í Washington, en sú fjórða hrapaði á akurlendi í Pennsylvaníu.

Þessi hryðjuverk kostuðu nærri þrjú þúsund manns lífið og urðu til þess að Bandaríkin hófu, ásamt bandamönnum sínum, hernað í Afganistan og hröktu talibanastjórnina þar á brott. Einnig notuðu bandarísk stjórnvöld hryðjuverkin til að réttlæta hernað í Írak vorið 2003. „Sá dagur kemur að flestir Bandaríkjamenn muna ekki af eigin raun eftir því sem gerðist hinn 11. september," sagði Bush forseti í ræðu, sem hann hélt við Pentagon í gær þar sem nýtt minnismerki um atburðina var vígt. „Þegar þeir koma að skoða þetta minnismerki, þá munu þeir komast að því að 21. öldin byrjaði með mikilli baráttu milli frelsisafla og ógnarafla."

Minnismerkið er við Pentagonbygginguna og kostaði 22 milljónir Bandaríkjadala, eða hátt í tvo milljarða króna. Það samanstendur af 184 bekkjum, jafn mörgum þeim sem fórust þegar þotu var flogið á bygginguna. Bekkirnir eru upplýstir að næturlagi og raðað í aldursröð þeirra sem létust.

Enn hefur ekki verið lokið við gerð minnismerkis í New York, en þar var í gær, eins og undanfarin ár, kveikt á tveimur ljóssúlum sem lýstu upp í loftið á sama stað og Tvíburaturnarnir stóðu. **- gb**


## Glymur orðinn frægur!

**Jakkinn sem Anita Briem klæðist í myndinni Journey to the Center of the Earth.**

66north.is / September 2008




ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri.

www.66north.is

VIKA 31

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Rachid Benguella:

### Flóttafólki gefin ný tækifæri



„Ég er virkilega ánægður með komu flóttamannanna til Akraness,“ segir Rachid um atburði vikunnar. „Þessar konur og börn þeirra hafa búið við hræðilegan aðbúnað í flóttamannabúðum undanfarin ár en fá nú tækifæri á nýju og betra lífi hér á Íslandi. Það gleður mig mjög að Íslendingar skuli taka á móti þeim með þessum hætti. Ég hef fylgst með þessu í fréttum og varð snortinn þegar ég sá myndir af þeim koma til landsins. Ekki síst þar sem nú er Ramadan. Mér finnst þetta því eins og gjöf frá guði, að fólkinu sé hjálpað og þeim gefin ný tækifæri. Þetta snýst samt ekki um uppruna eða trú heldur náungakærleik, hér er verið að hjálpa manneskjum. Stjórnvöld, Rauði krossinn og allir sem komu að þessu eiga hrós skilið.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Í starfsnámi í Lundúnum



„Ég fór í brúðkaup mjög góðs vinar míns á laugardaginn. Þrátt fyrir að það væri ausandi rigning var dagurinn frábær, með kampavíni, góðum mat og dansi. Ræður brúðgumans og svaramannsins eru mér minnisstæðastar og ég sá nýja, rómantíska hlið á brúðguманum sem ég hef ekki séð áður. Á mánudaginn byrjaði ég svo í starfsnámi hjá Petro-Canada sem er alþjóðlegt olíu- og gasfyrirtæki. Það hefur verið nóg að gera í nýju vinnunni en ég er strax búin að læra mjög margt. Það hefur marga kosti í för með sér að búa í Lundúnum. En það er hræðilegt að byrja og enda vinnudaginn í neðanjarðarlestunum, sem ég nota til að komast til og frá vinnu.“

Junphen Sriyoha:

### Áhyggjur af heimahögum



Junphen fylgist vel með gangi mála í heimalandi sínu Taílandi en þar hafa íbúar höfuðborgarinnar Bangkok þeyst á götur út til að krefjast afsagnar forsætisráðherrans Samaks Sundaravejs sem hefur gerst sekur um stjórnarskrárbrot með því að þiggja greiðslur fyrir kokkaþátt sem hann sinnt meðfram stjórnmálastörfum. „Ég hef svolitlar áhyggjur af því að það sjóði uppúr og þá óttast ég um fjölskyldu mína,“ segir Junphen. „En ég vona að allt fari vel. Svo er ég nú að tína til pappíra því nú fer að styttast í að ég sæki um íslenskan ríkisborgararétt öðru sinni.“ Í fyrra skiptið var henni neitað þar sem hún hafði gerst sek um umferðarlagabrot.

Sigurður G. Guðjónsson verji Jón Ólafsson ásamt Ragnari Aðalsteinssyni:

# Verður væntanlega leiddur sem vitni

**DÓMSMÁL** Kaupsýslumaðurinn Jón Ólafsson vill fá tvo verjendur skipaða í skattabrotamáli ríkislögreglustjóra gegn honum.

„Þetta er mjög viðamikið mál þar sem reynir á mjög mismunandi álitsefni,“ segir Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Jóns í Héraðsdómi Reykjavíkur, um þörfina á því að Jón fái Sigurð G. Guðjónsson einnig skipaðan verjanda við hlið Ragnars sjálfs.

Héraðsdómur hafði áður hafnað því að Sigurður yrði verjandi Jóns í ljósi þess að ákæruvaldið kveður Sigurð vera hugsanlegt vitni og þar með vanhæfur sem verjandi. Hæstiréttur lagði hins vegar fyrir héraðsdóm að taka málið fyrir að nýju og leyfa þá lögmanni Jóns að vera með munnlegan málflutning. Sagði Ragnar Jón eiga rétt á verjanda að eigin vali. Hann benti á að í þau sex og hálft ár sem skattamál Jóns hefðu verið rannsökuð hefði Sigurður G. Guðjónsson aldrei verið kallaður til sem vitni hjá lögreglu.

Helgi Magnús Gunnarsson, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, sagði lögin mjög skýr. Ekki ætti að skipa þá menn verjendur sem kynnu að verða kallaðir til sem vitni í málinu. Rök fyrir því að víkja þessu til hliðar væru ekki nógu sterk. Jafnvel þótt vitnalisti hefði enn ekki verið útbúinn yrði Sigurður væntanlega leiddur fram sem vitni – ekki síst í ljósi þess að hann hefði um skeið haft stöðu sakbornings og hefði því sterk tengsl við málið. Úrskurðar dómara er að vænta á þriðjudag. - gar



**SAMHERJAR** Sigurður G. Guðjónsson og Jón Ólafsson koma af stjórnarfundi hjá Norðurljósum hf. í nóvember 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




VÍNBÚÐIN

vinbudin.is



**Fréttaskýring: Almenningssamgöngur** **2. hluti**



**HÁSKÓLASAMFÉLAG** Í University of Washington í Seattle var gerð gangskör að því að fækka bílum með góðum árangri. Nemandafjöldi hefur aukist á síðustu árum en bílum hefur fækkað. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Umferðarstýring í landi frelsis

Washington-háskóla í Seattle var neitað um leyfi til stækkunar nema séð yrði til þess að bílaumferð myndi ekki aukast. Skipulagið var hugsað upp á nýtt og almenningssamgöngur bættar og fyrir vikið hefur bílum við skólann á álagstímum fækkað.

Washington-háskóli er annar stærsti vinnuveitandinn í Seattle, þegar nemendur eru meðtaldir. Þar stunda nú um 30.000 manns nám. Strax á áttunda áratugnum var farið að vinna samgöngustefnu fyrir skólann og fljótlega var ljóst að þörfin fyrir bílastæði og umferðarmannvirki myndi aukast til muna á næstu árum og áratugum.

Þegar skólayfirvöld höfðu samband við skipulagsyfirvöld í Seattle og óskuðu eftir auknu landrými undir stækkun fengu þau neitun. Það myndi kosta borgina umtalsvert fé vegna umferðarmannvirkja og til þess væru menn ekki tilbúnir. Ef stækka ætti skólann þyrfti að finna nýjar leiðir.

Í stað þess að auka umferðina til muna – með tilheyrandi kostnaði bæði fyrir skólann og borgaryfirvöld – var ákveðið að finna aðrar samgönguleiðir. Vinnuhópar voru skipaðir og markmiðið var að umferðin myndi ekki aukast frá því sem hún var árið 1983, en þá voru bílastæði fyrir 12.300 bíla við heimavistina.

### Bílum fækkað

Til ýmissa ráða var gripið í þessu skyni. Ný skólahverfi voru hönnuð þannig að bílastæðin voru sett yst og öll bílaumferð innan þeirra bönnuð. Strætisvagnar gátu hins vegar keyrt inn í miðju hverfisins. Þá var komið upp svokölluðum U-passa fyrir nemendur og starfsfólk. Passinn veitir aðgang að hvers kyns almenningssamöngum sem í boði eru, ókeypis bílastæði fyrir þá sem ferðast margir saman í bíl (e. carpool) og afslætti í ýmsum verslunum.

Skemmst er frá því að segja að með samhentum aðgerðum og skýrri samgöngustefnu hafa markmið stjórnenda skólans náðst – og vel það.

## SAMGÖNGUSTEFNA FYRIRTÆKJA

Þorsteinn vinnur hjá verkfræðistofunni Mannvit. Fyrirtækið hefur sett sér samgöngustefnu til að hvetja starfsmenn sína til að nota vistvæna ferðamáta. „Við hvetjum fólk til að koma í strætisvagni, hjólandi eða gangandi, eða þá með öðrum í bíl," segir Þorsteinn.

Fyrirtækið greiðir hverjum starfsmanni andvirði græna kortsins hjá Strætó, 5.600 krónur, á mánuði gangist menn undir þessar breytingar. „Við nefnum þetta samgöngustyrk. Við viljum hvetja fólk til að skoða sín mál og hugsa upp á nýtt. Margir hafa endurskipulagt sig eftir að við fórum að bjóða upp á þetta og kynnt sér strætóferðir eða grafið upp hjólin sín. Þetta hefur gengið mjög vel."

Sveigjanleiki er í stefnunni og er fólki gefinn kostur á að koma einu sinni á bíl í viku, án þess að missa réttinn á samgöngustyrknum. Þannig geta menn skipulagt vikuna betur, raðað þeim erindum saman á einn dag sem nauðsyn er á að rækja.

Fyrirtækið á vistvæna bíla sem eru til taks þurfi menn að erindast tengt vinnunni. Samkvæmt tölum frá fyrirtækinu hefur starfsmönnum sem aka einir í bíl til og frá vinnu fækkað um allt að 25 prósent í þeim fyrirtækjum sem hafa tekið stefnu þessa upp.

Fjölmörg önnur fyrirtæki hafa tekið upp samgöngustefnu. Auk þess að stuðla að minnkandi útblæstri og betra umhverfi geta sparast beinharðir peningar.

Reiknað er með að það að byggja eitt bílastæði í bílastæðahúsi eða -kjallara kosti 3,6 milljónir króna. Taki menn lán fyrir þeirri upphæð, líkt og flestir gera, má reikna með að afborganir, lán til fjörutíu ára á fimm prósenta vöxtum, séu tuttugu þúsund á mánuði. Starfsmaður á bíl kostar því fyrirtækin tuttugu þúsund krónum meira á hverjum mánuði en sá sem er bíllaus.

Þorsteinn segir mörg fyrirtæki hafa gert sér grein fyrir þessu og vilja minnka þörfina fyrir bílastæði. Gallinn sé sá að menn séu hræddir við að reisa stórhýsi án þess að við þau sé sá fjöldi bílastæða við þau sem í dag telst fullnægjandi. Annars geti þau reynst erfið í endursölu.

Árið 2002 var umferð á álagstímum á morgnana átján prósent minni en hún var árið 1983. Skólayfirvöld telja að þau hafi sparað kostnað við 3.600 bílastæði, miðað við fjölgun í skólanum, og umtalsvert fé. Alls 86 prósent nemenda nota U-passann og frá árinu 1990 hefur sala á bílastæðakortum minnkað um 33 prósent. Þá hefur verið reiknað út að 91 milljón bílferða á heimavistina hafi sparast síðan árið 1991.

### Stæði kosta

Þorsteinn Hermannsson verkfræðingur stundaði nám í Washington-háskóla við Seattle. Hann segir umferðarstýringuna hafa verið mjög vel heppnaða, enda hafi verið hugað að því að vinna verkefnið í samvinnu margra aðila.

„Þau fyrirtæki sem sjá um almenningsaksturinn voru höfð með í ráðum og juku ferðir sínar á háskólasvæðið. Þá var gert ráð fyrir þessu í öllu skipulagi, bílastæðin flutt yst á ódýr svæði, en byggingum komið fyrir á dýrasta landinu, á hæðinni sem er í miðju háskólahverfisins. Það tekur því þó nokkurn spöl að rölta frá bílastæðunum í skólastofurnar.

Þá er lykilatriði í þessu að rukkað er fyrir öll bílastæðin. Menn borga mest ef þeir eru einir í bíl en svo stiglækkandi eftir fjölda í bíl. Þegar við vorum þarna áttum við bíl, en notuðum hann eins og frístundatæki. Hann stóð að mestu óhreyfður yfir vikuna en við notuðum hann um helgar og eins í verslunarferðir," segir Þorsteinn.

Í háskólanum eru menn óhræddir við að rukka fyrir stæðin. „Þegar ég var í skólanum orðaði ég við Scott Rutherford, einn af hugmyndahönnuðum að U-passanum, að bílastæðin í nágrenni skrifstofu hans væru alltaf full. Ég spurði hann hvort ætlunin væri að stækka þau. Hann hló bara og sagði að engin þörf væri á því. Gjaldið yrði einfaldlega hækkað og þá myndu færri leggja á stæðinu og fleiri koma í strætó. Þannig hefur þetta verið lengi, um leið og fer að fyllast á stæðum er gjaldið einfaldlega hækkað. Innkoman er síðan nýtt til að efla almenningssamgöngur við háskólasvæðið og greiða niður U-passann."

### Bílleysi

Þorsteinn segir að almenna reglan sé sú að háskólanemar í Seattle eigi ekki bíl og þurfi ekki á honum að halda. Viðhorfið þar sé gerólíkt því sem finna má hér á landi. Hann nefnir dæmisögu um þetta.

„Scott Rutherford er í samskiptum við verkfræðideildina hér og var á fundi með nokkrum nemendum í Norræna húsinu. Að fundi loknum bauðst hann til að skutla krökkunum heim, enda var hann með bílaleigubíl. Hann missti andlitið þegar hann frétti að hver og einn væri á sínum eigin bíl – og það engum smábíl. Hann hristi höfuðið í forundran og spurði: „Hvað fáið þið eiginlega há námslán hér á Íslandi fyrst þið hafið efni á þessu?" Í Seattle hefði svona aldrei getað gerst."

## ÁTTATÍU MILLJARÐAR Í BÍLASTÆÐI TIL 2024

Árið 2004 voru 33 prósentum fleiri bílar á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en höfðu verið árið 1995. Þá var bílaeign hér svipuð og hún var í borgum Vestur-Evrópu, en árið 2004 var Reykjavík í sama flokki og bandarískar bílaborgir. Með óbreyttum ferðavenjum mun bílaumferð á hverjum byggðum hektara aukast um þriðjung fram til ársins 2024.

Annar möguleikinn til að bregðast við þessu er að fara í þær framkvæmdir sem þarf á gatnakerfinu til að það ráði við þennan fjölda. Það kallar á miklar framkvæmdir, aukinn akreinafjölda og ný gatnamót, eða nýjar stofnbrautir.

Hin leiðin er að auka ekki afkastagetu gatnakerfisins í samræmi við þörfina. Þá myndast tafir í umferðinni og það gæti ýtt undir það að fólk breyti ferðavenjum sínum, ferðist á öðrum tímum eða hætti að nota einkabílinn.

### Áttatíu milljarðar

Þorsteinn Hermannsson verkfræðingur segir að það muni kosta gríðarlega fjármuni að viðhalda þeim ferðaháttum sem við búum við í dag. „Gangi umferðarspár eftir og við ætlum að sinna allri þessari umferð á sama hátt og við gerum núna kostar það tugi milljarða.

Við höfum til dæmis horft bara á bílastæðin. Sú fjölgun bíla sem þvera munu Kringlumýrarbraut kallar á gríðarlega mörg bílastæði. Við höfum reiknað það út að vestan Kringlumýrarbrautar þurfi að reisa bílastæðahús fyrir að minnsta kosti áttatíu milljarða króna, til að mæta þörfum fyrirtækja og opinberra stofnana. Þá á eftir að reisa þau hús sem allt fólkið fer inn í er það stígur úr bílunum," segir Þorsteinn.

Við þetta bætist kostnaður við umferðarmannvirki. „Sundabrautin, Öskjuhlíðargöng og öll mislægu



**ÞORSTEINN HERMANNSSON** Gríðarlegur kostnaður er fyrirsjáanlegur vegna vaxandi umferðar ef ekkert er að gert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gatnamótin eru gríðarlega kostnaðarsöm og ekki má gleyma að taka bílastæðahús með í reikninginn."

### Dulinn kostnaður

Þorsteinn segir að kostnaður við bílastæði sé allt of sjaldan reiknaður inn í framkvæmdir. „Bílastæðin eru aldrei ókeypis. Það eru til gjaldfrjáls bílastæði en það er alltaf einhver sem borgar. Þess vegna er mikilvægt að þeir sem nota stæðin taki aukinn þátt í kostnaði við þau.

Flestir eru farnir að skilja þetta. Ef menn ætla að hafa gott aðgengi að stofnunum þarf að taka upp gjöld. Tökum Landspítalann sem dæmi. Þar var alltaf fullt við innganginn en með því að taka upp gjöld er hægt að stýra nýtingu bílastæðanna."

## RAUNKOSTNAÐUR VERÐI SKÝR

Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í umhverfis- og samgöngunefnd Reykjavíkur, er mikill áhugamaður um almenningssamgöngur. Hann segir margt hægt að læra af þróuninni í Seattle.

„Eitt af því sem þar var gert var að reikna raunkostnað inn í öll samgöngumannvirkin, svo sem bílastæði. Í staðinn fyrir að niðurgreiða bílastæði, eins og hér er gert, greiddu menn það sem stæðið kostaði í raun. Það gat verið kannski 1.500 krónur yfir daginn til að mynda," segir Dofri.

Hann segir mjög mikilvægt að fyrirtæki setji sér samgöngustefnu. Í dag sé óbeinn hvati fyrir fólk að koma á eigin bíl. Fyrirtæki leggi til dæmis rándýr bílastæði sem standa starfsfólki opin.

„Ein leið í þessu gæti verið sú að fyrirtækin reiknuðu út kostnað á hvert bílastæði. Segjum að hann sé tuttugu þúsund krónur á mánuði. Þá gæti fyrirtækið greitt öllum starfsmönnum þessar tuttugu þúsund krónur. Þeir sem notuðu stæðin greiddu þær



**DOFRI HERMANNSSON** Kostnaður fyrirtækja við bílastæði starfsmanna getur verið mikill. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

samstundis til baka. Hinir, sem kæmu á hjóli, gangandi eða í strætó, gætu hins vegar nýtt sér peninginn á annan hátt."

Dofri segir þess vegna mikilvægt að raunverulegur kostnaður við bílana verði skýr. Fólk og fyrirtæki sjái svart á hvítu hver kostnaðurinn sé og þá sé hægt að gera raunhæfan samanburð við almenningssamöngur.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

**ÖNNUR GREIN AF ÞREMUR**
**Á morgun:**
Framtíð almenningssamgangna

# Fyrst og fremst
# í heilsudýnum



## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu á góðu verði

**Scape Wallhugger – Eitt með öllu**
- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

| **Scape** | **Verð** |
|---|---|
| 120x200 | 309.900 |
| 160x200 | 479.900 |
| 180x200 | 499.900 |
| KING SIZE | 519.900 |



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag. Fæst í 2 stífleikum.

**Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði**

| **Proflex** | **Verð** |
|---|---|
| 160x200 | 279.900 |
| 180x200 | 299.900 |



**Violino**
leðurhægindastólar,
ítölsk hönnun. Þrír litir.
**Verð 79.900.**

**6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR









WILLIS & GAMBIER
svefnherbergis-
húsgögn



**Allt að 50% afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum**




**AKUREYRI**

Svefn & heilsa
★★★★★




**REYKJAVÍK**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



**HLÆJA Í RIGNINGUNNI** Þessar tvær indversku meyjar hlógu dátt í úrhellinu í Hyderabad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lög um akstursbann virðast hafa áhrif á ökumenn með bráðabirgðaskírteini:

# Ungir ökumenn löghlýðnari en áður

**UMFERÐ** Sjá má umtalsverða fækkun umferðarlagabrota meðal ungra óreyndra ökumanna með bráðabirgðaskírteini eftir að lög um akstursbann og sérstök námskeið tóku gildi 27. apríl 2007.

Þetta kom fram í fyrirlestri Holgers Torp, verkefnastjóra hjá Umferðarstofu, á morgunverðarfundi í fyrradag um áhættuhegðun ungra ökumanna.

Breytingar á lögunum höfðu það í för með sér að hægt er að taka unga ökumenn með bráðabirgðaskírteini úr umferð ef hegðun þeirra er á skjön við lög og reglur. Ökumenn eru með bráðabirgðaskírteini fyrstu tvö árin en hægt er að setja ökumann í akstursbann ef hann fær fjóra refsipunkta. Ökuréttindi fær hann ekki aftur fyrr en að loknu sérstöku námskeiði og endurteknu ökuprófi.



**HOLGER TORP**

Áhrif nýju laganna eru að um 55 prósent færri ökumenn hafa framið svo alvarleg umferðarlagabrot að ákvæði um akstursbann eða sviptingu taki gildi. Hins vegar vekur það athygli að fækkunin er minnst í ölvunarakstursbrotum eða samtals 21 prósents fækkun.

Á sex mánaða tímabili áður en lögin tóku gildi voru 214 ökumenn með bráðabirgðaskírteini sviptir ökurréttindum fyrir að hafa fjóra refsipunkta í ökuferilsskrá. Á sex mánaða samanburðartímabili eftir gildistöku laganna hafði þeim fækkað í 73 ökumenn. Þá fækkaði hraðasviptingum úr 39 í nítján eða um 51 prósent. - ovd



**UMFERÐIN** Á undanförnu ári hafa um tuttugu sérstök námskeið verið haldin fyrir um 200 unga ökumenn en áttatíu prósent þeirra eru karlar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

**Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 lítrar á hundraðið**

Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin, skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél).
Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.




Skipulag við Keilugranda:

## Hófleg uppbygging

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum að byrja algerlega upp á nýtt,“ segir Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi um forsögn að deiliskipulagsbreytingum fyrir Keilugranda 1 sem samþykktar hafa verið í skipulagsráði.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

„Við erum ekki farin að vinna skipulagið sjálft en til að samráðið sé öflugt er forsögnin send til kynningar sem er ekki endilega venjan í ferli af þessu tagi. Það er því meira samráð við umhverfið en venjulega,“ segir Svandís. Hún segir uppbygginguna ekki eins yfirgengilega og talað hafi verið um í fyrstu. - ovd

Engar sannanir um hvort sæsteinsuga hrygnir í íslensku ferskvatni:

# Landnám vágests er enn óstaðfest

**UMHVERFISMÁL** Ekki hefur tekist að staðfesta að sæsteinsuga sé tekin að hrygna á Íslandi, þrátt fyrir að ummerki eftir þetta sníkjudýr hafi fundist á sjóbirtingi veiddum á Suðurlandi um þriggja ára skeið. Veiðimálastofnun gekkst fyrir sérstakri rannsókn með styrk frá Fiskræktarsjóði til að leita að lirfum sæsteinsugunnar, án árangurs.

Nýverið kom út skýrsla hjá Veiðimálastofnun um þessar rannsóknir á landnámi sæsteinsugu á Íslandi. Gerð var sérstök leit að sæsteinsugulirfum í Vestur Skaftafellssýslu, því grunur leikur á að sæsteinsugan sé tekin til við að hrygna í íslensku ferskvatni. Leitað var á allnokkrum stöðum á vatnasvæði Kúðafljóts, Skaftár og Grenlækjar. Engar lirfur fundust við leitina. Veiðimenn urðu varir við torkennileg sár á sjóbirtingum úr Kúðafljóti árið 2006 og var hlutfall særðra fiska í afla veiðimanna allt að áttatíu prósent. Sjúkdóma- og vefjarannsókn á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum staðfesti að ekki var um neinn þekktan sjúkdóm að ræða og beindust fljótlega grunsemdir að sæsteinsugunni.



**UMMERKI** Særðir fiskar hafa djúp hringlaga sár á kviði milli eyrugga og kviðugga eða framarlega á baki. MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN

Vitað er að sæsteinssuga getur valdið dauða hýsils síns og getur hún einnig valdið miklum usla í stofnum laxfiska. Því eru veiðimenn hvattir til að senda myndir og upplýsingar til Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar sjáist merki eftir þennan vágest. - shá



**SÆSTEINSUGA** Kvikindið er frumstæð fisktegund af flokki hringmunna. Hún er sníkjudýr sem festir sig á fiska í sjó með sogmunni sínum og nærist á líkamsvökva fórnarlambsins. MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN

Listaháskóli Íslands:

## Kynna nýtt hús á opnum fundi

**SKIPULAGSMÁL** Listaháskóli Íslands stendur fyrir tveimur opnum kynningarfundum næstkomandi laugardag í Regnboganum þar sem starfsemin sem og vinningstillaga í samkeppni um nýtt hús skólans verða kynnt.

Sá fyrri hefst klukkan ellefu og hinn síðari klukkan eitt og verða þeir í sal tvö. Kynningarfundirnir eru öllum opnir og engin þörf er að skrá sig á þá. Húsið sem til stendur að reisa hefur verið mikið í umfjöllun að undanförnu og segir í fréttatilkynningu frá skólanum að markmið fundanna að auka þekkingu almennings á nýja húsinu. - jse

Stjórnvísi og Kauphöll Íslands verðlauna í fjórða sinn fyrir ársskýrslugerð:

# Ársskýrsla Landsbankans sú besta

**VIÐSKIPTI** Verðlaun fyrir ársskýrslu ársins 2007 féllu að þessu sinni í skaut Landsbanka Íslands.

Við val á ársskýrslunni var sérsök áhersla lögð á stjórnarhætti fyrirtækja og umfjöllun um launakjör stjórnenda samkvæmt reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöllinni. Stjórnvísi og NASDAQ OMX á Íslandi (Kauphöllin) veittu verðlaunin í fjórða sinn við hátíðlega athöfn í Gerðarsafni í Kópavogi síðdegis í gær. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra afhenti verðlaunin og Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, flutti ávarp.

Auk Landsbankans hlutu Kaupþing banki og Bakkavör Group viðurkenningu fyrir sínar ársskýrslur. Bakkavör vann í fyrra, en Glitnir og Kaupþing árin þar áður. Þátttakendur í valinu eru hlutafélög sem skráð eru í Kauphöllinni.

Í áliti dómnefndar kemur fram að ársskýrsla Landsbankans sé „stílhrein og vönduð að allri gerð“. Þá er framsetning texta sögð skýr og myndefni styðja vel við texta. „Skýrslan gefur greinargóða mynd af stöðu bankans og starfsemi rekstrarsviða, fjármögnun og áhættustýringu. Umfjöllun um mannauðsmál, stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð er góð. Reikningar bankans eru skýrir og vel fram settir.“ - óká



**AFHENDINGIN** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra afhendir Sigurjóni Þ. Árnasyni bankastjóra verðlaun fyrir ársskýrslu ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænsk fangelsi:

## Konur í bleikum kjólum

**SVÍÞJÓÐ Svíar ætla að breyta klæðnaði kvenna, sem sitja inni í sænskum fangelsum, þannig að þær klæðast bleikum kjólum sem eru einfaldir í sniðinu í staðinn fyrir hefðbundin fangaföt. Bleiki kjóllinn verður sýndur föngunum á sérstakri tískusýningu sem haldin verður í Stokkhólmi á næstunni.**

**„Þetta er mikið áfall,“ hefur Aftonbladet eftir Jönu Grohn, fyrrverandi fanga. „Fyrir þá sem sitja inni hefur lífið ekki verið dans á rósum.**

**Við sem höfum verið í neyslu höfum lifað erfiðu lífi,“ segir hún.** - ghs




Þeir ríkustu kaupa í fjölmiðlum:

## Slim þriðji stærstur í NYT

**FJÖLMIÐLAR Mexíkóski auðkýfingurinn Carlos Slim Helú keypti í gær 6,4 prósenta hlut í útgáfufélagi bandaríska blaðsins New York Times og er þriðji stærsti hluthafi þess, samkvæmt flöggun bandaríska fjármálaeftirlitsins.**

**Slim situr í öðru sæti á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir auðugustu einstaklinga í heimi á eftir Warren Buffett, sem hefur átt hlut í bandaríska dagblaðinu Washington Post um árabil.**

**Slim Helú lýsti því yfir fyrr á árinu að hann hefði áhuga á að bæta fjölmiðlafyrirtæki við eignasafn sitt, sem samanstendur mestmegnis af farsíma- og tóbaksfyrirtækjum. Skömmu síðar keypti hann eitt prósent í útgáfufélagi breska blaðsins Telegraph.** - jab

Eigandi Vífilfells fær sitt fram eftir ágreining við borgina og forsetembættið:

# Sprengir fyrir jarðhýsi við hús sitt á Laufásvegi

**SKIPULAGSMÁL** Eigandi Laufásvegar 73 hefur nú fengið leyfi til að stækka hús sitt verulega.



**ÞORSTEINN JÓNSSON**

Áður hafði Þorsteini Jónssyni í Vífilfelli verið synjað um leyfi fyrir stækkun hússins á grundvelli mótmæla embættis forseta Íslands sem vísaði til álits ríkislögreglustjóra um öryggi gesta í gestahúsi forsetans gegnt húsi Þorsteins.

Eftir að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felldi úr gildi synjun borgaryfirvalda á umsókn Þorsteins um byggingarleyfi sótti hann um að nýju. Athugasemdir bárust þá frá nokkrum öðrum nágrönnum Þorsteins en forsetaembættinu. Skipulagsráð samþykkti þó leyfi fyrir 278 fermetra stækkun.

Samkvæmt umsögn skipulagsstjóra verður að fjarlægja 400 rúmmetra af klöpp. Nágrannar hafi áhyggjur af ónæði og skemmdum. Kveður skipulagsstjóri þeim áhyggjum svarað með bréfi arkitekts Þorsteins sem segi það aðeins munu taka tíu virka daga að fleyga og fjarlægja klöppina af lóðinni. Ekki sé talin hætta á sprungumyndun í næstu húsum.

Viðbótin við hús Þorsteins er að mestu neðanjarðar og því ekki sjáanleg frá götunni, fullyrðir skipulagsstjóri. „Sýnilegar breytingar sem hafa áhrif á umhverfið eru stækkanir á anddyri og eldhúsi, þær breytingar hafa óverulegt áhrif,“ segir í umsögninni. - gar



**LAUFÁSVEGUR** Ágreiningi um stækkun hússins á Laufásvegi 73 um 278 fermetra virðist lokið með samþykkt byggingarleyfis.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
3.968 **+0,02%**

**Fjöldi viðskipta:** 304
**Velta:** 6.524 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | 4,81% | **ATLANTIC PETROL.** | 3,44% |
| **KAUPÞING** | 1,16% | **BAKKAVÖR** | 1,20% |
| **FØROYA BANKI** | 0,64% | **LANDSBANKINN** | 1,14% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,47 -0,46% ... Atorka 4,81 +1,26% ... Bakkavör 4,70 -1,20% ... Eimskipafélagið 10,15 -0,98% ... Exista 6,45 -0,46% ... Glitnir 13,92 -0,57% ... Icelandair Group 20,50 +0,25% ... Kaupþing 700,00 +1,16% ... Landsbankinn 21,65 -1,14% ... Marel Food Systems 85,00 +0,00% ... SPRON 3,21 +0,00% ... Straumur-Burðarás 8,42 -0,71% ... Össur 93,70 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Nú varð danskurinn hissa

Í nýjasta tölublaði Vísbendingar greinir Benedikt Jóhannesson, ritstjóri og útgefandi, frá samtali sem hann átti nýlega við reynslubolta úr dönsku viðskiptalífi. Mynt- og Evrópumál bárust í tal og kvaðst Daninn hafa tekið eftir að meirihluti Íslendinga vildi hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Heldur kom honum þó á óvart þegar hann var leiðréttur og bent á að hér væru sjálfstæðismenn á móti aðild en kratar fylgjandi og því ekki alls kostar rétt sem hann hafði gefið sér um að „hægrimenn styddu viðskiptalífið en vinstrimenn þvældust fyrir því“.

Þótti honum sérstakt að rökin fyrir að halda krónu væru til að tryggja hér atvinnumál, enda þar horfur svartar í gjaldþrotum vegna vaxtapíningarinnar sem hér fylgir verðbólguslagnum.



### Hver er maðurinn?

„Hver er þessi Ólafur Erling, nýr forstjóri VBS/Saga Capital?“ forvitnaðist fjárfestir áhugasamur um nýtt fjármálafyrirtæki inni á ritstjórn Markaðarins.

Nýr forstjóri er nafngreindur upp úr viðtali Markaðarins á Stöð 2 við Þorvald Lúðvík Sigurjónsson, forstjóra Saga Capital í fyrradag, í endurritun Fjölmiðlavaktarinnar. Þar hefðu menn þó mátt hlusta betur, því Þorvaldur sagði ekki „Ólafur Erling“ heldur „það er óráðið ee... líka“.

Samkvæmt þjóðskrá bera þrír nafnið Ólafur Erling, 19, 27, og 34 ára gamlir. Hafi áhugasamir hringt til að forvitnast hafa þeir væntanlega gert það í goggunarröð eftir aldri.



## Keypt utan Kauphallar

Utanþingsviðskipti voru með bréf í Kaupþingi upp á rúma 2,5 milljarða króna á genginu 690 krónur á hlut í gær. Þetta er önnur stóru utanþingsviðskiptin með bréf í bankanum á jafn mörgun dögum en í fyrradag námu viðskiptin 1,5 milljörðum króna.

Utanþingsviðskipti eru þau viðskipti sem eiga sér stað beint á milli markaðsaðila og tilkynnt um eftir á. Heildarvelta hlutabréfa í gær nam rúmum 6,5 milljörðum króna, þar af með bréf Kaupþings upp á fjóra milljarða. Annað liggur ekki fyrir um viðskiptin, nema að 3,7 milljónir bréfa skiptu um hendur. Það jafngildir 0,05 prósentum af markaðsverðmæti Kaupþings. **- jab**

# Breytilegt lán hluthafa til Árvakurs

Allir hluthafar í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins og 24 stunda, utan einn, hafa ákveðið að taka þátt í lánveitingu til félagsins upp á ríflega 500 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er um breytilegt lán að ræða, sem síðar má breyta í hlutafé. Er fénu ætlað að styrkja núverandi rekstur félagsins.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON**

Félag sem heldur utan um hlut fjölskyldu Garðars heitins Gíslasonar stórkaupmanns ákvað að taka ekki þátt í hlutafjáraukningunni. Félög í eigu Björgólfsfeðga eiga ríflega fimmtíu prósent hlutafjár í Árvakri.

Helstu eigendur Árvakurs hafa undanfarnar vikur átt í óformlegum viðræðum við eigendur 365, sem á og rekur meðal annars Fréttablaðið og Markaðinn, um samvinnu eða samruna af einhverju tagi, samkvæmt heimildum Markaðarins. **- bih**



**SEÐLABANKASTJÓRNIN ÁKVEÐUR ÓBREYTTA VEXTI** Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson við tilkynningu stýrivaxta í gær. Davíð sagði að rót verðbólgunnar væri innlend og því gætum við unnið á henni sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Áfangasigur gegn Enron

Hluthafar bandaríska orkurisans Enron unnu áfangasigur á mánudag þegar dómari í Texas dæmdi banka og fjármálafyrirtæki sem tengdust orkufyrirtækinu til að greiða hluthöfum 7,2 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 660 milljarða íslenskra króna, í skaðabætur.

Hluthafarnir eru 1,5 milljónir að tölu samkvæmt gögnum fréttastofunnar Associated Press. Þegar best lét síðla árs 2001 fór gengi bréfa í orkurisanum í 90 dali á hlut. Skömmu fyrir gjaldþrotið hrundi það í hálft sent.

Tæpar 700 milljónir Bandaríkjadala fara í lögfræðikostnað enda málið hið umfangsmesta í sögu Bandaríkjanna.

Enron var meðal umsvifamestu fyrirtækja Bandaríkjanna við upphaf aldarinnar. Skuldahali sem falinn var bak við bókhaldsbrellur, sem sýndu hagnað í stað taps í fjögur ár, varð því að falli og var orkurisinn úrskurðaður gjaldþrota í desember 2001.

Æðstu stjórnendur fyrirtækisins hafa verið sakfelldir fyrir fjársvik, samsæri og innherjaviðskipti sem stuðluðu að gjaldþrotinu og sitja nokkrir þeirra á bak við lás og slá. Kenneth Lay, forstjóri Enron, lést af völdum hjartaáfalls fyrir tveimur árum er hann beið dóms. **- jab**



**FORSTJÓRINN HANDTEKINN** Kenneth Lay, fyrrverandi forstjóri Enron, var handtekinn árið 2004. Hann lést tveimur árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ekki tímabært að ríkið helli sér í framkvæmdir

**Seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum um sinn í 15,5 prósentum. Verðbólga nærri hámarkinu, segir Davíð Oddsson. Rót verðbólgunnar sé innlend og stýrivextir bíti.**

„Aðgerðir til að örva efnahagslífið nú, hvort heldur með minna aðhaldi í peninga- eða ríkisfjármálum eru ótímabærar,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri þegar hann kynnti stýrivaxtaákvörðun bankans í gær. Vextirnir verða óbreyttir, 15,5 prósent.

Davíð sagði eðlilegt að skilaboð af þessu tagi kæmu frá bankanum, nú þegar unnið væri að fjárlögum; ríkisfjármál yrðu ekki notuð til að bregðast við kreppu sem ekki væri orðin. Hann vildi ekkert um það segja hvenær heppilegt væri að ríkið léti til sín taka til að örva efnahagslífið. „Með ríkisfjármálin geta menn mildað sveiflur, en það er mikilvægt að menn auki þær ekki.“

Davíð bætti því við að nýjustu tölur sýndu að hagvöxtur væri meiri en áður var talið og það hægi á hjöðnun verðbólgunnar.

Þá hefði verðbólga aukist verulega í kjölfar gengislækkunar krónunnar og væri meiri en bankinn gerði ráð fyrir í síðustu spá. „Enn standa líkur til þess að verðbólga sé nærri hámarki um þessar mundir og muni taka að hjaðna hratt á næsta ári.“ Vísbendingar væru hins vegar misvísandi. Um það hvort aðgerðir Seðlabankans dygðu til að vinna á verðbólgunni nú, sagði Davíð öll merki um að vextirnir bitu. Það hefur hins vegar heyrst að verðbólgan nú sé innflutt og vextir Seðlabankans hafi því lítið að segja. „Rót okkar verðbólgu er fyrst og fremst hjá okkur sjálfum.“ Það væru góð tíðindi út af fyrir sig, því þá gætum við sjálf unnið á henni.

Davíð ítrekaði að háir stýrivextir væru nauðsynlegir þangað til verðbólga yrði örugglega tekin að minnka. „Afsláttur á þeirri stefnu yrði öllum til bölvunar bæði í bráð og lengd.“

Davíð var spurður hvort líkan bankans hefði bent til þess að vextirnir yrðu hækkaðir fremur en lækkaðir nú. Davíð sagði að vangaveltur hefðu frekar verið til hækkunar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að vaxtaákvörðunin hafi verið fyrirsjáanleg „og er skiljanleg í ljósi þess hvaða líkan þar er stuðst við en auðvitað vona allir að um leið og verðbólgukúfurinn gengur yfir muni vextirnir þar lækka samhliða“. **ingimar@markadurinn.is**

SIMPLY CLEVER

FJÓRIR LÍTRAR Á HUNDRAÐIÐ.
ÞAÐ ER STÖÐUGLEIKI Í ÞVÍ.

HEKLA Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is · Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# HAUST-TILBOÐ!

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager







| | | |
|---|---|---|
| WLU 06A Hvítt háglans eða eik 120 x 50 sm **69.800,- stgr.** | WLU 147 Eik 61x48 +25 sm **59.900,- stgr.** | WLU 147 Hvítt háglans 61x48 +25 sm **59.900,- stgr.** |










**WLU 900** eik - svart háglans - hvítt háglans
fæst í breiddum: 60, 70 og 90 sm

**WLU 700** eik - svart háglans - hvítt háglans
fæst í breiddum: 60, 70 og 90 sm

**WLU 600** eik - svart háglans - hvítt háglans
fæst í breiddum: 60, 70 og 90 sm

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Má ný stefnumótun í peningamálum bíða?

# Nei

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Mesti trúverðugleikavandi ríkisstjórnarinnar á rætur í ólíkum viðhorfum stjórnarflokkanna til þess hvernig skipa eigi peningamálastjórninni til frambúðar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki alfarið horfið frá því mati að krónan geti dugað. Samfylkingin vill þar á móti taka upp evru.

Upptaka evru er háð aðild að Evrópska myntbandalaginu og líklegast einnig Evrópusambandinu. Stjórnarflokkarnir sömdu um að hún væri ekki á dagskrá þetta kjörtímabil. Þeir bera jafna ábyrgð á því ákvæði. Þegar stjórnin var mynduð voru aðstæður með þeim hætti að ekki var útilokað að skjóta mætti því uppgjöri á frest. Þær aðstæður hafa breyst.

Heita má óumdeilt að ríkjandi stefna í peningamálum hafi beðið skipbrot. Það eitt þarf þó ekki sjálfkrafa að þýða að krónan sé úr sögunni. Að því leyti eru tveir kostir enn fyrir hendi: Evra eða króna. Vandinn er hins vegar sá að enginn hefur komið fram með hugmynd að nýrri aðferðafræði við stjórnun krónunnar sem líkleg er til að skapa trú á að Ísland geti búið við sambærilegan stöðugleika og viðskiptaþjóðirnar þegar til lengri tíma er horft. Við svo búið er evran því eini raunhæfi kosturinn.

Það sjónarmið er uppi að bíða megi með mótun framtíðarstefnunnar í peningamálum þar til þjóðin er komin í gegnum þá djúpu lægð sem hún er nú stödd í. Annars vegar er það rökstutt með því að fólk muni hætta að kalla á evru þegar alþjóðalánsfjárkreppunni lýkur og hins vegar á þann veg að ekki megi bregða fæti fyrir Seðlabankann í miðju straumvatninu. Tvennt mælir gegn þessum kenningum.

Í fyrsta lagi hefur Seðlabankinn þegar misst fótanna í straumnum. Ástæðan verður ekki alfarið rakin til mistaka stjórnenda bankans. Það eru einfaldlega leikreglur laganna sem ekki ganga upp. Þeim veruleika verður ekki breytt með því að loka augunum. Trúverðugleika sem er farinn verður ekki viðhaldið.

Í annan stað er dagljóst að það ræðst af viðbrögðum á vinnumarkaðnum hvort verðbólgan verður tímabundin eða varanleg. Byrji víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags breytist skammvinn kreppa í vísan varanlegan voða. Eigi forystumenn launafólks að geta varið kjaraskerðingu um stund þurfa þeir að sjá ljós í myrkrinu. Trúverðug peningastefna sem tryggir Íslandi sambærilegan stöðugleika og aðrar þjóðir njóta er lykilatriði í því efni.

Þar af leiðir að ekki er unnt að bíða í tvö til þrjú ár með að sýna það ljós. Varanlegur stöðugleiki og hagvöxtur ráða því hvort lífskjörin fara batnandi á ný. Forystumenn launafólksins og atvinnufyrirtækjanna þurfa að hafa vissu fyrir því að sú langtímastefna hafi verið mótuð sem gerir þetta mögulegt.

Mikilvægt er að hafa í huga að evra leysir þjóðina ekki undan tímabundinni kjaraskerðingu. Hún leysir stjórnarflokkana ekki heldur frá þeirri ábyrgð að koma fram með verulega aðhaldssamar fjárlagaráðstafanir. Evran er með öðrum orðum ekki sjálfkrafa lausn á vanda. Á hana ber miklu fremur að líta sem annað efnahagsumhverfi sem gerir mönnum auðveldara að ná óumdeildum stöðugleikamarkmiðum. Eftir sem áður geta menn farið vel eða illa að ráði sínu.

Ólíklegt er að þjóðin fallist á að stjórnarsáttmálinn hindri að fara megi greiðfærustu leiðina til að ná tökum á þessu lykilatriði í efnahagsstjórninni. Svarið við þeirri spurningu hvort bíða megi með framtíðarstefnumótun í peningamálum er að þessu virtu: Nei.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefándsóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ókyrrð

Einhver ókyrrð er hlaupin í Frjálslynda flokkinn, miðað við fréttir undanfarna daga. Fyrr í vikunni varpaði Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður flokksins, þeirri bombu að það ætti að bjóða flóttamenn velkomna til Íslands og taka vel á móti þeim. Þetta túlkaði varaformaður flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, sem grófa árás á sig og sakaði Kristin um fordóma (gegn hverju fylgdi reyndar ekki sögunni). Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, var ekki fyrr byrjaður að bera vopn á klæðin en Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður frjálslyndra, lýsti yfir að ef til vill væri það góð hugmynd að Guðjón Arnar viki sem formaður flokksins og Sigurjón sjálfur tæki við, eins og félag frjálslyndra í Eyjafirði hefur lagt til.



### Hraustleikamerki

Ljóst er að það yrði á brattann að sækja fyrir Sigurjón, enginn af þingmönnum flokksins né varaformaðurinn styðja hann til starfans. Sigurjón yrði fyrst og fremst að afla sér stuðnings í grasrótinni. Með þessu fylgjast áhugamenn um stjórnmál auðvitað spenntir næstu mánuði. Hvað sem því líður er ljóst að ekkert stjórnmálaafl iðar jafn mikið af lífi og Frjálslyndi flokkurinn um þessar mundir, sem er auðvitað fyrst og fremst hraustleikamerki.



### Síðasta framfaramálið

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Samfylkingarinnar, rakti á Alþingi í gær aðdragandann að stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 og þeim litla skilningi sem það mætti á sínum tíma. Var það hins vegar mat Guðmundar að stofnun umhverfisráðuneytisins væri eitt síðasta framfaramálið sem þakka mætti Framsóknarflokknum. Bíddu, hver var aftur formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra árið 1990?

bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Eru berin alltaf súr?

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Oddsson



**GUÐMUNDUR ODDSSON**

Það er með ólíkindum hvernig umræðan hefur verið um þær breytingar sem Íslandspóstur hefur boðað í sambandi við lokun póstafgreiðslustaða og fækkun póstburðardaga á landsbyggðinni. Einkum eru það félagar í VG sem farið hafa mikinn og gildir þá einu hvaða forsendur liggja á bak við þessar ákvarðanir Íslandspósts, því tilgangurinn helgar meðalið hjá félögum í VG. Íslandspóstur fækkar ekki póstburðardögum eða lokar póstafgreiðslustöðum að gamni sínu. Það er mikill misskilningur að halda því fram að einhver skerðing á þjónustu felist í því að fækka póstburðardögum úr 5 í 3 á viku ef enginn póstur er til flutninga. Það getur tæpast verið mikil þjónusta fólgin í því að láta póstbíla aka tóma hundruð kílómetra á dag út um allt land. Á þeim afgreiðslustöðum sem hefur verið og mun verða lokað á næstu misserum hafa verið sárafáar afhendingar á dag og að mati Íslandspósts munu landpóstar auðveldlega geta haldið uppi sama þjónustustigi og í flestum tilvikum verður það betra.

Allt frá stofnun Íslandspósts 1997 hefur það verið stefna að gera fyrirtækið að alhliða sterku flutningafyrirtæki. Á fyrstu árunum eftir aðskilnaðinn við Símann þurfti að breyta rekstrinum mjög og treysta fyrirtækið og skapa því góð rekstrarskilyrði. Það var erfitt en tókst og þegar á árinu 2004 samþykkti stjórnin að treysta stöðu Íslandspósts á landsbyggðinni með því að byggja 10 ný pósthús. Sú ákvörðun stjórnar grundvallaðist að sjálfsögðu á þeirri stefnu að auka enn betur alla þjónustu við landsbyggðina.

Það eru því örgustu öfugmæli oað lesa það í dagblöðum sí og æ að Íslandspóstur sé að draga úr þjónustu sinni við landsbyggðina eins og feðgarnir Jón Bjarnason þingmaður VG og Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, hafa gert. Mér finnst raunar afstaða þeirra feðga mjög í anda VG og hafa þann eina tilgang að vera á móti öllu og öllum. Í grein Bjarna Jónssonar í Fréttablaðinu 10. september kemur raunar fram að tilgangurinn með greininni er eingöngu að koma höggi á samgönguráðherra og Samfylkinguna, en hefur ekkert með póstdreifingu að gera.

Sem stjórnarmanni í Íslandspósti til margra ára gremst mér að lesa stöðugt þær fullyrðingar sjálfskipaðra talsmanna landsbyggðarinnar úr VG, að við séum alltaf að vinna skemmdarverk gagnvart landsbyggðinni. Að sjálfsögðu ber stjórn fyrirtækisins fulla ábyrgð á stefnunni og samgönguráðherra hverju sinni kemur þar ekkert nærri. Okkur ber að reka fyrirtækið sem best og bera hag þess fyrir brjósti. Mér er ekki kunnugt um einhver lög um póstþjónustu, sem kveða á um lágmarksfjölda póstafgreiðslna á landinu, enda væri slíkt út í hött. Það er hins vegar skýr áform Íslandspósts að tryggja öllum landsmönnum góða og örugga þjónustu og búa fyrirtækið undir breytt rekstrarumhverfi. Í ársbyrjun 2011 fellur einkaréttur Íslandspósts á dreifingu bréfa niður og þá verður fyrirtækið að vera tilbúið að keppa við samkeppnisaðila á jafnréttisgrunni. Ef Íslandspóstur nær ekki þeim markmiðum sínum, gæti ég trúað, að þá fyrst mætti landsbyggðin hafa áhyggjur af þjónustunni.

*Höfundur er varaformaður stjórnar Íslandspósts.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


heima
HEIMA ER BEST!
200x80x80
FIORI
3ja sæta: 148.800
Stóll: 74.800
LEÐURSTÓLL
15.900
210x57x49
TV SKENKUR
Hvítt og svart:
84.800
Wengi: 95.800
30% afsláttur!
SKINNSTÓLL
175.000
TILBOÐ: 122.500
86X90X76
Mod: Kakan 103
Litir Hvítt og svart, hvítt og brúnt.
FIORI
TUNGUSÓFI
246.000
Hvítt og svart
250x160x80
Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝSLÁTRAÐ
KS
15%
AFSLÁTTUR
KS FERSKT LAMBALÆRI
1225 KR./KG. MERKT VERÐ 1443 KR./KG.
698
KF LAMBASALTKJÖT 1. FL.
698 KR./KG. MERKT VERÐ 998 KR./KG.
15%
AFSLÁTTUR
KS FERSK LAMBAHJÖRTU
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./
KS FERSK LAMBALIFUR
187 KR./KG. MERKT VERÐ 220 KR./KG.
1398
KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR./KG.
798
KS FERSKUR LAMBABÓGUR
798 KR./KG.
KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS
798
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKIR BL. KJÚKLINGABITAR
349 KR./KG.
1498
KRAFT FROSNAR KJÚKLINGARBRINGUR
1498 KR./KG.
CHICAGO TOWN
TAKEAWAY
SAUCE STUFFED CRUST
FIVE CHEESE PIZZA
598
TAKEAWAY CHICAGO-TOWN-PIZZURNAR
598 KR. TVÆR TEGUNDIR
BÓNUS KJARNABRAUÐ
129
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g AÐEINS 129 KR.
L&L
Tilboð
TILBOÐ
LÉTT OG LAGGOTT 400G
TILBOÐPAKKNING KOMIN Í BÓNUS.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝSLÁTRAÐ
499
ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 KR./KG.
NÝSLÁTRAÐ
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 KR./KG. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
NÝSLÁTRAÐ
30%
AFSLÁTTUR
ALI ÚRBEINAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR
1399 KR./KG. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
NÝSLÁTRAÐ
30%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR SVÍNAHNAKKI ÚRBEINAÐUR
1259 KR./KG. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
679
KF KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR
M/BEINI AÐEINS 679 KR./KG.
NÝTT KORTATÍMABIL
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR PIRI-PÍRI KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.
KOFAREYKT
40%
AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
382 KR./KG. MERKT VERÐ 637 KR./KG.
Vanillu Ís
BÓNUS
198
BÓNUS ÍS 2 LTR
198 KR.
Pampers
Sensitive
Pampers
baby fresh
298
PAMPERS BABYFRESH 72 STK
PAMPERS BABYSENSETIVE 63 STK
298 KR./PK.
Pampers
1559
PAMPERS BLEIUR
TVÖFALDUR PAKKI
Allar stærðir 1559 KR.
MIDI 70 STK. MAXI 62 STK.
MAXI+58 STK. JUNIOR 54 STK.
7UP
98
EGILS 7-UP 2 ltr.
98 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

# Nýir tímar í neytendamálum

**UMRÆÐAN**
Björgvin G. Sigurðsson skrifar um neytendamál

Í vikunni hófst fundaferð viðskiptaráðuneytisins um neytendamál. Við höldum opna fundi hringinn í kringum landið í tveimur lotum; nú í september og aftur síðar í vetur. Markmiðið er tvíþætt; að kynna stefnumörkun okkar og kalla eftir viðhorfum fólksins í landinu. Hvað brennur á hverjum og einum og hvernig má sem best bæta stöðu almennings í landinu.

Stórt skref í stefnumótuninni var stigið fyrr á árinu með úttekt þriggja stofnana Háskóla Íslands um stöðu neytendamála á Íslandi. Þar kemur margt afar gagnlegt fram enda í fyrsta sinn sem úttekt fer fram á stöðu neytendamála hér.

Þá hefur fjöldi neytendamála verið færður í búning frumvarpa í ráðuneytinu og urðu mörg hver að lögum í vor. Þar ber hæst endurskoðun samkeppnislaga, innheimtulög, ný lög um neytendalán, lög um greiðsluaðlögun og frumvarp til laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Miklu skiptir í þessu samhengi að efla stofnanir neytendamála og Neytendasamtökin, bæði fjárhagslega og lagalega. Slíkar tillögur liggja nú fyrir í skýrslu Lagastofnunar HÍ og síðar í inngangi mínum kynni ég í hvaða farveg þær breytingar fara.

### Réttarstaða og greiðsluerfiðleikar

Markmið heildarstefnumótunar viðskiptaráðuneytisins er að skapa réttindum og hagsmunum neytenda verðugri sess í samfélaginu. Ennfremur að vinna gegn háu verðlagi á Íslandi, auðvelda almenningi að takast á við breytta heimilis- og verslunarhætti, styrkja og auka vitund neytenda um rétt sinn, innleiða í auknum mæli upplýsingatækni í þágu neytenda og styðja þá til að taka virkari þátt til að sinna hagsmunum sínum á markaði.


BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Nú þrengir að hjá mörgum sem skuldsettir eru. Fólk sem lendir í efnahagsáföllum þarf að fá rýmri möguleika til að koma undir sig fótunum á ný og við þurfum að gera allt sem hægt er til að bæta stöðu skuldara og koma í veg fyrir að fólk verði gjaldþrota.

Lengi hefur tíðkast hér á landi að þeir sem hafa misst fótanna fjárhagslega, til dæmis vegna slysa eða veikinda, hafa þurft að vera í eins konar skuldafangelsi árum og jafnvel áratugum saman. Gild rök má færa fyrir því að einstaklingar muni skila miklu meiru og fyrr til samfélagsins fái þeir aðstoð við að semja um raunhæfar greiðslur eða niðurfellingu skulda eftir aðstæðum. Því er brýnt að lögfesta ákvæði um greiðsluaðlögun og bindum við vonir við að slík löggjöf myndi hafa það í för með sér að gjaldþrotum einstaklingafækkiverulega.Forsætisráðherra hefur kynnt það að slíkt mál muni koma fram og er nú unnið að því í viðskipta- og dómsmálaráðuneytum.

### Seðilgjöld og yfirdráttarkostnaður

Í byrjun árs kynnti ég niðurstöðu starfshóps sem ég hafði áður skipað um gjaldtöku fjármálastofnana. Niðurstaða hópsins var merkileg um margt og hefur afgerandi áhrif á stöðu stórra mála á borð við seðilsgjaldtöku og yfirdráttarkostnað. Samkvæmt niðurstöðunni er innheimta seðilgjalda óheimil nema með sérstöku samkomulagi við neytandann. Í framhaldinu gaf ég út tilmæli um það sem fylgt er eftir með úttektum á innheimtu seðilgjalda, takmarkanir verða settar á álagningu uppgreiðslugjalda og yfirdráttarkostnaður verður óheimill nema um hann hafi verið samið og að hann endurspegli upphæð og sé hóflegur. Að þau séu ekki samræmd og óháð yfirdreginni upphæð.

*Stórt skref í stefnumótuninni var stigið fyrr á árinu með úttekt þriggja stofnana Háskóla Íslands um stöðu neytendamála á Íslandi. Þar kemur margt afar gagnlegt fram enda í fyrsta sinn sem úttekt fer fram á stöðu neytendamála hér.*

Niðurstaða hópsins er afdráttarlaust sú að bankar og sparisjóðir megi ekki á grundvelli laga heimila fyrirtækjum eða öðrum kröfuhöfum að bæta fylgikröfum við aðalkröfu gagnvart neytendum. Þá lagði starfshópurinn til að lögfestar yrðu reglur í lög um neytendalán um uppgreiðslugjald og að þar yrði kveðið á um að gjaldtakan skyldi eiga sér stoð í samningi og að lánveitandi gæti ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu væri gjaldfelling af hans hálfu. Það frumvarp hefur þegar verið lagt fram og er nú í viðskiptanefnd Alþingis til meðferðar.

Hvað uppgreiðslugjaldið varðar hefur nú verið lögfest á grundvelli niðurstaðna hópsins að óheimilt verði að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 milljónir króna eða minna. Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald má fjárhæð gjaldsins að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánssamningi með föstum vöxtum skal miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Eftir þessari tillögu var farið og er að finna í lagafrumvarpi um neytendalán.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að óheimilt er að innheimta svokallaðan FIT-kostnað (kostnað vegna óheimils yfirdráttar) nema gjaldtaka eigi sér skýra stoð í samningi. Í framhaldinu var fest í lög að slíkur kostnaður skyldi vera hóflegur og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins.

### Neytendavakning

Það er bæði von mín og vissa að það starf sem við höfum sett af stað í viðskiptaráðuneytinu muni skila sér í vakningu á meðal almennra neytenda. Öflugri og sanngjarnari löggjöf verði á sviði neytendaréttar og ekki síst því að viðskiptaráðuneytið verði framvegis og til framtíðar öflugt ráðuneyti neytendamála.

Því er einkar ánægjulegt að kynna afrakstur vinnu undanfarinna mánaða í formi skýrslnanna þriggja og fara nú um landið og kynna stefnuna og hlusta á raddir fólksins um þessi mál. Hvet ég landsmenn til að mæta á fundina og láta í sér heyra.

*Höfundur er viðskiptaráðherra.*

# Dylgjur þingmanns

**UMRÆÐAN**
Viðar Guðjohnsen

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hefur enn einu sinni valið þann kost að koma í bakið á samflokksmönnum sínum en um langan tíma hefur Kristinn unnið bæði gegn mér og forystu flokksins undir því yfirskini að hann sé ósammála stefnu flokksins í málefnum innflytjenda.


VIÐAR GUÐJOHNSEN

Í Fréttablaði dagsins kemur fram að Kristinn hafi á vefsíðu sinni enn einu sinni reynt að draga úr málflutningi bæði formanns og varaformanns flokksins með skrifum sínum og virðist sem Kristinn H. Gunnarsson reyni sitt besta að draga úr þeim grundvallarbaráttumálum sem Frjálslyndi flokkurinn boðaði í kosningabaráttunni.

Þykir mér það afar miður og er ég í raun undrandi að eftir allan þann mótbyr sem Kristinn fékk við síðustu tilraun sína til uppreisnar að hann hafi enn og aftur ákveðið opinberlega að dylgja um vönduð vinnubrögð flokksbræðra sinna.

Það stefnuleysi, magnleysi og sú ósamheldni innan flokksins sem Kristinn H. Gunnarsson elur af sér er ólíðandi og hvet ég þingflokksformanninn til þess að laga vinnubrögð sín ella segja af sér sem formaður þingflokks Frjálslynda flokksins.

*Höfundur er formaður ungra frjálslyndra.*

Microsoft Dynamics™ AX




HugurAx / Guðríðarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / hugurax@hugurax.is / Sími 545 1000
HUGUR / AX VIÐSKIPTALAUSNIR



**FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN**
er kærkominn staður fyrir fjölskylduna um helgar. Þar gefst börnum, unglingum og fullorðnum færi á að komast í snertingu við húsdýr og fá svo útrás í leiktækjum um helgar á meðan veður leyfir. Þar er haft opið frá klukkan 10 til 17 alla daga. Sjá www.husdyragardur.is.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



Pitsurnar hennar Rósu með skinku, ananas, gráðosti og beikoni annars vegar og rjómaosti, skinku og sveppum hins vegar eru sérstaklega góðar daginn eftir. MYND/HEIÐA.IS

# Krydd og fræ í botninn

**Rósa Tryggvadóttir sjúkraþjálfari segir heimabakaðar pitsur bestar. Þær geti einnig verið hollari en skyndibitapitsur, en hún bætir ýmiss konar fræjum og kryddi í botninn til að gera hann hollari.**

Rósa Tryggvadóttir, sjúkraþjálfari hjá Eflingu á Akureyri, segist ekki vera dugleg að elda. En þegar hún lætur til sín taka í eldhúsinu bakar hún matarmiklar pitsur, svokallaðar Rósupitsur.

„Grunnurinn að botninum kemur frá mömmu en svo hef ég bætt við hann og breytt. Mér fundust heimabökuðu pitsurnar hjá mömmu alltaf svo góðar því hún setti alls konar afganga á pitsurnar og þær urðu svo matarmiklar,“ segir Rósa um tildrög þess að hún reyndi fyrir sér með pitsubaksturinn. Hún hefur gaman af því að gera tilraunir með deigið til hollustu og bætir út í það fræjum og kryddi eftir smekk.

„Stundum set ég óreganókrydd út í deigið til að gera þetta svolítið ítalskt. Oft set ég sólblómafræ og stundum sesamfræ en fræin gefa mjög gott bragð og gera pitsuna líka aðeins hollari. Það má þó ekki setja mikið af sesamfræjunum því þau geta verið bragðsterk. Ég set líka heilhveiti til helminga við hveitið.“

Þegar botninn er orðinn tiltölulega hollur segir Rósa hægt að leyfa sér að bæta matarmiklu áleggi út á. „Ég er hrifin af mozzarella-osti, tómötum og basiliku en vinsælasta pitsan heima hjá mér er með skinku, pepperóní, sveppum og beikoni og stundum lauk. Hún er bragðmikil og góð en ég reyni þá að nota fituminna beikon. Svo er pitsan rosalega góð í nestið daginn eftir. Þá hefur áleggið fengið að setjast í og það er komið meira bragð af pitsunni. Ég baka oft tvær pitsur, svo við getum tekið með okkur í nestið. Annars baka ég pitsurnar á tyllidögum og þær eru vinsælar hjá gestum.“

heida@frettabladid.is

## BOTNINN Í RÓSU-PITSUNA

3 dl heilhveiti
3 dl hveiti
smá salt
4 tsk. þurrger
fræ eftir smekk
og/eða óreganókrydd
3 dl volgt vatn

*Látið hefast meðan áleggið er skorið niður.*




4ra rétta tilboð

*til 25. september*

**Léttreyktur lax** með granateplum og wasabi sósu
**Humarsúpa**, rjómalöguð með grilluðum humarhölum
**Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu
**Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

Aftur á dagskrá!

**Banfi kvöldverður**

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Í boði verður 4ra rétta seðill með eða án víns. Jazztríó Björns Thoroddsen spilar.

*Sjá nánar á perlan.is.*

**Villibráðarhlaðborðið hefst 16. október.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

TRANS FITA LO SALT MSG

Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og högum innkaupum okkar í samræmi við það.



**Heilsuréttir Nings**

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali.
61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuðum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti.
62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti.
nýtt! 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
nýtt! 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti.
68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
nýtt! 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.



NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



**UPPSKRIFTIR** að ýmsum eftirréttum er að finna á heimasíðu Sælgætisverksmiðjunnar Freyju, www.freyja.is. Má þar nefna uppskriftir að konfekti, romm- og rúsínuís, kókosmakkarónum, súkkulaðifrauði og fleiru þar sem Freyju-sælgæti kemur að sjálfsögðu við sögu.


JUST FOOD TO GO
JUST FISH JUST CHICKEN JUST MEAT
LAUGARÁSVEGUR 1 – SÍMI 588 8588



góðgæti frá Jóa Fel
Samlokur að hætti Jóa Fel
Rúnstykki með skinku og osti

Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan
FABRIKAN




Á Max Brenner geta súkkulaðiunnendur fengið útrás fyrir þessa ástríðu.



Pitsa með súkkulaði er á boðstólum.

MYND/MAX BRENNER

# Unaðsreitur í New York

**Blaðamaður Fréttablaðsins brá sér á dögunum til New York og uppgötvaði sér til mikillar ánægju sælkerastað sem sérhæfir sig í súkkulaðiréttum og -drykkjum af bestu gerð, allt frá súpum upp í pitsur.**

Biðröð hafði myndast fyrir utan veitingastaðinn Max Brenner í New York þegar blaðamann bar að garði, enda streyma þangað súkkulaðiunnendur hvaðanæva að úr heiminum. Sumir eru orðnir háðir freistingunum sem í boði eru, aðrir í þann mund að opna í fyrsta sinn dyrnar að undraveröldinni fyrir innan.

Við fyrstu sýn er ýmislegt við Max Brenner sem minnir á súkkulaðiverksmiðju Willy Wonka og það er engin tilviljun. Alls staðar blasa svo við teikningar af Brenner, sem er tilbúningur eins og Wonka; í þessu tilviki þeirra Max Fichtman og Odeds Brenner sem opnuðu fyrsta staðinn í Ra'anana í Ísrael fyrir tíu árum (Max Brenner er myndað úr nöfnum þeirra félaga). Síðan þá hafa Max Brenner-staðir verið opnaðir víða um heim og markmiðið er ætíð að bjóða upp á súkkulaði í alls kyns gómsætum myndum.

Þannig gat blaðamaður valið á milli súkkulaðisúpna, -pitsa og svo framvegis. Vaffla með banönum, jarðarberjum, bláberjum og heitri súkkulaðisósu varð þó fyrir valinu og þegar hún var smökkuð rifjaðist upp fyrir blaðamanni fullnægingaratriðið fræga úr kvikmyndinni When Harry Met Sally. Súkkulaðimartíní hafði svipuð áhrif.

Eftir það var komið við í sælkeraverslun á staðnum þar sem bækur, bollar og sætindi fást. Varla þarf að spyrja að því hvað blaðamaður hafði með sér þegar hann yfirgaf Max Brenner í sæluvímu.

Nánari upplýsingar á www.maxbrenner.com

*roald@frettabladid.is*





**13. September**
**"BLIND DATE"**
25 ára aldurstakmark! Aðeins fyrir einhleypa, karla og konur.
*Gisting/ Hátíðarkvöldverður/ Ball*
**Verð: 8.500 kr. á mann.**

**27. September**
**Hausthátíð í Rangárþingi Eystra**
*Gisting/ Hátíðarkvöldverður/ Ball*
**Verð: 8.500 kr. á mann.**

**04. Október**
**Kreol og Blues**
Gisting, Kreol matur
lifandi tónlist og ball
**Verð: 8.900 kr. á mann.**

**18. Október**
**Sviða messa**
Veislustjóri: Árni Johnsen
Gisting, matur, skemmtiatriði og ball
**Verð: 8.900 kr. á mann**
Án gistingar: 4.500 kr. á mann

**25. Október**
**Franskt kvöld**
Gisting, 4 rétta matseðill og vín
Lifandi tónlist og ball
**Verð: 11.500 kr. á mann.**

**01. og 08. Nóvember**
**Villibráðarkvöld**
Lifandi tónlist og ball
**Verð: 10.900 kr. á mann.**

**Villibráð / Jólahlaðborð**
Frá 15.11.2008 til 20.12.2008 Bjóðum við uppá skemmtilegar og matarmiklar helgar með Villibráðarhlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.
**Einnig er lifandi tónlist og ball báða dagana.**

**Gistu tvær nætur á verði einnar!**
Gestir sem velja Villibrá áföstudag og Jólahlaðborð laugardag greiða aðeins gistingu fyrir eina nótt.
15.11.2008-20.12.2008
**Önnur nóttin frí.**

hótel hvolsvöllur

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

Grafíska vinnustofan ehf. HH08-0128

**LASER TAG** hentar þeim sem vilja upplifa spennu um helgina, en fyrirtækið Laser Tag sérhæfir sig í þess konar skemmtun. Þátttakendur klæðast vestum með áföstum skotmörkum og er markmiðið að hitta skotmörk andstæðingsins með leiserbendla-byssum. Sjá www.lasertag.is.







Hótel Hvolsvöllur er nýlega stækkað og endurbætt. Þar eru 54 herbergi og nýr veitingasalur. MYND/BJÖRGVIN ÓSKARSSON






# Rómantískt kósíkvöld

**Starfsfólk Hótels Hvolsvallar mun leggja sig fram um að skapa skemmtilega stemningu á laugardagskvöldið þegar þangað er boðið einhleypum einstaklingum af báðum kynjum á stórt blint stefnumót.**

„Fólki finnst þetta snilldarhugmynd. Það er mikið um að vinkonur og vinir skrái sig og kynjaskiptingin er nokkuð jöfn. Ég mun raða til borðs en blanda mér ekkert í hverjir gista saman og gef leyfi til að fólk ráfi milli herbergja. Aldurstakmarkið er 25 ár svo hér er um fullþroskað fólk að ræða,“ segir Óli Jón Ólafsson, hótelstjóri á Hótel Hvolsvelli, þegar hann er inntur eftir fréttum um blint stefnumót sem hótelið efnir til á morgun. Hér er um nýlundu að ræða sem vakið hefur athygli.

„Þegar ég var að raða niður dagskrá haustsins á hótelinu sá ég að þessi helgi var laus og þar sem mér finnst einhleypir vera gleymdur hópur þá ákvað ég að efna til sérstaks kvölds þar sem þeir væru boðnir velkomnir,“ segir Jón og lýsir fyrirkomulaginu. „Fólk getur komið hér upp úr hádeginu á laugardeginum, slappað af og notað heitu pottana. Klukkan hálf átta um kvöldið verður fordrykkur, síðan er sest við langborð og notið þriggja rétta kvöldverðar og skemmtiatriða. Ég vil ekki gefa meira upp um þau en get fullyrt að ekki verður um dónaskap að ræða. Þetta verður bara rómantískt kósíkvöld. Fólk er hér í notalegu umhverfi, hótelið er skreytt með kertum og rauðum rósum og lokað fyrir aðra en þennan hóp. Síðan verður ball með hljómsveit síðar um kvöldið.“

Ekki vill Óli Jón viðurkenna að hér sé um hjónabandsmiðlun að ræða. „Nei, þetta er allt á frjálsum nótum,“ segir hann. „Ég er auðvitað að vona að einn eða tveir finni sér framtíðarmaka um helgina. Það væri gaman að því. Ég er búinn að lofa að ef svo fari fái það par rómantíska helgi hér í brúðargjöf.“

*gun@frettabladid.is*



Stefán Ragnarsson matreiðslumeistari, Óli Jón Ólafsson hótelstjóri og Gunnar Már Geirsson veitingastjóri munu gera sitt til að kvöldið verði gestunum eftirminnilegt. MYND/BJÖRGVIN ÓSKARSSON










# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 12. september 2008



Manúela Ósk Harðardóttir nýtur lífsins í Manchester

## ELSKAR FALLEGA HLUTI

## INNLIT Í GLÆSIÍBÚÐ Í BERLÍN

Íslenskt par keypti hringlaga íbúð og endurnýjaði hana frá grunni.

## ÓGNVEKJANDI LEYNDARMÁL Á FJÖLUNUM

Marta Nordal leikstýrir verkinu Fýsn. Sest í fyrsta skipti í leikstjórastólinn.

## ÞETTA MUN VERÐA BLÁR VETUR

Litapallettan í haustpískunni verður með ýmsum afbrigðum af bláum.





Salka/GBÓ

ÞAÐ ERU EKKI BARA GENIN SEM HALDA JAPÖNSKUM KONUM HRAUSTUM OG UNGLEGUM. MATARÆÐIÐ HEFUR ALLT AÐ SEGJA EINS OG KEMUR FRAM Í ÞESSARI BRÁÐSKEMMTILEGU METSÖLUBÓK SEM GEYMIR LYKILINN AÐ GÓÐRI HEILSU.

*HARA HACHI BUNME* – borðið þar til þið eruð 80% södd, er lífsmottó Japana. Ánægjan og gleðin sem fylgir því að útbúa japanskan heimilismat felst í bragði hans og útliti, hófsemi, áhrifum og samveru. Matargerðin er einföld og hráefnið fæst í næstu búð.



Ljósmynd: © Sigrid Estrada

Naomi Moriyama

www.salkaforlag.is

Salka

# núna

✻ engir stjörnustælar



**ÍVAR GUÐMUNDSSON ÚTVARPSMAÐUR** Á föstudagskvöld verða bara rólegheit fyrir framan sjónvarpið, ætli ég horfi ekki á Ríkið. Á laugardaginn er það svo æfing klukkan átta um morguninn og um kvöldið verður nokkrum vinum boðið í grillaða nautasteik. Það er ekki verra að nota grillið þótt það verði einhver rigning.

helgin MÍN



### Barnasprengja

Í vikunni fæddist hvert stjörnubarnið á fætur öðru. Fyrrum Nylon-stúlkan Emilía Björg Óskarsdóttir eignaðist dóttur að morgni dags 9. september með eiginmanni sínum Pálmari Sigurðssyni. Daginn eftir fæddi sjónvarpskonan yndislega Andrea Róbertsdóttir dreng. Hann var 13 merkur þegar hann kom í heiminn en þetta er fyrsta barn Andreu og unnusta hennar, Jóns Þórs Eyþórssonar. Sama dag fæddist sonur Einars Bárðarsonar og eiginkonu hans, Áslaugar Thelmu Einarsdóttur. Þetta kallar maður góða viku!

þetta HELST





Marta Nordal leikstýrir verkinu Fýsn sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld

# HJÓN HORFAST Í AUGU VIÐ ÓGNVEKJANDI LEYNDARMÁL

Ég hef leikstýrt áhugaleikfélögum tvisvar og samstarfsverkefni LR og Íslenska dansflokksins ásamt Peter Anderson, en þetta er fyrsta leikritið sem ég leikstýri og það eru ákveðin tímamót,“ segir Marta Nordal, leikkona og leikstjóri sýningarinnar Fýsn, sem frumsýnd verður á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld.

Fýsn er sigurverk leikritasamkeppninnar „Sakamál á svið“ sem LR stóð fyrir árið 2006. Fýsn segir sögu ungra nýgiftra hjóna sem þurfa að horfast í augu við ógnvekjandi leyndarmál, en verkið var valið úr hópi rúmlega þrjátíu aðsendra leikrita og er síðasta verkið í þríleik eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann. „Þórdís var búin að þróa verkið mikið áður en ég kom að því, en ásamt leikmynda- og búningahönnuðum fór ég í „concept-vinnuna“ út frá verkinu. Við æfðum svo í fjórar vikur í vor og höfum nú verið að í rúmar þrjár vikur,“ útskýrir Marta, en fimm leikarar leika í sýningunni.

Aðspurð segist Marta lengi hafa langað að stíga inn á þennan vettvang og sóst eftir að leikstýra. „Mig langaði að fara inn á þessa braut og var svo heppin að fá þetta tækifæri. Mér fannst ég vera tilbúin núna eftir að vera búin að leika lengi og þetta var kjörið verkefni fyrir mig. Þetta er búið að vera mjög gefandi fyrir mig sem leikara og það er mjög dýrmætt að fá að stíga í leikstjórastólinn og horfa á vinnu leikarans frá öðru sjónarhorni. Leikhúsið snýst fyrst og fremst um samstarf margra aðila þar sem allir koma með sitt element og hlutverk leikstjórans er fyrst og fremst að leiða saman hæfileikafólk.

En hvað tekur við að þessu verkefni loknu? „Það eru margar hugmyndir í loftinu, en leikstjórnin er það sem heillar mig núna. Ég ætla samt að byrja á því að taka mér smá frí og sinna Hjördísi dóttur minni sem er eins árs,“ segir Marta að lokum.

*alma@frettabladid.is*

> ✻ *Það er mjög dýrmætt að fá að stíga í leikstjórastólinn og horfa á vinnu leikarans frá öðru sjónarhorni.*



**Marta Nordal leikstýrir sýningunni Fýsn sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld.**




„Snilldarlega ofin flétta og sérlega spennandi endir.“

*Evening Standard*

SPENNA OG DULÚÐ

Hvað á að taka til bragðs þegar vísbendingar á morðvettvangi benda til rannsakandans sjálfs? Enn ein snilldarsagan frá Michael Connelly sem hér er í fantaformi.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

Guðjón Bergmann byrjaður að kenna jóga aftur

# Nýtt jógatímabil

„Hugmyndin er að samhæfa jógakennslu inni í líkamsræktarstöð með því að búa til umgjörð og staðla tímana, en hingað til hafa jógatímar verið mjög opnir og undir hverjum kennara komnir,“ segir Guðjón Bergmann jógakennari, sem byrjaði að kenna í World Class á Seltjarnarnesi í síðustu viku. „Við erum líka að vinna í því að skipta tímunum upp í grunnæfingar, og jóga 1, 2 og 3, í stað þess að hafa bara jóga og kraftjóga. Eftir áramót mun ég svo vera með jógakennaranám þar sem hægt verður svo að sérhæfa sig með mismunandi áherslum“ bætir hann við.

Guðjón rak sína eigin jógamiðstöð í Ármúla fram til ársins 2006 og spurður hvernig samstarf hans við World Class hafi komið til segir hann margt hafa spilað inn í. „Við hjónin vorum á leiðinni til útlanda þegar Jóhönnu bauðst að fara í rannsóknatengt mastersnám í alþjóðaviðskiptum við Háskólann í Reykjavík. Við ákváðum því að vera heima um óákveðinn tíma, en mig langaði ekki til að opna stöð í þessu árferði sem nú er. Ég sá því möguleika til þess að láta gott af mér leiða í líkamsræktarheiminum og vonast þannig til að auka áhugann á jóga almennt“ segir Guðjón að lokum. *- ag*



**Aftur í slaginn** Guðjón vill samhæfa jógakennslu í líkamsræktarstöðvum og mun bjóða upp á jógakennaranám eftir áramót.

✻ augnablikið



**ANÍTA BRIEM** Mætti í Collette Dinnigan-kjól á frumsýningu myndarinnar Journey 3d í Laugarásbíói á miðvikudagskvöldið. Þar fetar Aníta í fótspor Halle Berry og Angelinu Jolie en báðar hafa skartað kjólum frá hönnuðinum. Skórnir eru frá MalanDrino.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


adidas
I´m using my body
to train my mind.
© 2008 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.
Impossible is Nothing
adidas.com/women

# núna

✻ hver vill koma með til Berlínar?



**FUNHEITUR FLÓAMARKAÐUR** Stelpurnar hjá NTC eru að tæma skápana og halda flóamarkað að Laugavegi 118 á morgun milli tíu og fjögur. Stelpurnar eru allar þekktar fyrir að hafa einstakan fatasmekk og því ætti að vera hægt að dressa sig upp fyrir litla peninga og taka á móti haustinu í megaskvísufötum.

## BRISBANE, ÁSTRALÍU

**Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical**

BORGIN mín

**MORGUNMATURINN:** Pikknik við ána í New Farm Park, jafnvel að labba við á Farmers Market og grípa nýbakað brauð, ferska ávexti og meðlæti með.




**SKYNDIBITINN:** California-rúlla á Sushi Train í Queenstreet Mall. Bæði hollt og gott og frábært að borða á hlaupum. Matur frá Asíu er mjög vinsæll í Ástralíu og er sushi engin undantekning þar á.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Angelos – miðborg Brisbane, besta kolkrabbasalat í heimi. Frábær staður til að sitja og horfa á hið fjölbreytta mannlíf sem einkennir Brisbane. Ítalskur fusion-staður sem ég mæli hiklaust með.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Skólinn minn, einn af topp háskólum í Ástralíu og ekki skemmir fyrir að hann er í miðborg Brisbane.



**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** CUE - Australia, flott dömuleg föt á sanngjörnu verði.

**BEST VIÐ BORGINA:** Lífsstíllinn, veðurfarið og fólkið. Brisbane er fjölbreytt og skemmtileg borg sem býður upp á allt sem hægt er að óska sér. Frábærir matsölustaðir, fjölbreytt menning, góðar verslanir, gott næturlíf og umfram allt yndislegt andrúmsloft.





Sól í miðbænum

Sól 101

Sól 101 • Aðalstræti 9 • Sími: 578 7808






**Græni liturinn lífgar upp á.** Hann varð endanlega fyrir valinu þegar SMEG-ísskápurinn var keyptur. Stólarnir eru frá Kartell og ljósin fyrir ofan borðstofuborðið eru O-Space úr smiðju Luca Nichetto.



**Hjónarúmið er í opnu rými** Það var sérsmíðað í Danmörku fyrir eigendur íbúðarinnar. Skenkurinn meðfram hringlaga veggnum var smíðaður til að fela ofnana í íbúðinni.

### Íslenskt par keypti hringlaga íbúð í Berlín og gerði hana upp

# KÖLLUÐ SKÝJAHÖLLIN

Í miðborg Berlínar hefur íslenskt par komið sér vel fyrir í hringlaga „penthouse"-íbúð með útsýni yfir borgina. Íbúðin er þó ekki notuð sem heimili dagsdaglega heldur sem sumardvalarstaður í borg. Parið keypti íbúðina fyrir um ári. Þeirra fyrsta verk var að gera íbúðina fokhelda og endurnýja hana alla frá grunni. Í leiðinni var hún opnuð mjög mikið til að hafa flæðið í íbúðinni sem skemmtilegast. Þeim fannst skipta mestu máli að íbúðin væri stílhrein og því varð hvíti liturinn fyrir valinu sem grunnlitur. Til að búa til skemmtilega stemningu var ákveðið að leika sér svolítið með græna litinn. Liturinn var ráðinn um leið og SMEG-ísskápurinn kom inn í íbúðina. Íbúðin sjálf er um 100 fm en í kringum hana er 50 fm verönd. Þegar vel viðrar er hægt að opna alla gluggana og þá breytist íbúðin í skýjahöll þegar vindurinn leikur um hana. Parið sá alfarið um að hanna íbúðina sjálfa en fékk aðstoð hjá innanhússarkitektinum Jóhönnu Kristínu Ólafsdóttur. Svo komu þýskir þúsundþjalasmiðir og smíðuðu alla innviði íbúðarinnar. Eins og sést á myndunum er útkoman glæsileg.

*martamaria@365.is*



**Tískupartístuð** Anna Clausen er hér ásamt vini sínum.

# Mundi í KRON KRON

**Fatahönnuðurinn Mundi er farinn að selja afurðir sínar í versluninni Kron Kron. Af því tilefni var slegið upp teiti í versluninni sjálfri og gátu gestirnir handleikið gersemarnar. Listaelítan í Reykjavík lét sig ekki vanta.**



**Góð stemning** Mundi er hér á milli bræðranna Ásmundar og Snorra Ásmundssona. Bjarni Klemens er sposkur á svip.



Innblástur haustlitanna
Vertu velkomin á Bobbi Brown kynningu
í Lyfjum og heilsu Kringlunni.
Nýju haustlitirnir sem kallaðir eru "Mauve"
eru komnir til okkar. Þú færð allt
fyrir augu, kinnar og varir í Bobbi Brown.
Komdu til okkar eða bókaðu tíma í ráðgjöf
þér að kostnaðarlausu og lærðu að verða
þinn eigin förðunarmeistari með nýju litunum.
Mauve litakassi
BOBBI BROWN
Lyf & heilsa
Kringlunni

# núna

✻ lífið er verslunarferð...



**FUNHEITUR ARMANI** Hvern dreymir ekki um að eignast flík sem breytir öllum gömlu fötunum í ævintýraheim? Þessi ullarjakki er með því smartara sem sést hefur í vetrartískunni 2008.

### Manúela Ósk Harðardóttir:

# DREYMIR UM BALENCIAGA-TÖSKU OG BURBERRY-JAKKA









Manúela Ósk Harðardóttir kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún varð Ungfrú Ísland árið 2002. Nú, sex árum síðar, er hún heimavinnandi húsmóðir í Manchester og móðir þriggja ára drengs. Hún og eiginmaður hennar, Grétar Rafn Steinsson, fluttu þangað í byrjun ársins þegar hann fór að spila fótbolta með Bolton. Manúela hefur alla tíð verið með fatadellu og fataskápur hennar ber þess merki að hún sé mikil smekkkona.

1 Þessi kjóll er frá danska hönnuðinum Malene Birger. Skórnir eru frá Christian Louboutin. 2 Júniform-kjóll úr smiðju Birtu Björnsdóttur. 3 Bugari hringur sem hún keypti á Tenerife 4 Louis Vuitton í öllu sínu veldi. Manúela er nýbúin að fjárfesta í þessari tösku. Hún féll fyrir henni vegna einfaldleikans og stærðarinnar. 5 Úr frá Marc & co. 6 Kjóll frá Karen Millen sem lítur út fyrir að vera skyrta og pils. 7 Burberry-kápan er í miklu uppáhaldi. Sonur minn gaf mér hana.

***Getur þú lýst eigin stíl?*** Ég held að hann sé mjög breytilegur og fari eftir skapi, stund og stað hverju sinni. Ég legg samt mest upp úr því að fötin passi mér vel, séu þægileg og vel sniðin. Það er ekkert verra en illa sniðin flík! Ætli ég sé ekki oftast klassísk, kvenleg og kasjúal – en á það þó reglulega til að verða mjög óklassísk og glamúrús – þegar það á við ...

***Uppáhaldshönnuður?*** Þar sem ég er búsett erlendis finnst mér alltaf rosalega gaman að ganga í íslenskri hönnun. Það er bæði svo öðruvísi og skemmtilegt og svo get ég alltaf verið viss um að mæta ekki manneskju í nákvæmlega sömu flík! Ég held sérstaklega upp á Júniform, hönnun Birtu Björns. Ég held að ég hafi aldrei labbað tómhent og vonsvikin út frá henni!

***Uppáhaldsverslun?*** Ég versla langmest í Selfridges í Manchester. Hún er svo stór og með rosalega gott úrval.

***Hvað dreymir þig um að eignast fyrir veturinn?*** Mig dreymir um rúskinns Burberry-jakkann sem ég sá í Selfridges um daginn. Svo væri ég til í Gucci-sokkastígvél og risastóra svarta Balenciaga-tösku – þá er ég góð.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Það sem er í tísku í dag getur talist tískuslys eftir nokkur ár – þannig að það leynast ábyggilega nokkur slík í skápnum hjá mér! Mér detta helst í hug skærfjólubláar glans leggingsbuxur sem ég keypti í American Apparel í New York. Mér fannst þær SVO flottar þá – en þær eru enn á sama stað í skápnum, með verðmiðanum og allt ...







***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Ég myndi aldrei fara í eitthvað sem klæðir mig ekki ...

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Ætli það sé ekki körfuboltaæðið mikla, 1993, þegar ég dressaði mig í Chicago Bulls-fatnaði frá toppi til táar. Derhúfa, jogginggalli og Jordan-skór var afar vinsæl múndering ...

***Uppáhalds litapalletta?*** Svart, grátt, silfrað og gyllt – svo finnst mér líka oft gaman að ganga í fallegum stelpulitum, eins og bleiku, rauðu og fjólubláu ...

***Ef þú værir á leið í verslunarferð, hvert færir þú?*** Ætli ég myndi ekki fara til Ítalíu, þá helst Flórens. Ég hef aldrei komið þangað en hef heyrt að það sé himneskt að vera þar fyrir kaupóðar konur! Svo er líka alltaf gott að fara í verslunarferð á veraldarvefinn – þar er að minnsta kosti langmesta og besta úrvalið!

***Bestu kaupin?*** Án efa UGG-skórnir mínir! Þeir eru bara svo yndislega þægilegir, hlýir og góðir! Ég á þá í öllum litum, stærðum og gerðum. Ég nota þá mikið í kuldanum og rigningunni í Bolton.

***Tískufyrirmyndir?*** Ég get ekki sagt að ég eigi mér tískufyrirmyndir. Ég skoða vissulega mikið af tískutímaritum og fylgist vel með en það er enginn sem ég tek mér sérstaklega til fyrirmyndar. Ég verð samt að viðurkenna að mér þykir Cheryl Cole alltaf afskaplega smekkleg til fara.

martamaria@365.is




## algjört möst




1

Til að toppa skvísuganginn skaltu úða á þig hárilminum frá Chanel.

2

Að vera meðvitaður um eigið mataræði er nauðsynlegt. Til að taka inn nýja strauma og „droppa“ þeirri hugsun að pasta sé svakalega megrandi skaltu fjárfesta í bókinni Japanskar konur – hraustar og grannar. Þar færðu nýja sýn á tilveruna.




3

Þótt allir séu að tala um kreppu skaltu láta líta út fyrir að þú eigir skítnóg af peningum. Gyllta naglalakkið frá Chanel gefur þau skilaboð til fólks að kreppan hafi ekki sett mark sitt á þitt líf.




4

Fáðu þér skó með svo háum hæl að þú náir í dót uppi í efstu skápum án þess að teygja þig.

5



Þessi vetrarkápa er hönnuð af Helgu Ólafsdóttur fyrir Ilse Jacobsen.

6



Ekki gleyma súkkulaðinu. Það dettur aldrei úr tísku.

# VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR

**Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi**

**ÁHRIFAvaldurinn**



Mikilvægur áhrifavaldur í mínu lífi er Vanda Sigurgeirsdóttir, nú lektor í tómstundafræðum við Háskóla Íslands og fótboltaþjálfari. Ég kynntist henni þegar hún var forstöðumaður félgasmiðstöðvarinnar Ársels. Þar var ég sem grár köttur og mamma og pabbi sögðu gjarnan við fólk sem hringdi heim að spyrja um mig að ég væri ekki þar, heldur heima – sem var í Árseli. Þar lærði ég allt það sem ekki er hægt að lesa í bókum. Vanda tók okkur unglingana upp á sína arma og kenndi okkur unglingalýðræði, sjálfstraust og jöfnuð og hún barðist eins og ljón gegn einelti. Hún kenndi okkur að við ættum öll að vinna saman að góðum verkefnum í félagsstarfi og brýndi fyrir okkur að enginn mætti detta útbyrðis. Í Árseli voru skoðanir okkar virtar og við tókum sjálf ákvarðanir um það sem að okkur sneri í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar, hvernig fjármagni var ráðstafað og hvernig dagskráin leit út.

Ég hef stundum sagt að unglingar undir verndarvæng Vöndu og hennar knáa starfsfólks hafi útskrifast með meistaragráðu í félagsfærni, skipulagningu, sjálfstrausti og ákveðni – fimmtán ára gamlir. Það er ekki lítil gjöf og ég held að Vanda og annað starfsfólk ÍTR geri sér í rauninni ekki grein fyrir því hvað þau hafa mikil og góð áhrif á ungt fólk á mótunarárum þess. Ég væri hið minnsta ekki í borgarstjórn Reykjavíkur ef ég hefði ekki „búið“ í Árseli í þrjú ár.




NORDICASPA

# Frábærir hóptímar

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is






**Við erum stolt af stundarskrá vetrarins.** Aldrei hafa tímarnir verið jafn fjölbreyttir og skemmtilegir. Reynslumikið úrvalslið kennara, Gunnar Már, Ástrós Gunnars, Marta og fleiri sjá til þess að þú leikir þér að því að komast í gott form.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Herþjálfun Patrick | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | | | | | |
| 09:00 | Vaxtamótun Unnur Pálma | | Þrek og teygjur Unnur Pálma | | Leikfimi Marta | Qi gong Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 10:30 | | Pilates Ástrós Gunnars | | Pilates Ástrós Gunnars | | |
| 11:05 | Pallabrennsla Gunnar Már | | | | Pallabrennsla Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Hrafnhildur | Lokað námskeið Gunnar Már | Spinning Marta | Lokað námskeið Gunnar Már | Spinning Marta | Yoga Sigríður |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Pump Númi | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Spinning Elín | Kickboxing Unnur Pálma | Body Attack Guðrún María | Spinning Númi | Herþjálfun Patrick | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Katrín Sigurðar | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Katrín Sigurðar | Lokað námskeið Gunnar Már | |

# tíska

## * eru bláar myndir málið?



**FULLKOMIN AUGNHÁR** Glorious-maskarinn frá Helenu Rubinstein er eins og fínasta skart. Hinar sex ólíku hliðar burstans gera það að verkum að hann mótar og eykur sveigju augnháranna og augnhárakremið hjúpar og þéttir augnhárin.

### Ævintýralegur Marc Jacobs

**Bandaríski tískuhönnuðurinn Marc Jacobs sýndi vorlínu sína fyrir 2009 á tískuvikunni í New York. Hönnuðurinn er óhræddur við að fara sínar eigin leiðir eins og sést á litavali og samsetningu. Karrígulur og fjólublár verða áberandi ásamt ýmsum tegundum af röndum og köflóttu. Þótt efnin séu skrautleg hugar hann að kvenleikanum og leggur áherslu á að mittið njóti sín.**





Stella McCartney

Emporio Armani-lína Giorgio Armani

Stella McCartney

Mischa Barton í bláum kjól

MYND/GETTYIMAGES



Malene Birger, fæst í Companys

Nýir straumar í vetrartískunni 2008

# VÍTT OG BLÁTT

Eitt af trendunum í vetrartískunni er bláir tónar, allt frá fjólubláum upp í kóngabláan og allt þar á milli. Þessir litir fara vel með öllum svörtu og gráu tónunum sem eru áberandi í vetrartískunni. Það verða allar alvöru skvísur að eiga einar víðar svartar buxur til að lifa veturinn af. Til að poppa buxurnar upp er annaðhvort hægt að feta í fótspor Armani eða Malene Birger og fá sér litríka skyrtu við. Stórar púffermar setja svip sinn á skyrtur og kjóla frá frú Birger meðan Armani fangar kvenleikann með dömulegum skyrtum. Stella McCartney er heilluð af víðum fötum og notar víddina óspart í vetrarlínunni 2008. Við víða kjóla er nauðsynlegt að eiga hlýjar sokkabuxur til að geta tekið á móti íslenska vetrinum.



# Hannaðu þinn eigin sófa

Veldu saman einingar sem henta þér og búðu þannig til draumasófann þinn. Við bjóðum upp á 7 mismunandi tegundir af örmum og 5 mismunandi tegundir af fótum. Síðan fullkomnar þú verkið með vali á áklæði eða leðri í stíl.





LÍNAN

Línan | Bæjarlind 6 | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16 | www.linan.is

# tíðin
✻ held ég gangi heim...

**FLÓ Á SKINNI** Sýningin sem hefur heldur betur slegið í gegn á Akureyri er nú sýnd á Stóra sviði Borgarleikhússins. Fló á skinni var valin sýning ársins á Grímunni, enda skemmtilegur og eitraður farsi sem svíkur engan. Það er um að gera að skella sér á aukasýningu klukkan tíu í kvöld.

**SKÍMÓ Á NASA** Strákarnir í Skítamóral tóku nýverið upp þráðinn eftir tveggja ára hlé og ætla að vera í viðhafnarbúningi á Nasa annað kvöld. Auk þeirra ætla Jógvan X-faktor sigurvegari og Ingó veðurguð að taka lagið, svo engin kona ætti að vera svikin af því að skella sér á tónleikana.

## DÍANA MIST

***Föstudagur 5. sept:*** **Ég er algjör nunna...**

Borðaði bara hrátt grænmeti, sleppti kaffinu og fékk mér enga líkjöra á kvöldin. Hélt þetta út alla vikuna. Ég var í svo miklum nunnufíling að það villtasta sem mér datt í hug að gera var að fara í bíó. Sveitabrúðkaup varð fyrir valinu – alveg frábær mynd. Ég lækkaði meðalaldurinn í salnum um þónokkur ár en eina andlitið sem ég kannaðist við var **Guðni Ágústsson**.

***Laugardagur 6. sept:*** **Það ætti að banna víkinga á b5**

Dagurinn byrjaði glimrandi vel. Fór í ræktina, pressaði djús og gekk Laugaveginn. Þar voru **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir** og **Ása Ottesen** í Gyllta kettinum. Á Kaffitári var **Hanna Birna Kristjánsdóttir** ásamt eiginmanni að hafa það kósí. Á næsta borði var snillingurinn **Greipur Gíslason** hjá Sagaevent. Eftir bæjarferðina steinsofnaði ég og vaknaði svo með andfælum þegar ég fattaði að ég átti að vera löngu mætt í partí. Mætti í partíið og áður en ég vissi af vorum við komin á b5. Þar var allt á fullsving eins og venjulega. **Sverrir Bergmann** tónlistarmaður var í banastuði, **Halli Friðgeirs**, innanhússarkitektinn úr Hæðinni, sletti úr klaufunum og **Katrín Júlíusdóttir** alþingismaður var upp á sitt besta. **Ármann Þorvaldsson**, eða „útibússtjórinn“ eins og hann er stundum kallaður, var hrókur alls fagnaðar og það var **Pilla** í Sautján líka. Allt í einu var ég tekin í fangið og einhver sterkur maður hélt á mér út og skóflaði mér upp í leigubíl.





***Sunnudagur 7. sept:*** **Eldur, eldur!**

Þegar ég opnaði augun uppgötvaði ég að ég var stödd í ókunnugu húsi. Ég leit í kringum mig og áttaði mig á því að ég var bæði veskis-, lykla- og símalaus. Víkingurinn sem bar mig út af b5 lá hrjótandi við hlið mér og það eina sem mér datt í hug að gera var að klæða mig í spjarirnar og hlaupa út. Hefði þó kannski átt að hinkra því ég komst ekki lönd né strönd og endaði á því að banka uppá í næsta húsi og fá að hringja. Hversu ömurlegt er það??? Ætla að vona að víkingurinn muni sofa af sér 21. öldina... halelúja!





TOPP 10

## SÓLEY ELÍASDÓTTIR
**Leikkona og kremaframleiðandi**



SKÍÐIN MÍN, VEIÐISTÖNGIN, GÖNGUSKÓRNIR, KLIPPURNAR OG KÖRFURNAR



KAFFIVÉLIN



GIFTINGARHRINGURINN MINN



TEBOLLINN MINN



**TRÉSKÁL** Falleg undir grænmeti, salat og ávexti.



**ELDHÚSBORÐIÐ MITT** Fundastaður fjölskyldunnar og vinanna.




**GRÆÐIR** er lífsnauðsynlegur fyrir alla og verður vonandi kominn í búðir í haust.



**LISTAVERK** eftir vini mína, Finn Arnar og Pétur Gaut.



MYND AF FJÖLSKYLDUNNI Í TÖLVUNNI



VASI





Clarks
Shoes designed for living

Laugavegur 65 | 101 Reykjavík | Sími 511 6360 | www.clarks.com






allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

# GÆÐI ALLA LEIÐ

PROMAX er háhreinsað protein fyrir alla sem vilja byggja upp og ná hámarksárangri




AF HVERJU PROTEIN ?

Nægilegt protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt til að viðhalda og auka vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem er í reglulegum átökum eða vill minnka fituhlutfall líkamans.

PROMAX inniheldur Biomax sem er háhreinsuð blanda mysuproteina. Biomax tryggir hámarks amminosýruflæði sem stuðlar að endurhleðslu vöðva eftir erfið átök. Ekkert eggja, mjólkur eða sojaprotein er í blöndunni þar sem það getur valdið magaþemdu hjá mörgum einstaklingum.

PROMAX inniheldur vöðvastuðningsblöndu "Nitrogain" sem er blanda NAC, Taurine, Chromium Polynicotinate og Glutamin peptides.

Vegna góðrar virkni sinnar er PROMAX orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hvers konar íþróttir og hreyfingu. PROMAX er mest selda proteinblandan í Bretlandi og nú meðal viðskiptavina HREYSTI.

PROMAX blandast og bragðast vel, fæst í 6 bragðtegundum auk PROMAX natural sem ekki er bragðbætt og án viðbættra aukaefna.

Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun.

MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# KLINGENBERG SPÁIR



## Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er fædd 04.10. 1965. Þegar þversumman af fæðingardegi hennar er lögð saman kemur út lífstalan átta. Frú Klingenberg segir að talan átta vilji hafa líf og fjör í kringum sig. „Þorgerður Katrín þolir ekki lognmollu og seinagang. Það kom í ljós snemma að hún hafði leiðtogakraft til að bera og ég væri ekki hissa þótt hún hefði ákveðið það snemma að fara í pólitík. Orkan í kringum Þorgerði Katrínu er hipp og kúl, þar af leiðandi á hún eftir að verða einn skemmtilegasti stjórnmálaður þjóðarinnar. Hún á eftir að koma miklu í verk á komandi ári þó að það séu stórar og sterkar hindranir á sumum vígstöðvum. Hún á eftir að ryðjast fram og koma sínum markmiðum í netið. Þorgerður er búin að vera á töluverðu sprengiári eða á ári ástarinnar. Nú er að komast meira jafnvægi á líf hennar og allt verður sterkara og betra með hverjum deginum sem líður. Ástin blómstrar í kringum hana, ekki bara í hjónabandinu heldur líka meðal vina hennar. Hún horfir stolt yfir ungahópinn sinn. Einu skilaboðin til Þorgerðar Katrínar eru að hvíla sig aðeins. Sólin hættir ekki að snúast í kringum heiminn þótt hún sé ekki alltaf vakandi. Hún er að fara á ár jafnvægis, hamingju og réttlætis,“ segir Sigríður Klingenberg og er alveg viss um að Þorgerður Katrín eigi eftir að hreppa forsætisráðherrastólinn.

*www.klingenberg.is*



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Sigvaldi Kaldalóns útvarpsmaður**

1 **Klára góðan útvarpsþátt með Gassa og Siggu á FM 95,7 þar sem eitthvað verulega spennandi gerðist og maður kemur úr þættinum í bananastuði.**



2 **Vinda mér svo strax með vinunum í 18 holur upp í Grafarholti og reyna að lækka forgjöfina. Gefum okkur bara að sá hringur gangi vonum framar.**



3 **Að því loknu mætti svo skella sér í stuttan 4hjóla túr í nágrenni Reykjavíkur með 4hjóla félögunum, fara að að minnsta kosti sex saman í hörku túr þar sem allt er staðið í botni yfir læki og sprænur.**



4 **Koma svo heim í góðum gír og borða góðan mat með frúnni heima í kertaljósi og rómantík. Ekki myndi skemma að fá sér einn öl með, bara til að skola steikinni niður.**

5 **Eiga svo góða stund á.... þú veist hvað ég meina.**







Auk áætlunarferða frá BSÍ stoppar Flugrútan einu sinni á hverjum morgni á eftirtöldum stöðvum Select og fer þaðan beint út á flugvöll:

Select Vesturlandsvegi – kl. 05:00
Select Suðurfelli Breiðholti – kl. 05:10
Select Hagasmára við Smáralind – kl. 05-15

flugrútan
BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.re.is

## Til sölu



**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is






Til sölu hillusamstæða v/fluttninga hjónarúmm, dýnur og ýmislegt fleira sem hentar í sumarbústað. S. 893 5005.

Leðursófasett 3+2+1 og sófaborð í kirsuberjavið. Mjög gott verð! Uppl. í s. 896 1983.

## Óskast keypt

Útidyrahurð óskast (notuð/nýleg) breidd 90 cm, hæð 200 cm (205 cm) GSM 696 1314.

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

## Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Til sölu Baldwin píanó 105 cm á hæð. Upplýsingar í síma 820 8719.




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.




## Verslun










Liðamótaginur, 3ja og 4ra arma standar, ero gínur með tréfæti, hringslá, krókar, armar á vegg, herðatré og buxnaherðatré. Allt selt á hálfvirði. Uppl. í s. 897 5959.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**
Koparsláttur 21. sept. Perluskart 22.-23. sept. Silfurleir 27.-28. sept. Handverkshúsið Bolholti 4, s. 555 1212 - Handverkshusid.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríð auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



**Ódýr járnhundabúr**
Gott úrval af búrum á besta verðinu, ásamt miklu úrvali af sérvöru fyrir hundinn þinn. Hundaheimur - Háholt 13 Mosfellsbæ - www.hundaheimur.is



Til sölu gullfallegir labrador-hvolpar frá Leiru-ræktun. Báðir foreldrar hafa unnið til fjölda verðlauna hjá HRFÍ. Upplýsingar gefur Ninna í síma 899 7614.

Fallegir kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 848 3039.

Hundaskóli Heimsenda Hunda Hvolpa og unghundanámskeið hefst 18 sept. Sýningarnámskeið hefst 17 sept. Björn Ólafsson BIPDT(British Institute of Professional Dog Trainers) www.hundaskoli.net - s. 897 1992.

Tvær 4 mán. Alaska Husky tíkur til sölu. Uppl. í s. 693 7376 e.kl. 16.

## Ýmislegt

Goodway Píanó Ein bestu píanókaupin í dag. Leifur Magnússon píanóstillari aðstoðar við val á hljóðfærum. Píanóstillingar ehf, s.898-8027-898-8029

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Free rent in September**
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

**Opnunartilboð**
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

ROOM NEAR KRINGLAN w/furniture, smal kitchen. Price 65000 a month single 80000 two. Tel. 897 3611.

ROOM BREIÐHOLT w/furnture ac. kitchen /bathroom. Pricce 60000 a month singl 75000 two. Uppl. í s. 897 3611.

2herb. íbúð í Hlíðunum. leiga 115þ+rafm&hiti upplýsingar s:6604526. Laus 15sept

Rúmgott herb. til leigu f. kvennkyns leigjanda, öll aðstaða. Upplýsingar í s. 822 3337.

2 herb. íbúð við Laugaveg. Leiga 105þ. 3 mán trygging. Laus strax. S. 866 1246.

Til leigu m/húsgö. 143 fm 5 herb íbúð á efstu hæð í Gaukshólum. Uppl í 8980066

Nice room for rent with WC and kitchen. Close to Háskóli Íslands. Longterm. Phone 8922336.

52 fm stúdíó íbúð á Grettisgötu. Með eða án húsgögnum. 100.000 á mánuði + hiti og rafmagn. Þvottvél og þurrkari með. Langtímaleiga. Sími: 899-1089 / 866-5871

**Vetrarleiga á Spáni**
Til leigu íbúð/endaraðhús í Villa Martin í vetur. Uppl. í s. 848 1476.

3 bedroom flat (98 sqm) for rent in a small apartment house in Kopavogur (201). Fully furnished and completely equipped. Very good location. Bus stop in front of the building. Price 150.000 kr. pr. month, everything included ex. electricity. lilia66@simnet.is




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Fasteignir


LÖGMENN SUÐURLANDI
480 2900 www.log.is
Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801
Félag fasteignasala



**Heilsárshús til flutnings**

Fullbúið 45 fm heilsárshús sem selst til flutnings. Húsið er staðsett rétt austan við Selfoss. Verð 8,4 m.

**Uppl. Hjá Lögmönnum Suðurlandi 480 2900 www.log.is**



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Krókháls**

**Iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði til leigu**



Til leigu eru samtals um 2.900 fm á þremur hæðum. Um er að ræða iðnaðar-/rannsóknarstofur – og skrifstofuhúsnæði auk millilofts með fullri lofthæð yfir efstu hæð hússins. Á jarðhæð er iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludyrum og góðri lofthæð. Á 1. og 2. hæð eru skrifstofur, rannsóknarstofur og opin rými. Á millilofti yfir 2. hæð eru skrifstofur og opin vinnurými. Húsnæðið er vel innréttað og flestir innveggir eru færanlegir kerfisveggir. Lyfta er í húsinu.

**Getur leigst í hlutum. Öll aðkoma að húsinu er góð með malbikuðum plönum. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**


## Útsölur


Náttúrulækningabúðin
www.ullogsilki.is

**Útsalan er hafin**

Brjóstagjafafatnaður í úrvali Gott verð

Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur | Opið mán-fös 11-18 og lau 11-17
Sendum frítt um land allt


## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur**

Aðalfundur Heilsuhringsins 2008 verður haldinn í Norræna húsinu þriðjudaginn 23. september kl. 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf

**Stjórnin**


„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is


## Tilkynningar

**MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR**

Auglýsir eftir umsóknum

Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu líferni, bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Skilafrestur undirritaðra umsókna er til og með 3. október.
**Umsóknir sem berast síðar verða endursendar.**

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á
**www.minningmargretar.is**

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

**Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Athafna- og verslunarsvæði við Austursíðu.**

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Tillagan var auglýst og lá fram til kynningar í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9 frá 11. apríl til 23. maí sl. Athugasemdafrestur rann út 23. maí 2008 og barst ein athugasemd.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar.

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

## Atvinna

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

# FORSTJÓRI
## SJÚKRATRYGGINGASTOFNUNAR

Endurbirt auglýsing í framhaldi af nýsamþykktum lögum Alþingis um sjúkratryggingar.

**Skipað er í stöðuna til fimm ára í senn.**

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.**

**Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um stöðuna.**

Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar. Forstjóri ber ábyrgð á því að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra nýrrar sjúkratryggingastofnunar. Stofnunin mun annast framkvæmd sjúkratrygginga almannatrygginga og semur um og greiðir endurgjald vegna heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

**Hlutverk hinnar nýju stofnunar verður eftirfarandi:**
- Að annast framkvæmd sjúkratrygginga
- Að semja um heilbrigðisþjónustu
- Að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita
- Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða sem samið hefur verið um
- Að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum
- Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra

**Menntunar- og hæfniskröfur forstjóra:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningamálum
- Þekking eða reynsla af stjórnsýslu æskileg
- Leiðtoga og samskiptahæfileikar

Upplýsingar um starfið veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

**ATH! Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2008.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is og senda jafnframt greinagóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Frábært verð
## á flötum skjám

**OPIÐ til 20 alla daga**

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum




**Philips heimabíókerfi** HTS3154
- Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
- 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) Digital magnari
- Fjölkerfa DivX DVD spilari
- 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- Scart (með RGB)
- USB tengi
- Fjarstýring

**32.990kr**
Verð áður 34.990



**Panasonic 26" LCD sjónvarp** TX26LM70F
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready • Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link • Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir

**74.990kr**
Verð áður 79.990



**United 27" LCD sjónvarp** LTV27W51
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- 2x7w Nicam Stereo hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-D og VGA tengi
- Textavarp • Fjarstýring
- Borðstandur fylgir

**69.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**59.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Toshiba 20" LCD sjónvarp** 20W300PG
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready • Skerpa: 700:1 og svartími: 8ms
- Birtustig: 450 cd/m2
- 20w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp
- Fjarstýring • Borðstandur fylgir




**Toshiba 42" LCD sjónvarp** 42C3530DG
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL processing IV myndtækni
- HD Ready • Skerpa: 4.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir

**169.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 37" LCD sjónvarp** 37C3000PG
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL processing III myndtækni
- HD Ready • Skerpa: 5.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir

**129.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic 32" LCD sjónvarp** TX32LM70F
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready • Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link • Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir

**79.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 19. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



BANDARÍSKI KÁNTRÍSÖNGVARINN JOHNNY CASH LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2003.

*„Velgengni er að þurfa að hafa áhyggjur af öllu öðru en peningum.“*

***Cash var áhrifamikill tónlistarmaður og þekktur fyrir sína djúpu og dimmu rödd.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. SEPTEMBER ÁRIÐ 1905

## *Ráðhús Kaupmannahafnar vígt*

Ráðhús Kaupmannahafnar, sem stendur við Ráðhústorgið, var formlega vígt þennan dag árið 1905.

Húsið, sem er teiknað af Martin Nyrop og er undir áhrifum frá Ráðhúsinu í Siena á Ítalíu, var byggt á árunum 1892 til 1905. Á framhlið þess má sjá gyllta styttu af Absalon Hróarskeldubiskupi en um 105 metra hár turn á hlið byggingarinnar vekur mesta eftirtekt. Hæð hans gerir það að verkum að byggingin er með þeim hæstu í Kaupmannahöfn. Efst í turninum eru klukka og bjöllur en klukknahljóminn þekkja Danir vel enda leikinn á hádegi á degi hverjum. Klukkurnar hljóma auk þess á nýársnótt.

Fyrir aftan ráðhúsið er Ráðhúsgarðurinn, sem er hægt að komast inn í frá H. C. Andersens Boulevard og Vester Voldgade. Fyrri ráðhús hafa staðið annar staðar í borginni en það fyrsta var reist við Gamla torg.



## MERKISATBURÐIR

**1909** Sjúkrasamlag Reykjavíkur er stofnað að frumkvæði Oddfellowreglunnar.

**1980** Herforingjastjórn rænir völdum í Tyrklandi.

**1985** Íslandsmet er sett í fallhlífarstökki þegar fallhlífarstökkvarar frá Akureyri stökkva úr 21 þúsund fetum.

**2001** Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins samþykkja einróma að grípa til 5. greinar stofnsáttmálans í kjölfar hryðjuverka í Bandaríkjunum. Hann kveður á um að árás á eitt ríki sé árás á þau öll.

## AFMÆLISBÖRN



**JÓN KARL ÓLAFSSON** forstjóri JetX/Primera Air er fimmtugur í dag.



**ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN** leikkona er 33 ára í dag.

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Soffíu Ólafsdóttur**

Viðjugerði 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á elliheimilinu Grund fyrir einstaka alúð þeirra og umönnun.

**Björg Ingólfsdóttir**
**Ágústa Ingólfsdóttir**
**Ólafur Ingólfsson** **Bjarghildur Jósepsdóttir**
**Hrafnhildur Ingólfsdóttir** **Magnús Á. Magnússon**
**Finnbogi Ingólfsson** **Kristín Birna Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskuleg eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Halla Kristrún Jakobsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 8. september.

**Friðrik Eiríksson**
**Sigurborg Sigurbjarnadóttir** **Pétur P. Johnson**
**Herdís Ólöf Friðriksdóttir** **Guðmundur Þór Guðbrandsson**
**Jakob Sigurður Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Júlíusson**

Breiðabóli, Svalbarðsströnd,

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, miðvikudaginn 10. september. Útförin auglýst síðar.

**Ásta Sigurjónsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**


**Legsteinar**
í **miklu** úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




**ALLIR LÖGÐU HÖND Á PLÓG** Inga Þórunn Halldórsdóttir, skólastjóri Borgaskóla (til vinstri), með Sigrúnu Ólafsdóttur og Önnu Þóru Jónsdóttur sér við hlið en þær hönnuðu mósaíklistaverk. Allir nemendur og starfsfólk skólans komu að gerð þess í tilefni afmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BORGASKÓLI: FÆR GRÆNFÁNA OG AFHJÚPAR LISTAVERK Á TÍU ÁRA AFMÆLI

# Samtakamáttur í grænum skóla

Borgaskóli fagnar tíu ára afmæli í dag með sannkallaðri karnival-stemningu. Mósaíklistaverk verður afhjúpað, ávörp og tónlistaratriði flutt og hoppukastali, pylsusala og Tarzanleikir verða á staðnum. Þá mun skólinn fá Grænfánann, sem er tákn um vistverndarstefnu, afhentan en Grænfánaverkefninu er stýrt af Landvernd.

„Skólinn hefur verið grænn skóli um langt skeið en nú á umhverfisdaginn verður hann Grænfánaskóli,“ segir Inga Þórunn Halldórsdóttir, skólastjóri skólans til fimm ára.

En hvernig verður skóli grænn? „Við notum eingöngu umhverfisvænar vörur, hreinsum skólalóðina eftir föstu skipulagi, notum ekki fernur, söfnum flöskum og rafhlöðum, flokkum pappír og notum nestisafganga í moltugerð svo eitthvað sé nefnt,“ útskýrir Inga Þórunn.

Hún segir starfið skila árangri og að mjög vel sé gengið um skólann. „Það skiptir miklu máli að börn tileinki sér strax umhverfisvitund; að við ölum upp kynslóð sem er vakandi fyrir umhverfinu.“

Samtakamáttur innan skólans virðist mikill en mósaíklistaverk sem hver einasti nemandi skólans hefur lagt vinnu í verður afhjúpað fyrir ofan innganginn í sal skólans. Það heitir Skólagangan og sýnir tíu börn, hvert úr sínum árgangi, en fyrirsæturnar eru nemendur úr skólanum. Sigrún Ólafsdóttir og Anna Þóra Jónsdóttir, kennarar við skólann, hönnuðu verkið og hafa allir nemendur hjálpað til við mósaíkgerðina.

Sigrún segir tíu ára afmæli merkilegan áfanga fyrir skóla en hún hefur langa reynslu af skólastarfi og skólastjórn. „Nú erum við búin að slíta barnsskónum, skapa siði og venjur. Við erum þó ekki orðin það virðuleg að við höldum afmælishátíðina alla á sal og bjóðum því upp á karnivalstemningu og fjör.“

Inga Þórunn segir góðan anda í skólanum. „Þótt aðstæður barna hafi breyst mikið á undanförnum árum eru þau alltaf eins og alltaf jafn yndisleg.“ Börnin í skólanum eru einnig heppin með skólahúsnæði að hennar sögn. „Ég held að ég geti fullyrt að glæsilegra útsýni finnst ekki í öðrum grunnskóla í Reykjavík en héðan sjáum við yfir Geldinganesið, Úlfarsfellið, Esjuna, vestur á Granda og meira að segja Snæfellsjökul.“

vera@frettabladid.is

# Traust og tilfinningar

Fyrstu námskeið fyrir börn sem eiga það sameiginlegt að vera aðstandendur krabbameinsgreindra einstaklinga hefjast 16. september á vegum Ljóssins og Foreldrahúss.

Börnin fá tækifæri til að upplifa, skapa og tjá sig í gegnum leik og verkefni. Leiðbeinendur eru Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur, Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfi og Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur. Þær munu meðal annars fjalla um traust, tengsl, tilfinningar, hugrekki og samskipti.

„Þetta eru vönduð námskeið sem búið er að leggja mikla vinnu í,“ segir Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins á Langholtsvegi 43. Skráning er í síma 561-3770.

- gun



**ERNA MAGNÚSDÓTTIR** Veitir Ljósinu á Langholtsvegi forstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# Þúsund þakkir

Leikmenn og þjálfarar A-landsliðs karla vilja koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem studdu liðið í leiknum gegn Skotum síðastliðinn miðvikudag, þeim fjölmörgu sem mættu á völlinn og þeim sem heima sátu og sáu leikinn í sjónvarpi. Sérstakar þakkir fá liðsmenn Tólfunnar og Áfram Ísland klúbbsins. Stuðningur ykkar er ómetanlegur. Við vonumst til að sjá sem flest ykkar aftur á næsta heimaleik!

LEIKUR ÁN FORDÓMA

MasterCard KSÍ

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn MasterCard Coca-Cola vodafone VÍS Lengjan ICELANDAIR

KSÍ

*Alltaf í boltanum*

NÝ LENT

# SL81 u149

## BLU-RAY FARTÖLVA

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

Ein öflugasta og best búna fartölva á Íslandi í dag með Blu-Ray spilara, digital sjónvarpskorti og fjarstýringu.

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 4GB DUAL DDR2 667MHz minni
- 640GB DUAL SATA RAID diskur
- BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Blu-ray Disc

Packard Bell.

**159.900**

NÝ LENT

Packard Bell.

u146

## SL81 FARTÖLVA

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

AFSLÁTTUR 10 ÞÚSUND

AÐEINS ÞESSA HELGI

TOSHIBA

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

## TOSHIBA L350

- Intel Core 2 Duo T2390 1.86GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB Intel X3100 skjástýring
- 0.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur

AFSLÁTTUR 15 ÞÚSUND

FYRSTA GREIÐSLA 2.DES RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA

# A300 15J

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Mest selda Toshiba fartölvan í dag með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit.

- Intel Core 2 Duo T5550 1.8GHz 2MB
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 200GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**99.900**

VERÐ FRÁ 29900 ÓTRÚLEG LÆKKUN Á ÖLLUM ASUS FARTÖLVUM

## ASUS FARTÖLVUR

ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 29.900

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER FARTÖLVUM

## ACER FARTÖLVUR

ALLT AÐ 20.000 AF ÖLLUM ACER FARTÖLVUM

NÝ LENT

## MH35 FARTÖLVA

- Intel Core 2 Duo T2390 1.83GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB DUAL SATA harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB Advanced M672 skjást.
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


SEPTEMBER
TILBOÐ
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
HVERGI BETRA VERÐ
500GB
SAMSUNG
HARÐDISKUR
6.990
AÐEINS ÞESSA HELGI
750GB
SAMSUNG
HARÐDISKUR
9.990
TAKMARKAÐ MAGN
iP3500
PRENTARI
FRÁ CANON
7.990
8BLS
STÚTFULLUR 8BLS
BÆKLINGUR AF
SPENNANDI
TILBOÐUM
TÖLVUTEK




vilborga@centrum.is

## Hreinn sparnaður




Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi og tuttugu ára endingu.

**Miele þvottavél verð frá kr.:**

**109.995**

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



# Hvað dreymdi sveininn?

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Ég er í bílnum mínum á leiðinni í bæinn. Ég hef nægan tíma, því enn eru tveir tímar í leik Liverpool og Manchester United. Mér ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að ná á pöbbinn í tæka tíð til að glápa á leikinn með félögunum. Umferðin gengur greiðlega og ég hlakka til enn einnar hörkurimmunnar milli erkifjendanna. Allt er eins og best verður á kosið. Svo gerist eitthvað.

Skyndilega vantar klukkuna hálftíma í leik og ég er fastur í umferðarteppu. Ég reyni að smokra mér áfram eftir krókaleiðum en ekkert gengur. Þegar korter er í kikk-off yfirgef ég bílinn og reyni að húkka mér far. Bílarnir, sem skömmu áður hreyfðust ekki úr stað, bruna framhjá og veita mér enga athygli. Bíllinn minn er hins vegar horfinn. Ég byrja að skjálfa og svitna.

Ég ákveð að taka strætó. Ég spyr vagnstjórann hvort hann stoppi ekki örugglega á Lækjartorgi. Hann játar því. Ég hlamma mér niður í sætið og lít á klukkuna. Fimm mínútur í leik. Ég lít út um gluggann á strætó og sé að ég er kominn upp á Akranes. Ég æpi á vagnstjórann hvern djöfulinn hann sé að keyra. Hann hristir höfuðið og bendir mér á skilti sem á stendur „Viðræður við vagnstjóra í akstri bannaðar". Ég byrja að hljóða.



Ég hleyp út úr vagninum og inn á næsta pöbb. Spyr barþjóninn hvort leikurinn sé sýndur á pöbbnum. Hann neitar því, en segir að hins vegar sé Geir Ólafs með tónleika. Ég lít inn í salinn. Geir Ólafs kinkar kolli og brosir til mín. Ég hrekk upp æpandi og í svitabaði.

Þessa martröð mun ég upplifa í nótt, eins og allar nætur fyrir leiki Liverpool og Manchester United.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# MYNDAVÉLAR / TÖKUVÉLAR



OLYMPUS

## Digital SLR

- bestu mögulegu myndgæði




## NETTAR STAFRÆNAR VÉLAR



8 MILLJÓN PUNKTA

**OLYMPUS MJU840**
Digital MYNDAVÉL með 8 milljón punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu (35mm samb.: 36 - 180mm), 2,7" LCD skjá (230.000 pixlar) frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndatöku með hljóði, USB 2.0. Tekur xD kort. Fæst í bleik eða silfurlit.

**TILBOÐ 24.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990

TIL Í HVAÐ SEM ER: VATNSHELD HÖGGHELD



8 MILLJÓN PUNKTA

Þrír litir! BLEIK, SVÖRT eða SILFUR

**Olympus MJU850**
Digital MYNDAVÉL me› 8 mp uppl., 3x Optical og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm, 2,5" LCD skjár, Digital Image Stabilisation, Face Detection Technology, hreyfimyndataka me› hljó›i, USB, Tekur xD kort. Vatnsheld a› 3m d‡pi. Höggheld upp í 1.5m hæ›.

**VERÐ 39.990**
FRÁBÆRT VERÐ

2 LINSUR FYLGJA:
LINSA 1: 14 - 42MM
(35MM SAMB.: 28 - 84MM)
LINSA 2: 40 - 150MM
(35MM SAMB.: 80 - 300MM)



10 MILLJÓN PUNKTA

**Olympus E420DZKIT**
Digital SLR myndavél með 10 millj. punkta uppl., Live View, Supersonic Wave Filter - Eyðir út ryki milli linsu og „body", TruePic III, Face Detection, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og þrjár manual stillingar, 7 myndstærðum, 18 picture Modes, tímarofa, USB 2.0, notar CompactFlash og xD kort. Tvær linsur fylgja: 14 - 42mm og 40 - 150mm.

**VERÐ 89.990**
FRÁBÆRT VERÐ

## FISLÉTTAR HÁGÆÐA TÖKUVÉLAR

FULL HD UPPTAKA MEÐ 3CCD




TEKUR UPP Á SD KORT

**JVC GZMS100**
Digital Media tökuvél með 2,7" LCD breiðskjá, upptökuflögu með 600.000 p. uppl., 35x Optical Zoom, innb. kyrrmyndavél, innb. flash, USB 2.0. Tekur SD/SDHC kort. Aðeins 225 grömm.

**VERÐ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**JVC GZMG330**
Digital Media tökuvél með 30GB hörðum disk, upptökuflögu með 800.000 p. uppl., 2,7" LCD breiðskjá, 35x Optical og 800x Digital Zoom, innb. kyrrmyndavél, Dolby Digital uppt., titringsdeyfi, USB 2.0. Tekur microSD kort.

**VERÐ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**JVC GZHD5**
Full HD Digital Media tökuvél með 60GB hörðum disk, 3 1/5" upptökuflögum, 2,8" LCD breiðskjá, 1920x1080/50p útg., 10x Optical og 200x Digital Zoom, innb. kyrrmyndavél, inng. fyrir hljóðnema, titringsdeyfi, USB 2.0, HDMI, FireWire, Component og Composite útg., Þyngd 565g. Tekur microSD / microSDHC kort.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Sýning – Afmæli



**Erna Flygenring og Pétur Þór Gunnarsson** Verða fimmtug í september, hún þann níunda og hann þann tólfta. Af því tilefni ætlum við að gera okkur glaðan dag. Við bjóðum vinum, vandamönnum, viðskiptaaðilum, velunnurum og bara öllum sem vilja, að samgleðjast með okkur

**föstudaginn 12. september kl. 19.30**
**í Gallerí Borg, Skipholti 35.**

Pétur Þór hefur málað nokkrar litlar myndir og verður sýningin opnuð við sama tækifæri. Óskar og Ómar Guðjónssynir flytja ljúfa tóna. Þá mun yndislegasti rokkari Íslandssögunnar, Rúnar Júlíusson, ásamt hljómsveit skemmta gestum.

**Erna Flygenring** **Pétur Þór Gunnarsson**


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 12. september**

### → Viðburður

**18.00 Fallegi, viðkvæmi, konungdómur þinn** Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnir performans í Kling og Bang gallerii, Hverfisgötu 42.

### → Opnanir

**16.00 Flæði** Guðný Svava Strandberg opnar sýningu á pennateikningum og vatnslitamyndum í Boganum í Gerðubergi. Sýningin stendur til 10. nóvember Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

**18.00 Heim** Birta Guðjónsdóttir opnar einkasýningu í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5. Sýningin stendur til 27. september.

**19.30 Pétur Þór Gunnarsson** opnar sýningu í Gallery Borg, Skipholti 35.

**Pleinairism** i8 gallery opnar sýningu á verkum 38 myndlistamanna frá ýmsum löndum. i8 gallery, Klapparstíg 33.

### → Fyrirlestrar

**Jákvæð sálfræði** Málþing á Háskólatorgi Háskóla Íslands kl. 8.30-11.30. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

**Vinnustofa fyrir fagfólk í jákvæðri sálfræði** Háskólatorg Háskóla Íslands kl. 13-16. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

### → Myndlist

**Sólveig Eggertz Pétursdóttir** sýnir akrýlmálverk í Menningarsalnum í Hrafnistu. Sýningin stendur yfir til 10. nóvember og er opin alla daga. Hrafnista, Laugarási.

**Bíttar ekki máli** og **Generosa** Sýningum Sigga Eggertssonar og Raquel Mendes lýkur á mánudaginn. GalleríBOX, Kaupvangsstræti 10, Akureyri.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**MYNDLIST** Helga Hjörvar, framkvæmdastjóri Norðurbryggju, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hreinn Loftsson, fyrir hönd Skipta hf., og Svavar Gestsson sendiherra. MYND/MARTIN HILKER

# Íslensk list í Höfn

**Um síðustu helgi hófst mikil myndlistarveisla í Kaupmannahöfn: U-TURN – myndlistarhátíð, sem haldin er á fjögurra ára fresti og tileinkuð er samtímalist, hófst 5. september og varir í tvo mánuði.**

Samtímis U-TURN var um opnunarhelgina listamessan Copenhagen Contemporary og voru ýmis gallerí í borginni opin lengur þá helgi með samstilltum opnunum á nýjum sýningum, meðal annars hins þekkta danska málara Michael Kvium. Henni má ekki rugla saman við þriðju messuna Art Copenhagen sem er haldin um næstu helgi, 19. til 21. september í Forum-sýningarhöllinni.

U-TURN býður andstætt hinum messunum tveimur upp á samtímalist og samanstendur af sýningum í gömlu Nikulásar-kirkjunni og stórri sýningu á Kunsthallen og víðar: á landi Carlsberg í Valby er stór sýning og fleiri lóköl eru lögð undir smærri sýningar: Camp X, Kvikmyndasafnið í Gothersgötu, Ny Carlsberg Glyptotek og Takkelloftet í nýju Óperunni.

Meðal verka sem sett upp verða á U-TURN er nýr skúlptúr eftir Ólaf Elíasson.

Á Norðurbryggju var um síðustu helgi opnuð sýning á málverkum eftir Helga Þorgils Friðjónsson. Frumkvæði að sýningunni sem er í menningarsetrinu á Íslandsbryggju átti íslenski sendiherrann Svavar Gestsson. „Eðli mannsins – að segja sannleikann“ kallar listamaðurinn sýninguna, en hún er unnin í samvinnu við Sendiráð Íslands, með veglegum styrk frá Skiptum hf.

Til hliðar við Art Copenhagen verður haldin messan Alternative Copenhagen, sem er sýning og ráðstefna sýningarstaða og gallería af Norðurlöndunum. Kling & Bang gallerí verður fulltrúi Íslands á þessari ráðstefnu. Kling & Bang verður með sérsvæði á viðburðinum, þar sem ýmsir listamenn verða kynntir sem og glæný mynd eftir íslenska og pólska listamenn verður sýnd. Það er 36 mínútna löng mynd er heitir Exquisite Corpse í Nikisialka, sem var unnin af sextán íslenskum og pólskum listamönnum í sumar í Póllandi.

Alternativ Copenhagen stendur yfir daganna 19.-21.september og fer fram í Fabrikken for Kunst og Design á Sundholmsvej 46 í Kaupmannahöfn.

# Fjórar kynslóðir á flautu

Það stendur mikið til í Salnum í kvöld kl. 20, en þá mun einn af þekktustu flautuleikurum heims, William Bennett, koma þar fram á tónleikum ásamt píanóleikaranum Ingunni Hildi Hauksdóttur og landsliði íslenskra flautuleikara. Íslenski flautukórinn stendur fyrir komu Bennetts hingað til lands.

Á tónleikunum í Salnum leikur William Bennett einleiksverk eftir Johann Sebastian Bach, Saint-Saëns og Doppler, og samleiksverk með íslenskum flautuleikurum.

Bernharður Wilkinson, sem starfaði hér á landi um áratugaskeið og ól upp tvær kynslóðir íslenskra flautuleikara, var nemandi Bennetts og verður Bernharður sérstakur gestur hátíðarinnar. Í lok tónleikanna leikur svo allur Íslenski flautukórinn með William Bennett.

- vþ



**WILLIAM BENNETT** Kemur fram á spennandi flaututónleikum í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tveir andstæðir litir

Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýninguna Svartir þræðir á morgun kl. 14 í Grafíksafni Íslands, hafnarmegin í Hafnarhúsinu. Að sögn Gunnhildar var hugmyndin á bakvið sýninguna sú að vinna grafíkverk og skúlptúra með aðeins tveimur litum, svörtum og hvítum, til þess að ná fram fullkomnum andstæðum. Þetta er önnur einkasýning Gunnhildar á Íslandi; sú fyrri var sýningin Samræmi í SuðSuðVestur í Keflavík árið 2006. Áður hefur Gunnhildur haldið einkasýningar í Cambridge og Kaupmannahöfn.

Hún hefur að auki tekið þátt í mörgum samsýningum bæði á Íslandi og erlendis. Sýningin Svartir þræðir stendur til 28. september og eru allir velkomnir.

- vþ





**LISTAHÁSKÓLINN VIÐ LAUGAVEG**
**KYNNING Í REGNBOGANUM**

Laugardaginn 13. september
kl. 11.00-12.00
kl. 13.00-14.00

Starfsemi Listaháskóla Íslands og vinningstillaga í samkeppni um nýtt hús skólans á Laugavegi verða kynnt. Markmiðið er að gefa sem flestum kost á að rýna í tillöguna og kynna sér þá gróskumiklu starfsemi sem fram fer innan veggja skólans.

Allir velkomnir

KRINGLU KRÁIN
Festival
í kvöld
Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



Frumsýnt í kvöld – UPPSELT!
Næstu sýningar: lau 13/9, sun 14/9, fös 19/9, lau 20/9, sun 21/9.
FÝSN
GETUR ÁSTIN FYRIRGEFIÐ ALLT?
Höfundur: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Backmann
Leikstjórn: Marta Nordal
Leikmynd og búningar: Rebekka A. Ingimundardóttir
Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Tónlist: Elísabet Indra Ragnarsdóttir
Myndband: Frank Hall
Leikarar: Björn Ingi Hilmarsson, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Theodór Júlíusson, Víðir Guðmundsson, Sigurður Þórhallsson
Borgarleikhúsið
Áskriftarkort
8.900 kr.
Nú fá allir sér áskriftarkort í Borgarleikhúsið
Þú getur valið Fýsn sem kortasýningu í áskriftarkortum Borgarleikhússins.
Veldu fjórar sýningar af glæsilegri dagskrá leikhússins í vetur á aðeins 8.900 kr.
Ungt fólk og námsmenn fá kortið á hálfvirði með rausnarlegum stuðningi SPRON.
Sett upp í Reykjavík í samstarfi við
spron
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

> BARN Í VÆNDUM?

Keira Knightley kveðst íhuga að eignast barn, bara svo fólk hætti að spyrja hana hvort hún sé með átröskun. Leikkonan hefur fengið gagnrýni fyrir afar grannt holdafar og kveðst dauðleið á spurningum varðandi það. „Það er góð ástæða til að eignast barn. Þá hættir fólk að segja að ég sé með anorexíu,“ segir leikkonan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Í þremur bæjum á einu kvöldi

„Ég er fullur tilhlökkunar,“ segir Þórarinn Hannesson, sem ætlar í óvenjulega tónleikaferð í kvöld þegar hann spilar á þrennum tónleikum í þremur byggðarlögum. Með honum í för verða hljóðfæraleikararnir Guito Thomas frá Brasilíu og Daníel Pétur Daníelsson.

„Ég fæ svolítið geggjaðar hugmyndir og ég er einn af þeim sem reyna að láta þær verða að veruleika,“ segir Þórarinn, sem er uppalinn á Bíldudal en búsettur á Siglufirði. „Ég átti eitthvað af lögum í trúarlegum anda sem mig langaði að koma frá mér og þetta spratt út frá því.“

Tónleikaferðin ber yfirskriftina Ástin - Trúin - Lífið og verða fyrstu tónleikarnir í Ólafsfjarðarkirkju klukkan 19.30. Eftir það liggur leiðin í Knappstaðakirkju í Fljótum, elstu timburkirkju landsins, og dagskránni lýkur síðan með miðnæturtónleikum í Siglufjarðarkirkju klukkan 23.30.

„Ef vel tekst til er aldrei að vita nema við höldum þessu áfram og förum í nærsveitirnar. Þetta er dagskrá sem á við alla; ástin, trúin og lífið í gleði og sorg,“ segir Þórarinn, sem á að baki þrjátíu ára tónlistarferil. „Ég byrjaði þrettán ára gamall vestur á Bíldudal í skólahljómsveit. Síðustu tíu til fimmtán árin hef ég verið að koma eigin efni frá mér og flytja það og hef gefið út þrjá diska með eigin efni,“ segir hann.

Aðgangseyrir á tónleikana í kvöld er 1.000 krónur og munu þeir félagar spila í um klukkutíma á hverjum stað. - fb



**FULLIR TILHLÖKKUNAR** Frá vinstri: Daníel, Þórarinn og Guito sem ætla að halda þrenna tónleika í þremur byggðarlögum á einu kvöldi.



**UPPRUNALEGI TERMINATOR** Arnold lætur sjá sig á tökustað Terminator 4.

# Á tökustað

**Verður Arnold Schwarzenegger í nýju Terminator-myndinni, sem kemur út næsta sumar? Hann hefur alltént sést á tali við Christian Bale á tökustað myndarinnar og hefur það vakið grunsemdir manna á Empire og zimbio.com.**

**Flestir telja kappann þó fara með lítið hlutverk. Helst grunar menn að hann sjáist í felulhutverki, eða „cameo“, eða í honum heyrist yfir einhverju myndskeiðanna. Kannski vantaði Bale bara góð ráð. Langaði Arnold bara í heimsókn á kunnuglegar slóðir?**

**Ekkert hefur verið staðfest í þessum efnum en menn geta séð umræddan atburð á youtube og ályktað sjálfir hvað ríkisstjórinn er að gera.** - kbs

# Anita frumsýnir kærastann

**Myndin Journey to the Center of the Earth var frumsýnd í Laugarásbíói á miðvikudagskvöld. Myndin er byggð á sögu Jules Verne, Leyndardómar Snæfellsjökuls, og skartar íslensku leikkonunni Anitu Briem í einu aðalhlutverka. Anita mætti að sjálfsögðu á frumsýninguna og naut myndarinnar ásamt fjölskyldu og kærasta.**



Aníta brosti sínu blíðasta ásamt föður sínum, Gunnlaugi Briem, systurinni Katrínu Briem og kærastanum Dean Paraskevopoulos. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Edda Arnljótsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson leikarar voru brosmild ásamt sonum Jóhanns, þeim Krumma Kaldal og Jóhanni Kaldal.



Óli Hjörtur Ólafsson og Ýr Þrastardóttir voru glöð í bragði.



Afi Anítu og amma, þau Gunnlaugur Eggert og Hjördís Briem, létu sig ekki vanta á frumsýninguna.



**KIMI RECORDS** Plötufyrirtækið Kimi Records var stofnað fyrir einu ári.

# Frítt lag á ársafmæli Kimi

Í tilefni af eins árs afmæli plötufyrirtækisins Kimi Records ætlar það að gefa áhugasömum lagið Paul Is Dead af plötunni Montana með hljómsveitinni Retro Stefson sem kemur út hjá fyrirtækinu í næsta mánuði. Hægt er að nálgast lagið á síðunni kimirecords.net fram yfir helgi.

Kimi Records, sem er með bækistöðvar sínar á Akureyri, hefur gefið út fimm plötur hér á landi síðan það var stofnað og á næstu mánuðum er von á tveimur í viðbót. Dreifingararmur fyrirtækisins hefur stækkað með hverjum deginum og næst á dagskrá er platan Lettuce and Tomato með Hungry and the Burger, sem verður gefin út í takmörkuðu upplagi. Það er þó hægt að kaupa skífuna á síðunni kimi. grapewire.net á rafrænu formi í endalausu upplagi.


Hún er dauðvona og efst á óskalista hennar er að sofa hjá áður en hún deyr

„Falleg frásögn um líf og ótta, grimmd og fegurð.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Áhrifarík saga sem fólk á öllum aldri hefur gott af að lesa áður en það deyr. Því fyrr, því betra.“
Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf

„Falleg saga um ungt fólk.“
Gerður Kristný / Mannamál

„Snilldarbók um lífið og dauðann … vel skrifuð og ógleymanleg, bara frábær.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

ÞESSARI BÓK GLEYMIRÐU ALDREI




3. PRENTUN KOMIN
22 vikur á metsölulista

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# Big Lebowski-helgi

Áratugur er nú liðinn síðan gamanmynd Coen-bræðra, The Big Lebowski, kom út. Síðan þá hefur myndin notið sívaxandi fylgis og má segja að hálfgerður sértrúarsöfnuður hafi myndast í kringum hana.

Fjöldi Lebowski-hátíða hefur verið haldinn víða um heim þar sem fólk hefur mætt í skemmtilegum búningum, keppt í keilu, horft á myndina og drukkið Hvítan Rússa, uppáhaldsdrykk aðalsöguhetjunnar The Dude.

Hér á landi hafa tvær Lebowski-hátíðir hafa verið haldnar í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð og á þá síðustu, sem var haldin í mars, mættu fimmtíu manns. Annað kvöld verður haldin þriðja hátíðin, og sú önnur á þessu ári, á Bar Uno í Kópavogi.

„Þetta er minni útgáfa núna og er haldin vegna fjölda áskorana,“ segir skipuleggjandinn Svavar Helgi Jakobsson. „Við vorum að spá í að hafa tvær stórar hátíðir á hverju ári en fannst það kannski fullmikið. Þessi er svona rétt til að svala þorstanum núna.“

Svo skemmtilega vill til að önnur hátíð í anda Big Lebowski verður haldin í kvöld. Þá munu laganemar í Háskóla Reykjavíkur halda keilukvöld í Öskjuhlíð, þar sem afslappaður andi The Dude mun vafalítið svífa yfir vötnum. - fb



**THE DUDE** Áratugur er síðan Jeff Bridges lék The Dude, aðalpersónu The Big Lebowski, á eftirminnilegan hátt.



**AÐDÁENDUR** Svavar Helgi Jakobsson (til vinstri) og Ólafur Sverrir Jakobsson, skipuleggjendur hátíðarinnar í Kópavogi, bregða sér í hlutverk lata friðarsinnans The Dude.


Nýja Metallica
platan er komin!
METALLICA
DEATH MAGNETIC
the verve
Brian Wilson
Miley Cyrus
The Script
Jonas Brothers
Slipknot
NÝ TÓNLIST
Í SKÍFUNNI
Kringlunni
Laugavegi
Leifsstöð
S·K·Í·F·A·N

# Stærri rýming

**Það er alltaf gaman að skoða bíla. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag. Skoðaðu úrvalið, aftur og aftur. Skoðaðu fjármögnunina. Komdu bara í Brimborg í dag.**

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**



**Rýmingarafsláttur 340.000 kr.**

## Ford Galaxy Trend

2,0 beinskiptur 5 dyra
Fast númer TU677
Skrd. 9/2003. Ek. 91.000 km.
Verð áður 1.790.000 kr.
Rýmingarafsláttur 340.000 kr.
**Rýmingarverð 1.450.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 400.000 kr.**

## VW Jetta Comfort

2,0 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer YT654
Skrd. 4/2006. Ek. 34.000 km.
Verð áður 2.290.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
**Rýmingarverð 1.890.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 390.000 kr.**

## Ford Focus Trend

1,6 beinskiptur station
Fast númer TG339
Skrd. 12/2003. Ek. 90.000 km.
Verð áður 1.280.000 kr.
Rýmingarafsláttur 390.000 kr.
**Rýmingarverð 890.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 360.000 kr.**

## Volvo XC70

2,4 sjálfskiptur station
Fast númer YH858
Skrd. 11/2000. Ek. 143.000 km.
Verð áður 1.950.000 kr.
Rýmingarafsláttur 360.000 kr.
**Rýmingarverð 1.590.000 kr.**

**Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig**
**- farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.**
***Komdu í Brimborg***

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# Komdu í Brimborg í dag

# arsala

# á notuðum bílum



Rýmingarafsláttur 660.000 kr.

## Toyota Landcruiser 100

4,2 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer JH547
Skrd. 1/2004. Ek. 123.000 km.
Verð áður 5.550.000 kr.
Rýmingarafsláttur 660.000 kr.
**Rýmingarverð 4.890.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 420.000 kr.

## Hyundai Tucson

2,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer UX184
Skrd. 1/2005. Ek. 75.000 km.
Verð áður 2.410.000 kr.
Rýmingarafsláttur 420.000 kr.
**Rýmingarverð 1.990.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 510.000 kr.

## Chrysler Town & Country

3,8 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer AT933
Skrd. 1/2001. Ek. 184.000 km.
Verð áður 1.200.000 kr.
Rýmingarafsláttur 510.000 kr.
**Rýmingarverð 690.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 660.000 kr.

## Hyundai Trajet GLS

2,0 beinskiptur 5 dyra
Fast númer NO438
Skrd. 11/2004. Ek. 114.000 km.
Verð áður 1.650.000 kr.
Rýmingarafsláttur 660.000 kr.
**Rýmingarverð 990.000 kr.**

Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag.

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**

**100% fjármögnun**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Ísland sýnt í þrívídd

Prófessorinn Trevor Anderson heldur til Íslands með ungum frænda sínum, Sean, í rannsóknarleiðangur til að finna eldfjallamæli sem er uppi á Snæfellsjökli. Þegar til Íslands er komið fá þeir leiðsögumanninn, hana Hönnu Ásgeirsson, með sér í lið og finna loks mælinn. En við það lenda þau í stormviðri, sem leiðir til þess að þau lokast inni í helli og finna leið inn að miðju jarðar.

Segja má að Ísland fari með aðalhlutverkið í nýstárlegri aðlögun á bókinni Leyndardómar Snæfellsjökuls, eða Journey to the Center of the Earth eins og bókin heitir á ensku, eftir Jules Verne. Ekki er nóg með að hin íslenska Anita Briem fari með aðalhlutverk myndarinnar heldur eru 66° Norður, Icelandair og okkar fallega landslag í aukahlutverkum.

Þetta er í annað skiptið sem saga Vernes er kvikmynduð. Þótt nýja útgáfan sé önnur nálgun er drifkrafturinn og sögusviðið hið sama. Fyrri myndin er frá árinu 1959 þar sem þeir Pat Boone, James Mason og Pétur Rögnvaldsson fóru með aðalhlutverkin. Tæknibrellustjórnandinn Eric Brevig er hér við stjórnvölinn og er þetta hans fyrsta kvikmynd sem leikstjóri, en hann hefur árum saman starfað við brellur á stórmyndum.

Journey 3D er fyrsta leikna kvikmyndin sem styðst við nýja þrívíddartækni RealD (Real 3D), sem kvikmyndahús höfuðborgarsvæðisins eru nú byrjuð að bjóða upp á. Í teiknimyndinni Beowulf og tónlistarmyndinni U2 3D er notast við sömu tækni. Í raun er visst afrek að leikstýra jafn flókinni mynd á borð við þessa þar sem Brevig þarf að huga að öllum smáatriðum þegar kemur að þrívíddinni; hvað skal grípa athygli áhorfenda og hvernig skal útfæra það, og tekst Brevig það vel. Hann fær svo nokkur hasaratriði að láni úr Indiana Jones og Jurassic Park-myndunum.

Brendan Fraser notast við gamla takta sem virkað hafa í síðastliðnum þremur Mummy-myndum og maður kímir yfir kjánaskapnum. Anita fer ágætlega með hlutverk Hönnu og verður svo sannarlega gaman að fylgjast með stjörnunni okkar í draumasmiðjunni í Hollywood. Journey to the Center of the Earth 3D reynist vera hin fínasta fjölskyldumynd og yngri kynslóðin á eftir að hoppa og skoppa í sætunum af spennu og ánægju yfir þrívíddinni, sem er einmitt ætlunarverk aðstandenda.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**Leyndardómar Snæfellsjökuls**

Journey to the Center of the Earth 3D

Leikstjórn: Eric Brevig. Aðalhlutverk: Brendan Fraser, Anita Briem, Josh Hutcherson.

★★★

Skemmtileg fjölskyldumynd þar sem þrívíddartækni er notuð til hins ítrasta.

# Selur 10.000 plötur í Kolaportinu

Plötubásinn Lucky‘s Records í Kolaportinu stækkar við sig um helgina, en hann er einn fárra staða í Reykjavík þar sem má nálgast vínyl í einhverju magni.

„Ég er með hátt í þrjátíu þúsund plötur sem ég er að fara að selja, en verð með um tíu þúsund niðri í Kolaporti,“ segir Ingvar Geirsson, eigandi Lucky‘s records. Áður voru um fimm þúsund plötur í básnum.

„Ég er að fara að opna þrjá bása í viðbót á öðrum stað í portinu. Ég er með rosalega mikið af hip-hop, r‘n‘b, íslensku rokki, nánast allt. En það er helst að það sé ekki mikið af klassík eða metal.“

Sjálfur á hann um fimmtán þúsund plötur í fjórum herbergjum heima hjá sér.

Allar plötur á nýju básunum kosta fimm hundruð krónur eða minna.

**- kbs**



**LUCKY‘S STÆKKAR** Ingvar opnar nýjan bás með tíu þúsund vínylplötum.


SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DEATH RACE | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5:50 - 8:40 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 5:50 - 8:40 | VIP |
| THE MUMMY 3 | kl. 3:40 | 12 |
| STAR WARS | kl. 3:40 | L |
| WALL-E m/íslensku tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | L |
| SMART PEOPLE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |
| GET SMART | kl. 3:40 - 8 | L |
| WALL-E m/íslensku tali | kl. 3:40D | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 8 | 16 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| THE STRANGERS | kl. 10:20 | 16 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS | kl. 6 | L |
| MIRRORS | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 6 - 8 | L |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE ROCKER | kl. 8 | 7 |
| X-FILES | kl 10:10 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:50 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MIRRORS LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45–8–10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| MAMMA MIA SING-A-LONG | kl. 8 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 - 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 6 - 8 - 10.20 | 7 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY TO THE CENTER | kl. 6 - 8 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 10 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 8 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 - 650 KR. | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D - DIGITAL 3D | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 8 og 10 | 7 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR | kl. 4 og 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |

AUKAKRÓNUR



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midi.is

www.osk.is stendur fyrir sýningunni.

SYNGDU MEÐ

AÐSÓKNARMESTA MYND ÁRINS



18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM

VEITINGASALA OPIN

MAMMA MIA! THE MOVIE

ÖRFÁ SÆTI LAUS!

MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS

MIÐASALA OPNAR KL. 17.00 Í HÁSKÓLABÍÓI

SELMA & HANSA HITA UPP MANNSKAPINN ÁSAMT UNDIRLEIK

HÁSKÓLABÍÓ Í DAG 12. SEPTEMBER KL. 20.00



SparBíó Föstudag

SAMbio.is SAMBÍÓIN




| JOURNEY 3D | STAR WARS | WALL-E ísl. tal. | GET SMART | MAMMA MIA |
|---|---|---|---|---|
| kl. 3.40 í Álfabakka | kl. 3:40 í Álfabakka | kl. 3:40 í Álfabakka | kl. 3:40 í Kringlunni | kl. 5:50 á Selfossi |
| kl. 3.50 í Kringlunni | kl. 6 á Akureyri | kl. 3:40 í Kringlunni | | kl. 5:50 í Keflavík |



ALLTAF 750 kr. í bíó

ef þú borgar með KORTINU

Gildir í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna



Sæktu um á kaupthing.is/kortid

KAUPÞING Hugsum lengra

KORTIÐ

# NORDIC COUNCIL FILM PRIZE 2008

# KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐUR-LANDARÁÐS 2008

*FILM-EVENTS:*
*Sep. 13th – 14th, Reykjavik*
*Sep. 18th – 28th, Helsinki*
*Sep. 29th – Oct, 2th, Copenhagen*
*Oct. 4th – 5th, Oslo*
*Oct. 11th – 12th, Stockholm*

*Allar fimm tilnefndu myndirnar sýndar um helgina á vegum Græna ljóssins í Háskólabíói.*

**Laugardagur 13. september**
*kl. 16:00 Brúðguminn • Ísland*
*kl. 16:00 Heimili dökku fiðrildanna • Finnland*
*kl. 18:00 Fyrstu árin - Erik Nietzsche • Danmörk*
*kl. 18:00 Maðurinn sem unni Yngvari • Noregur*
*kl. 20:00 Þið sem lifið • Svíþjóð*

**Sunnudagur 14. september**
*kl. 16:00 Fyrstu árin - Erik Nietzsche - 1. hluti • Danmörk*
*kl. 16:00 Maðurinn sem unni Yngvari • Noregur*
*kl. 18:00 Þið sem lifið • Svíþjóð*
*kl. 18:00 Brúðguminn • Ísland*
*kl. 20:00 Heimili dökku fiðrildanna • Finnland*

*A unique chance to see all five nominated films in the cinema during the special Film Events taking place in all five Nordic capitals.*

**ALLAR MYNDIR SÝNDAR MEÐ ENSKUM TEXTA**
**MIÐASALA HAFIN Á MIÐI.IS**

norden — Nordisk Film & TV Fond

græna ljósið — HÁSKÓLABÍÓ — midi.is

**NORDICCOUNCILFILMPRIZE.COM**

**GRAENALJOSID.IS**

## > 1. deildin í kvöld, kveðjuleikur Hlyns

Næstsíðasta umferð 1. deildar karla í fótbolta fer fram í kvöld kl. 18. Baráttan á toppi og botni deildarinnar er hörð en ÍBV getur endanlega tryggt sér sæti í Landsbankadeild næsta sumar með sigri gegn KS/Leiftri á Siglufjarðarvelli. Baráttan um annað sætið er gríðarlega hörð á milli Selfoss og Stjörnunnar en Stjörnumenn eiga heimaleik gegn KA og Selfyssingar útileik gegn Fjarðabyggð. Það verður botnbaráttuslagur þegar Leiknismenn taka á móti Njarðvík en Njarðvíkingar, sem eru í fallsæti sem stendur, þurfa nauðsynlega á sigri að halda í leiknum til að eygja von um að halda sér í deildinni. Víkingsliðin frá Reykjavík og Ólafsvík mætast í Ólafsvík og Þór tekur svo á móti Haukum í kveðjuleik Hlyns Birgissonar á Akureyri og frítt er á völlinn að því tilefni.



# sport

sport@frettabladid.is

## RÓBERT GUNNARSSON: EINI ÍSLENDINGURINN Í GUMMERSBACH SAKNAR FÉLAGA SINNA NOKKUÐ

# Verst af öllu var að missa Alfreð frá okkur

Handknattleikskappinn og silfurdrengurinn Róbert Gunnarsson kom í talsvert breytt umhverfi hjá Gummersbach eftir Ólympíuleikana. Hinir þrír Íslendingarnir eru allir horfnir á braut og Róbert einn eftir. Guðjón Valur Sigurðsson gekk í raðir Rhein Neckar Löwen, Sverre Jakobsson fór til HK og Alfreð Gíslason tók við stjórnartaumunum hjá meistaraliði Kiel.

„Þetta eru eðlilega talsverð viðbrigði. Verst af öllu var samt að missa Alfreð frá okkur enda frábær þjálfari. Nýi þjálfarinn sem kemur frá Bosníu er talsvert öðruvísi þjálfari en Alfreð. Frekar mikið af gamla skólanum og hann lætur okkur æfa mikið og þess utan lengi. Það liggur við að maður megi hreinlega þakka fyrir að sjá fjölskylduna,“ sagði Róbert léttur þar sem hann var farinn út að borða með fjölskyldunni.

Gummersbach tapaði naumlega fyrir Flensburg á útivelli á miðvikudaginn. Miðað við þann leik verður Gummersbach í efri hluta deildarinnar enda að spila fínan handbolta og þar á meðal Róbert sem fór mikinn í leiknum.




„Við köstuðum sigrinum frá okkur. Það var alveg ferlegt. Annars lítur þetta ágætlega út hjá okkur. Alfreð var búinn að versla vel inn áður en hann fór og við erum með hörkumannskap,“ sagði Róbert, sem er að klára samninginn sinn við Gummersbach í vetur og hefur ekki tekið neina ákvörðun um framhaldið.

„Ég er bara nýkominn hingað í þetta nýja og breytta umhverfi. Ég mun taka mér drjúgan tíma í að skoða málin áður en ég tek einhverja ákvörðun um framhaldið. Við höfum komið okkur vel fyrir hér í Köln og því kemur vel til greina að spila áfram með Gummersbach,“ sagði Róbert. Engar samningaviðræður hafa átt sér stað um framhald en nýr þjálfari liðsins tekur eflaust ákvarðanir um slíkt þegar hann hefur verið einhvern tíma í starfinu.

„Ég get eflaust fengið nýjan samning hér vilji ég það. Gummersbach er eitt af fimm til sex bestu liðunum í deildinni og það er alveg klárt að ég ætla ekki að fara í lakara lið hér í Þýskalandi,“ sagði Róbert, sem útilokar ekki að fara til Spánar eða aftur til Danmerkur.



**CARRAGHER** Ekki hrifinn af vinnuveitendum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Carra um eigendur Liverpool:

## Vilja græða á félaginu

**FÓTBOLTI** Jamie Carragher fer ekki beint mjúkum höndum um mennina sem borga launin hans í ævisögu sinni. Carragher segir í bókinni að honum verði stundum flökurt að fylgjast með því hvernig Tom Hicks og George Gillett svíkja loforð og gera allt til þess að græða á félaginu.

„Við seldum Liverpool til tveggja miskunnarlausra viðskiptajöfra sem sáu Liverpool sem tækifæri til þess að græða peninga,“ segir Carragher en talið er að hvor þeirra sé búinn að græða um 100 milljónir punda á fjárfestingunni.

Bandaríkjamennirnir hafa ekki staðið við loforð um nýjan leikvang og ekki sett þá peninga í leikmannakaup sem talað var um.

„Þeir ætluðu greinilega ekki að kasta á glæ peningunum sem þeir höfðu unnið sér inn á fimmtíu árum. Þeir keyptu Liverpool því plön um byggingu nýs leikvangs gáfu þeim tækifæri til að græða ógrynni peninga,“ segir Carragher meðal annars. - hbg

# Kemur fólki ekkert við

**Grétar Rafn Steinsson vill ekkert segja til um hvaða hluti þurfi að laga í umgjörðinni hjá KSÍ. Leikmenn og landsliðsþjálfari hafa ekki hugmynd um hvað Grétar er að tala um. Þjálfarinn segir umgjörðina hjá KSÍ vera frábæra.**

**FÓTBOLTI** Það vakti talsvert mikla athygli að landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson skyldi gagnrýna KSÍ eftir tap Íslands gegn Skotum. Hann sagði í viðtölum að umgjörðin í kringum landsliðið mætti vera fagmannlegri en nefndi engin dæmi máli sínu til stuðnings.

Það vildi hann heldur ekki gera í gær þegar Fréttablaðið innti hann eftir svörum við því hvert hann væri nákvæmlega að fara með gagnrýni sinni.

„Ég ætla ekkert að tjá mig frekar um þetta. Ég vildi koma boltanum af stað og svo þarf að fara yfir þessa hluti. Við eigum eftir að ræða þetta betur og það er nægur tími til að laga þessa hluti fyrir næstu leiki. Annars kemur það öðru fólki ekkert við hvað það er sem þarf að laga,“ sagði Grétar Rafn, sem þó sá ástæðu til þess að hleypa málinu í loftið en kaus að fara aðeins með hálfkveðnar vísur.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra leikmenn landsliðsins í kjölfarið og spurði þá að því hvort þeir vissu hvað Grétar væri að tala um. Enginn þeirra sem Fréttablaðið ræddi við hafði hugmynd um hvað Grétar væri að tala um. Einn minntist þó á að hafa séð Grétar í hrókasamræðum við Gunnar Gylfason, yfirmann landsliðsmála, í matartíma daginn fyrir leik. Gat hann sér þess til að þeir hefðu verið að ræða þau mál sem Grétar vitnar til.

Landsliðsmennirnir sem Fréttablaðið ræddi við höfðu þess utan ekki yfir neinu að kvarta er varðar umgjörð í kringum landsliðið og furðuðu sig því nokkuð á því að Grétar væri að gagnrýna.

Sögðu að vel færi um þá er þeir væru undir verndarvæng KSÍ og að allur aðbúnaður væri í fínu lagi. Þeir hefðu þar af leiðandi ekki hugmynd um hvað Grétar væri að tala um.



**ENGIN RÖK OG ENGIN DÆMI** Grétar Rafn Steinsson vill ekkert segja hvað sé nákvæmlega að í umgjörðinni hjá KSÍ í kringum landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hafði heldur ekki hugmynd um hvert Grétar Rafn væri að fara. Hann hefði þó leitað svara við því hvað væri í gangi en hefði ekki enn fengið svör.

„Ég fæ eflaust skýrslu frá einhverjum fljótlega um það hvað sé í gangi. Annars veit ég ekkert hvað Grétar er að tala um og hef ekki enn heyrt í honum með málið. Mun þó væntanlega heyra í honum fljótlega,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær en hann hefur ekkert nema gott að segja um þá umgjörð sem KSÍ skapar landsliðinu.

„Ég get sagt það að umgjörðin í kringum landsliðið er algjörlega frábær og það er ekki yfir neinu að kvarta. Það er nákvæmlega allt gert fyrir okkur sem hægt er að gera og við fáum allt sem við biðjum um. Það er fjöldi manna sem stendur utan við liðið og þar eru allir að vinna frábæra vinnu,“ sagði Ólafur. henry@frettabladid.is



**FRÁBÆR** Hinn sautján ára Eyþór lenti í áttunda sæti í 400 metra skriðsundi á ÓL fatlaðra. MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

Ólympíuleikar fatlaðra:

## Eyþór áttundi

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Eyþór Þrastarson stórbætti árangur sinn í 400 metra skriðsundi á Ólympíuleikum fatlaðra í gærmorgun og lauk keppni í áttunda sæti, sem er frábær árangur hjá Eyþóri.

Hinn sautján ára gamli Eyþór keppir í flokki S-11 sem er skipaður alblindum keppendum. Eyþór synti á tímanum 5:11,54 mínútum í undanrásum, sem er mikil persónuleg bæting, en í úrslitasundinu synti hann á tímanum 5:15,63 mínútum. - óþ

Wenger um Walcott:

## Þetta var einstakt

**FÓTBOLTI** Theo Walcott er eftirlæti Englendinga eftir að hann skoraði frábæra þrennu gegn Króötum. Walcott er aðeins nítján ára og varð yngsti leikmaður sögunnar til þess að skora þrennu með enska landsliðinu.

Stjórinn hans hjá Arsenal, Arsene Wenger, reyndi að draga aðeins úr væntingum Englendinga til Walcotts í gær og benti á að hann myndi ekki skora þrennu í hverjum leik.

„Það sem gerðist verður að líta á sem undantekningu frá reglunni, þetta var einstakt og mun ekki gerast í hverjum leik. Jafnvel 25 eða 26 ára leikmenn skora aðeins þrennu einu sinni á landsliðsferlinum,“ sagði Wenger. - hbg

Mænan er ráðgáta
– hjálpumst að við að leysa hana

Taktu þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.

Hringdu núna:

904 1000 | 904 3000 | 904 5000

og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.

Síminn



Mænuskaðastofnun Íslands

STOÐIR
bakhjarl landssöfnunarinnar


Handboltaveislan heldur áfram
og nú mætast meistararnir
Arnar Pétursson
Fyrirliði Íslandsmeistara Hauka
Ólafur Haukur Gíslason
Fyrirliði bikarmeistara Vals
Kvenna
STJARNAN - FYLKIR
LAUGARDALSHÖLL - LAUGARDAG KL. 14:00
Karla
HAUKAR - VALUR
LAUGARDALSHÖLL - SUNNUDAG KL. 16:00
MIÐAVERÐ AÐEINS 500 KR. OG GILDIR MIÐINN Á BÁÐA LEIKINA
MEISTARAKEPPNI HSÍ
N1 DEILDIN
EIMSKIPS BIKARINN

> **Meryl Streep**

„Ég er ánægð með sjálfa mig. Mér líður vel og finnst ég vera frjáls og ég ætla ekki að láta mér líða illa yfir því að vera að eldast.“ Streep leikur í myndinni The Devil Wears Prada sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR ER SAMSETT ÚR UPPLIFUNUM ANNARRA

# *Sjálfsmyndin = mikilvægir atburðir í sjónvarpi*

Þegar minnst er atburðanna 11. september rennur upp fyrir manni að margar „stærstu stundir lífs manns“ hafa verið við skjáinn. Í dag er ekki spurt hvar maður var þegar Kennedy var skotinn heldur hvar maður var þegar Tvíburaturnarnir féllu. Svarið tengist alltaf sjónvarpinu. Hvernig fólk límdist við skjáinn þegar hið óhugsandi gerðist.

Eins sáu flestir landsmenn ólympíusilfrið afhent í sjónvarpi og Selmu vera hársbreidd frá því að vinna Eurovision á skjánum. Svo lifa skáldaðir atburðir eins og þegar Ross og Rachel hættu saman með Friends-kynslóðinni. Ég man þegar ég sá Spice Girls fyrst á MTV og myndbandið við Nancy Boy með Placebo. Eins lifir með mér þegar Kristján Ólafsson í Spaugstofunni þótti ganga of langt og þegar Magni komst í fjögurra manna úrslit í Rockstar Supernova. Fortíð mín, menningararfurinn, er að mestu byggð á sjónvörpuðu efni.



**STRÁKARNIR OKKAR** Handboltalandsliðið og allir sigrar þess eru sjónvörpuð upplifun fyrir flesta.

Það hljómar hörmulega. Að sjálfsmynd manns, jafnvel heillar þjóðar, byggist á upptöku af raunveruleikanum. Tungllendingin, Víetnamstríðið, Monicu-skandall Bills Clinton, draumaræða Martins Luther King Jr. og Óskarsverðlaunin, allt sjónvarpaðir hornsteinar bandarískrar menningarsögu. Fylling Hálslóns við Kárahnjúka, Skaftáreldar, svanakjóll Bjarkar, myndun Surtseyjar, útför Halldórs Laxness og ræður Vigdísar Finnbogadóttur mikilvægir kaflar í sögu allra þeirra sem horfðu, í sjónvarpinu.

Er saga okkar sjálfra stútfull af sjónvarpsefni? Okkar stærstu upplifanir eru vonandi ekki þær sem hafa komið til okkar í gegnum skjáinn en margar sjónvarpaðar stundir hafa sett mark sitt á okkur, að eilífu. Ef við skilgreinum okkur út frá upplifunum okkar, erum við þá að mestu leyti samsett úr miðluðum upplýsingum, atburðum einhverra annarra? Hver er staða heimsins ef menn geta sagt: ég = mikilvægir atburðir í sjónvarpi, þjóðarstolt = að fylgjast með sögunni í gegnum skjáinn?

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00 The Biggest Loser - lokaþáttur** SKJÁREINN



▶ **21.00 Bardaginn mikli** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.10 The Longest Yard** STÖÐ 2



▶ **21.30 American Dad** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.40 Taggart - Lifandi lík** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar** (24:26)

**17.47 Snillingarnir** (48:54)

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (19:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Útsvar** Spurningaleikur þar sem 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli.

**21.15 Úlfasumar** (Ulvesommer) Norsk verðlaunamynd frá 2003 um stúlku sem vingast við úlfynju og ylfing hennar og reynir að bjarga þeim frá bændum sem vilja þau feig. Aðalhlutverk: Julia Boracco Braathen, Jørgen Langhelle, Line Verndal og Samuel Fröler.

▶ **22.40 Taggart - Lifandi lík** (Taggart - Dead Man Walking) Skosk sakamálamynd um vaska sveit rannsóknarlögreglumanna í Glasgow sem fæst við snúið sakamál. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.

**23.50 Bölvun** (The Grudge) Japönsk hryllingsmynd frá 2004. Ung bandarísk kona í Tokyo kemur í hús sem haldið er dularfullri bölvun og lendir í glímu við yfirskilvitleg fyrirbæri. Aðalhlutverk: Sarah Michelle Gellar, Jason Behr, William Mapother, Clea DuVall, Grace Zabriskie og Bill Pullman.

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Lotta í Skarkalagötu**

**10.00 The Family Stone**

**12.00 The Devil Wears Prada**

**14.00 Days of Thunder**

**16.00 Lotta í Skarkalagötu**

**18.00 The Family Stone**

**20.00 The Devil Wears Prada** Andrea Sachs er ung og óreynd blaðakona sem fær vinnu sem aðstoðarstúlka Miröndu Priestly sem er bæði kröfuhörð og dyntótt og lætur Andreu heldur betur hafa fyrir því.

**22.00 Kingdom of Heaven**

**00.20 The Badge**

**02.00 The Football Factory**

**04.00 Kingdom of Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (147:300)

**10.15 Flipping Out** (7:7)

**11.05 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (35:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (36:114)

**14.35 Bestu Strákarnir** (7:50)

**15.05 Friends** (7:24)

**15.30 Friends** (8:23)

**15.55 Galdrastelpurnar** (25:26)

**16.18 Bratz**

**16.43 Nornafélagið**

**17.03 Dexter's Laboratory**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons 9**

**19.55 Beauty and The Geek** (8:13) Fjórði hópurinn af nördum og fegurðardísum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku og krúttkeppni.

**20.40 Ríkið** (4:10)

▶ **21.10 The Longest Yard** Adam Sandler leikur fallna íþróttastjörnu sem nær botninum þegar hann ekur drukkinn og lendir í fangelsi. Þegar fangelsisstjórinn, leikinn af Burt Reynolds, kemst að því hver er orðinn einn af föngum hans ákveður hann að stofna ruðningslið og fá stjörnuna til að stjórna því.

**23.00 A Little Thing Called Murder** Mynd byggð á sönnum atburðum um mæðginum sem fóru eins og pest um Bandaríkin, rændu, svindluðu og frömdu morð sem gekk gjörsamlega fram af bandarísku þjóðinni.

**00.35 Blow Out**

**02.20 The Greatest Game Ever Played**

**04.15 Swinging** (6:6)

**04.40 Beauty and The Geek** (8:13)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 - Ítalía** Bein útsending frá æfingum liðanna.

**11.55 Formúla 1 - Ítalía** Bein útsending frá æfingum liðanna.

**17.55 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**18.25 Inside the PGA**

**18.50 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.

**19.30 Ryder Cup í Wales** Magnaður þáttur þar sem stemningin fyrir Ryder Cup er byggð upp.

**20.00 Spænski boltinn** Fréttaþáttur þar sem farið er yfir leiki komandi umferðar.

**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.

▶ **21.00 Bardaginn mikli** Muhammad Ali og Joe Frazier mættust í bardaga í Maníla á Filippseyjum árið 1975 en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

**21.55 World Series of Poker 2008**

**22.50 Formúla 1 - Ítalía** Útsending frá æfingum liðanna.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 English Premier League 2008/09**

**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Manchester United, 02/03. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Tottenham - Everton, 02/03. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 English Premier League 2008/09**

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Nokia Trends** (e)

**19.45 America´s Funniest Home Videos** (e)

**20.10 Life Is Wild - Lokaþáttur** Það er komið að lokaþættinum og það gengur á ýmsu. Ljón ræðst á Art og Danny, og Jesse er ákveðinn í að halda heim til New York. Katie reynir að telja hann ofan af því og vera áfram með fjölskyldunni í Afríku.

▶ **21.00 The Biggest Loser - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Tvöfaldur úrslitaþáttur þar sem allir 50 sem hófu leikinn mæta aftur og sýna nýja útlitið. Þeir fjórir sem komnir eru í úrslit stíga á vigtina í síðasta sinn og í húfi eru 250 þúsund dollarar.

**22.30 The Eleventh Hour** (7:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð.

**23.20 Criss Angel Mindfreak**

**23.45 Swingtown** (e)

**00.35 Sexual Healing** (e)

**01.35 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**02.25 High School Reunion** (e)

**03.15 America´s Funniest Home Videos** (e)

**03.40 America´s Funniest Home Videos** (e)

**04.05 Jay Leno** (e)

**04.55 Vörutorg**

**05.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40
**Ríkið**



Þættirnir gerast á ótilteknum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, vinnutækin, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þá sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundagamni, vinnustaðarómantíkinni og svo er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi. Grínsnillingar Íslands eru hér samankomnir í þessum nýstárlega sketsaþætti: Eggert Þorleifsson, Þorsteinn Bachmann, Friðrik Friðriksson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sverrir Þ. Sverrisson, Auðunn Blöndal Kristjánsson, Víkingur Kristjánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Inga María Valdimarsdóttir.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Útsvar**
**Sjónvarpið kl. 20.15**

Spurningaþáttur þar sem 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli. Í fyrsta þætti vetrarins eigast við lið Álftaness og Fjarðabyggðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stjórna þættinum og dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Dyr standa opnar
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Eftirminnilegt sumar
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (14:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (15:260)
**17.00 Ally McBeal** (12:23)
**17.45 Skins** (2:10)
**18.30 American Dad** (6:16)
**19.00 Hollyoaks** (14:260)
**19.30 Hollyoaks** (15:260)
**20.00 Ally McBeal** (12:23) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Þættirnir unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma og fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 Skins** (2:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶**21.30 American Dad** (6:16) Teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**22.00 Las Vegas** (10:19) Enn fylgjumst við með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
**22.45 The Kill Point** (6:8)
**23.30 ReGenesis** (13:13)
**00.20 Twenty Four 3** (16:24)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Kristbjörg Kristmundsdóttir, Ellý Ármanns, Björk Jakobsdóttir.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri Þjálfunar.
**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama.

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Rabatten **12.20** Med livet i hænderne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** Deeds **21.00** Sudden Death **22.45** Boogie Listen

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.35** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Megafon **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Wummi **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen. Taggart **21.00** Kveldsnytt **21.15** Paralympics i Beijing **21.45** Peter Jöback - live på Oscarsteatern **22.45** Berserk til Valhall **23.15** Kulturnytt

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Veronica Mars **11.00** Paralympics 2008 **12.40** Plus **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Djursjukhuset **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Sahara **21.00** Paralympics 2008 **21.30** Kulturnyheterna **21.45** The I Inside **23.15** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það væri nærri lagi að spyrja hvað ég hlusta á þegar ég læri. Familjen, Aeroplane, Fred Falke, Gui Boratto og margt fleira er í uppáhaldi hjá mér. Annars var ég að horfa á Lost in Translation og mundi eftir því hversu ædisleg hljómsveit mér þykir My Bloody Valentine vera. Hún hefur mikið verið á fóninum síðan.“*

Jónas Margeir Ingólfsson laganemi.

# Djarfar auglýsingar valda usla

Nýlegar auglýsingar í Fréttablaðinu og á Vísir.is um Kynlífsbiblíuna sem Vaka-Helgafell gefur út særðu blygðunarkennd margra sem þær sáu. Kvörtunum rigndi yfir fyrirtækið 365 og var auglýsingunni á Vísir.is kippt snarlega út eftir aðeins eina og hálfa klukkustund í loftinu.

„Fólki finnst að það sé verið að birta alltof mikið af beru holdi,“ segir útgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson. „Þetta eru að mínu viti mjög sakleysislegar myndir og ekkert verri en sjást af fólki á sólarströndum.“

Í heilsíðuauglýsingu Fréttablaðsins sáust ber kvenmannsbrjóst, sem virðast hafa farið fyrir brjóstið á mörgum, en á Vísir.is voru lesendur spurðir út í kynlífshjálpartæki og nærbuxnaát, sem féll jafnvel enn verr í kramið. „Í auglýsingunni var spurt: „Hefur þú borðað nærbuxur?“, sem hefur víst að gera með tilvísun í bókina um að verið sé að framleiða buxur úr lakkrísefnum. Ég er ekki mjög vel að mér í innihaldi bókarinnar en þýðandinn, Bergsteinn Sigurðsson, kann betri skil á því,“ segir Jóhann Páll, sem er ekki undrandi á þessum hörðu viðbrögðum. „Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina þegar við höfum gefið út bækur um kynlífstengd efni og bækur Hugleiks Dagssonar að það fer iðulega allt á hliðina á miðlunum vegna kvartana úti í bæ. Ég hef grun um að þetta sé ákaflega fámennur en háværhópur sem stendur að baki þessu. En hann linnir ekki látum og má helst ekki sjá kvenmannsbrjóst,“ segir hann. Til stuðnings þessu má nefna að Kynlífsbiblían rauk beint á metsölulista þegar hún kom út og því ljóst að meirihluti Íslendinga tekur nýjum fræðibókum um bætt og lostafullt kynlíf algjörlega opnum örmum. - fb






**JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON** Jóhann Páll er síður en svo undrandi á hörðum viðbrögðum vegna Kynlífsbiblíunnar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hugga, **6.** hætta, **8.** grein, **9.** espa, **11.** guð, **12.** frækorns, **14.** sýna elliglöp, **16.** í röð, **17.** skjón, **18.** ennþá, **20.** grískur bókstafur, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fnæs, **3.** hvort, **4.** flutningaskip, **5.** temja, **7.** áleitinn, **10.** skel, **13.** angan, **15.** heimsálfa, **16.** húðpoki, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sefa, **6.** vá, **8.** fag, **9.** æsa, **11.** ra, **12.** sæðis, **14.** kalka, **16.** hí, **17.** mis, **18.** enn, **20.** pí, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** hvæs, **3.** ef, **4.** farskip, **5.** aga, **7.** ásækinn, **10.** aða, **13.** ilm, **15.** asía, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ingimundur Sigurpálsson.
2. Við Ísafjörð í Skutulsfirði.
3. Mike Pollock.

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið





**STÆRSTU ÞÆTTIRNIR Á SAMA TÍMA** Gamanþættirnir Dagvaktin á Stöð 2 og sakamálaþættirnir Svartir englar í Ríkissjónvarpinu verða sýndir á sama tíma á sunnudagskvöldum. **Pálmi Guðmundsson** sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 segir þessa ákvörðun RÚV gerða til að bregða fæti fyrir innlenda dagskrárgerð Stöðvar 2. **Þórhallur Gunnarsson** dagskrárstjóri RÚV segir alltaf hafa staðið til að Svartir englar yrðu sýndir á sunnudagskvöldum.

### PÁLMI GUÐMUNDSSON: DAGSKRÁ RÚV TIL HÖFUÐS STÖÐ 2

# SVARTIR ENGLAR Á DAGVAKT

„Ekkert í þessu kemur á óvart. Ríkissjónvarpið hefur stundað lengi að stilla fram einhverju til höfuðs dagskrá okkar. En sjálfsagt kann Þórhallur [Gunnarsson] einhverjar skýringar á þessu aðrar,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Stöð 2 hefur auglýst hraustlega að undanförnu eitt sitt helsta tromp í vetrardagskránni sem er Dagvaktin, framhald Næturvaktarinnar sem naut fádæma vinsælda í fyrra. Frumsýning 1. þáttar verður 21. september og er sýningartíminn sá sami og var á Næturvaktinni: Upp úr klukkan átta á sunnudagskvöldum. Nú spyrst að RÚV ætli að spila einu sínu helsta trompi hvað varðar innlenda dagskrárgerð – spennuþáttaröðinni Svörtum englum – á nákvæmlega sama tíma dags og viku og er frumsýning fyrsta þáttar 21. september. „Hversu augljóst getur þetta orðið?“ spyr Pálmi sem segist geta nefnt ýmis dæmi máli sínu til stuðnings en segir þetta blasa nú við. „Þórhallur er að stilla þessu fram til höfuðs okkar efni. Ríkissjónvarpið er að skipuleggja dagskrá sína eins og sjónvarpsstöð sem er í bullandi samkeppni og lifir á auglýsingum einum saman eins og þetta dæmi sannar. En ekki eins og ríkissjónvarp í eigu allra landsmanna sem vill að innlend dagskrárgerð njóti sín sem best,“ segir Pálmi.

„Já, er Dagvaktin á dagskrá á sunnudagskvöldum?“ spyr Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri innlendrar dagskrár Ríkissjónvarpsins. Hann segir af og frá að skipulagning dagskrár RÚV taki mið af dagskrá Stöðvar 2. „Alltaf hefur staðið til að sýna þetta svona. Engin breyting. Við höfum alltaf verið með íslenska og danska þætti á þessum tíma. Strax á eftir Evu Maríu.“ Þórhallur segir jafnframt að það stefni í að sunnudagskvöld verði gæðasjónvarpskvöld og óttast ekki samkeppnina. „Ég óttast enga samkeppni og vona að þetta verði skemmtilegur vetur fyrir alla þá sem horfa á sjónvarp,“ segir Þórhallur sem séð hefur Svarta engla og segir þetta dúndurþætti, frábærlega leiknir og útfærðir af Óskari Jónassyni sem leikstýrir en þættirnir byggjast á samnefndum krimma Ævars Arnar Jósepssonar. „Svo verða menn að athuga að það er fullt af fólki sem ekki nær Stöð 2. Við tökum ekki tillit til þess í dagskrársetningu hvað Stöð 2 er að gera.“ jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Niðurstöður síðasta málverkauppboðs Foldar í Súlnasalnum leiða í ljós nokkurt verðfall á íslenskri list. **Tryggvi P. Friðriksson** stóð vaktina með hamarinn í hönd og sló verk undir mati meðal annars eftir **Sverri Haraldsson** sem samkvæmt uppboðsskrá var ómerkt. Verkið var metið á 120 þúsund en fyrsta boð var 20 þúsund krónur. Tryggva þótti það lélegt grín en var bent á að myndin væri ómerkt. Tryggvi sagði viðkomandi að sá gæti farið til Péturs í Borg og fengið hana merkta. Voru fremur dræmar undirtektir við þessu hráslagalega gríni en myndin var slegin á 50 þúsund og kom það kaupanda þægilega á óvart að sjá að myndin var merkt.



Samkeppnisaðili Foldar, **Pétur Þór Gunnarsson** hjá Gallerí Borg, mun ekki hafa látið grátt gaman Tryggva P. Friðrikssonar á sig fá en stefnir þess í stað á að halda upp á fimmtugsafmæli sitt og konu sinnar, **Ernu Flygenring**, í kvöld í Gallerí Borg en þar mun stíga á svið **Rúnar Júlíusson**.



Tónleikaferð **Barða Jóhannssonar** og Bang Gang um Evrópu hófst í Sviss í gærkvöldi. Leikið verður á fjölda tónleika en hápunkturinn verður um miðjan október þegar Barði hitar upp fyrir Air í Frakklandi. - jbg/fb



# Íslensk hönnun á London Airwaves

Tónlistarhátíðin London Airwaves fer fram þar í borg 19. september næstkomandi. Þar kemur fram fjöldi erlendra hljómsveita auk íslensku sveitanna FM Belfast og Steed Lord. Þorsteinn Stephensen, eigandi Hr. Örlygs, segir undirbúning ganga vel. „Þetta fer langleiðina í að verða uppselt,“ segir Þorsteinn, en til sölu eru um fjögur þúsund miðar. Hann segir hátíðina hafa hlotið mikla umfjöllun í breskum fjölmiðlum. „Það þykir forvitnilegt að einhverjir frá Íslandi geri svona og mér sýnist þetta bara lofa góðu,“ segir hann.

Sara María Eyþórsdóttir og samstarfsfólk hennar í Nakta apanum mun halda til London í kringum hátíðina og kynna Breta fyrir apavarningi. „Við ætlum að sýna Lundúnabúum hvernig á að klæða sig,“ segir Sara og hlær við. „Við verðum með boli á borð við þá sem við höfum gert fyrir Iceland Airwaves. Ég hef verið í samstarfi við Jónsson & Le'Macks í því. Siggi Odds, sem er grafískur hönnuður hjá þeim, og var einmitt að vinna hjá mér í fyrra, hannaði lógóið sem er notað fyrir London Airwaves. Það er rosalega flott og það eru allir mjög spenntir fyrir þessu,“ útskýrir Sara, en bolirnir eru nú í framleiðslu.

Sara verður einnig með nýja boli fyrir Iceland Airwaves í október og hyggst láta framleiða þá fyrir sig líka. Hingað til hafa þeir allir verið handprentaðir. „Iceland Airwaves gekk næstum af mér dauðri í fyrra. Ég missti alveg af hátíðinni, því við vorum að prenta boli fram til fimm á nóttunni alla dagana,“ segir hún og hlær við. „Í ár látum við þess vegna framleiða hluta þeirra fyrir okkur, en verðum svo með handprentaða boli í takmörkuðu upplagi,“ segir hún. - sun



**NAKTI APINN TIL LONDON** Sara María og samstarfsfólk hennar í Nakta apanum heldur til London í kringum London Airwaves, en þar verða sérstakir hátíðarbolir til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# AUKATÓNLEIKAR 11. OKTÓBER

## MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00

SÍÐAST SELDIST UPP Á 20 MÍNÚTUM



# *Minningar* TÓNLEIKAR

## VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

Sérstakir gestir:
**Helena Eyjólfsdóttir og Þorvaldur Halldórsson**

10. OG 11. OKTÓBER • LAUGARDALSHÖLL

LANDSLIÐ SÖNGVARA · 10 MANNA HLJÓMSVEIT · KÓRAR · STRENGJASVEIT

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · BUBBI · DIDDÚ · EGILL ÓLAFSSON · LADDI
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · HELGI BJÖRNS · JÓNSI · KK
LAY LOW · PÁLL RÓSINKRANZ · RAGNHEIÐUR GRÖNDAL · STEFÁN HILMARSSON

VÍKING Léttöl | FK FJARÐARKAUP | BYLGJAN 989 | Miðasala á midi.is og á sölustöðum miða.is | bravó! Góðar stundir

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Pilsaþytur*

Eflaust eru íslenskir karlmenn ennþá að jafna sig á því þegar Einar Ágúst steig á sviðið í Eurovision um árið íklæddur pilsi. Stolt þjóðarinnar, sem hefur í aldaraðir sannfært sjálfa sig um að hér búi mestu karlmenni veraldar, særðist þetta kvöld og fáir hafa látið sjá sig í slíku fati síðan. Það vakti því talsverða athygli þegar Reykjavík fylltist af pilsklæddum karlmönnum í vikunni. Skotar voru komnir til að hvetja landsliðið sitt og kannski verður koma þeirra til þess að íslenskir karlmenn endurskoða afstöðu sína til kvenlegs búnings Einars því mennirnir í pilsunum rústuðu okkur í því tvennu sem okkur hefur löngum þótt hvað karlmannlegast; bjórdrykkju og fótbolta.

**ÞÓTT** samstaða þjóðarinnar í kringum silfurveisluna í Peking á dögunum hafi þótt stórkostleg hefur koma Skotanna ýtt okkur aftur niður á jörðina. Við kunnum svo sem að hrópa „áfram Ísland", en margt eigum við ólært þegar kemur að því að skapa réttu stemninguna. Skotarnir kunna þetta og skammast sín ekki vitund fyrir að vappa um nærbuxnalausir í sínum þjóðlegu búningum í ókunnugri borg. Það sást vart milli húsa í miðbænum fyrir köflóttum pilsum og barirnir voru svo smekkfullir að brosandi rauðbirkin andlit og pilsklæddir afturendar klesstust upp við rúðurnar. Hvert sem litið var mátti sjá Skota. Litla Skota, stóra Skota, fulla Skota, alls konar Skota. En eitt áttu þeir allir sameiginlegt. Þeir voru í skotapilsum, hver og einn einasti. Þvílík samstaða!

**SJÁLF** lét ég ekki sjá mig á vellinum en engu síður get ég fullyrt að þar var engin kona á upphlut né peysufötum. Ég þori að veðja að fyrir utan einstaka lopapeysur (sem eru kannski ekki svo íslenskar þegar allt kemur til alls) var þjóðlegasti fatnaður íslenska stuðningsliðsins flíspeysur frá 66 gráðum norður. Þetta er náttúrlega skandall og vanvirðing við þjóðararfinn. Hnésíðar ullarbrækur og háir sokkar að hætti forfeðranna hljóta að vera tilvalinn klæðnaður í kaldri stúkunni. Ég sá meira að segja í sjónvarpinu að Skotarnir höfðu tekið með sér sekkjapípur á leikinn. Hvar var íslenska langspilið?

**VIÐ** eigum langt í land. Íslendingarnir fylltu bekkina með gallabuxnaklæddum rössum og veifuðu í mesta lagi íslenskum fána með semingi. Nokkrir klæddu sig í fánalitina en engum hafði dottið í hug að draga fram svo mikið sem skotthúfu.

**ENDA** töpuðum við leiknum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 12. september, 256. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.43 | 13.24 | 20.03 |
| Akureyri | 6.25 | 13.09 | 19.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




Toyota - tilboðsstemning um helgina

Það verður mögnuð tilboðsstemning á Haustsýningu Toyota um land allt um helgina.

**Tilboðshorn með ótrúlegum sértilboðum**
**Bestu mögulegu fjármögnunarleiðir í boði**

**Taktu haustið með tilboði og aktu burt í nýjum Toyota.**

**Opið laugardag** kl. 12 –16 hjá öllum söluaðilum Toyota.
**Opið sunnudag** kl. 13 – 16 hjá Toyota Kópavogi.

***Athugið!** Nú er á ný hægt að beygja af Reykjavíkurvegi inná Nýbýlaveg þegar ekið er frá Hafnarfirði.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |